- Section 7.2. General provisions of Icelandic tax laws prevailing from time to time relating to tax returns and their due dates, assessment, reviews, reassessment, collection, due dates and payment and other settlement procedures of the tax laws in question and to protests and disputes arising in connection thereof, shall apply to Fjarðaál sf. and the Partners, except as provided herein.

## Article 8

**Government Taxes**

- Section 8.1. Fjarðaál sf. is registered in Iceland and will be a non-taxable entity in accordance with Act No. 75/1981 on Income Tax and Net Worth Tax. The Partners will be liable for tax pursuant to Act No. 75/1981. Notwithstanding eventual changes in the Act No. 75/1981 on Income Tax and Net Worth Tax, as amended, the Partners shall pay an income tax at the rate of eighteen percent (18%) with the following special provisions:
- (a) If the income tax rate applicable to limited liability companies in effect on the Permanent Delivery Date is lower than eighteen percent (18%), then such lower income tax rate shall apply to the Partners for the Initial Term and any extensions thereof. If, however, the income tax rate, as so lowered, is subsequently raised, during the Initial Term or any extension thereof, then such higher income tax rate shall apply to the Partners, but such rate shall never exceed eighteen percent (18%).
- (b) Fixed assets acquired by Fjarðaál sf. shall be classified according to Articles 32 and 38 of Act No. 75/1981. Depreciation shall be determined as provided for in Section 8.4. and Section 8.5. and Annex B to this Agreement.
- (c) Fjarðaál sf. shall be entitled to deduct from taxable income in any given year

rekstrartaps frá síðustu níu almanaksárum, svo sem frekar er kveðið á um í 8. tölulíð, 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981. Ef íslenskum fyrirtækjum verður almennt heimilað skv. lögum, áður en að umsömdum afhendingardegi rafmagns kemur, að draga slíkt tap frá skattskyldum tekjum vegna fleiri ára, skv. þessari mgr., skal sama frádráttarregla einnig gilda um Fjarðaál sf. Komi hins vegar til þess að frádráttarbærum árum verði fækkað á upphaflegum gildistíma sammingsins eða framlengingartíma hans, skal sú fækkun á frádráttarbærum árum gilda um Fjarðaál sf., en þó þannig að þau skulu aldrei færri en níu almanaksár.

8.2. Sameigendurnir skulu undanþegnir eignarskatti skv. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

8.3. Fjarðaál sf. og, ef við á, sameigendurnir skulu undanþegnir iðnaðarmálagjaldi skv. lögum nr. 134/1993, með áorðnum breytingum, og markaðsgjaldi skv. lögum nr. 160/2002, svo og öðrum eins eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kunna að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir iðnaðarmálagjaldið.

8.4. Á því ári sem nýjar eignir eru teknar í notkun, getur Fjarðaál sf. valið að fyrna þær eignir með hlutfalli árlegrar fyrningar í stað heils árs fyrningar eins og annars er kveðið á um í 33. gr. laga nr. 75/1981. Þrátt fyrir ákvæði 34. og 45. gr. laga nr. 75/1981 er Fjarðaáli sf. heimilt að fyrna eignir sínar þannig að ekki standi eftir niðurlagsverð.

8.5. Fjarðaáli sf. og, eftir því [sem] við á, sameigendunum, er heimilt að færa bókhald sitt í Bandaríkjadöllum svo sem lýst er í 13. gr. sammings þessa. Gengið skal vera opinbert gengi Bandaríkjadals gagnvart íslenskrí krónu eins og það er birt af Seðlabanka Íslands. Í því skyni að reikna út skattskyldan hagnað Fjarðaáls sf. og sameigendanna skulu ársreikningar umreiknaðir úr Bandaríkjadöllum í íslenskrar [íslenskar] krónur og tekur þá eftirfarandi gildi:

(a) Allar tekjur og gjöld á árinu skulu um-

the remaining net operating losses from the preceding nine calendar years as further stipulated in sub-paragraph 8, paragraph 1 of Article 31 of Act No. 75/1981. If Icelandic companies in general will be permitted by law before the Permanent Delivery Date to deduct such from taxable income for a greater number of years, subject to this paragraph, such new deduction rule shall also apply to Fjarðaál sf. If, however, the number of deductible years is subsequently reduced during the Initial Term and any extensions thereof, then such reduced number of deductible years shall apply to Fjarðaál sf., but shall never be less than nine calendar years.

Section 8.2. The Partners shall be exempt from Net Worth Tax under paragraph 1 of Article 84 of Act No. 75/1981, as amended.

Section 8.3. Fjarðaál sf. and, if applicable, the Partners, shall be exempt from the Industrial Charge under Act No. 134/1993, as amended, and the Market Charge under Act No. 160/2002, as well as any identical or substantially similar taxes or charges which might be imposed subsequently in addition to, or in place of the Industrial Charge.

Section 8.4. In the year when new assets are taken into operation, Fjarðaál sf. can elect to depreciate those assets with a proportional factor of the annual depreciation instead of full years depreciation as otherwise provided for in Article 33 of Act No. 75/1981. In spite of the provision of Article 34 and 45 of Act No. 75/1981 Fjarðaál sf. is allowed to depreciate its assets down to no residual value.

Section 8.5. Fjarðaál sf. and, when appropriate, the Partners may record their transactions using the USD currency as stated in Article 13 of this Agreement. The rate of exchange shall be the official exchange rate of the USD to ISK as published by the Central Bank of Iceland. For the purpose of calculating the taxable profit of Fjarðaál sf. and the Partners, the financial statements shall then be converted from USD to ISK giving effect to the following:

(a) Any income generated and expenses



reiknuð í íslenskar krónur annaðhvort á grundvelli daggengis eða mánaðargengis, skv. einhliða ákvörðun Fjarðaáls sf. Áskilið er þó að sú aðferð sem Fjarðaál sf. kys í upphafi verði frávika-laust notuð upp frá því.

- (b) Fyrningar skulu reiknaðar á grundvelli meðalmánaðargengis.
- (c) Eignir og skuldir og eigið fé skal umreiknað í íslenskar krónur á gengi 31. desember viðkomandi árs.
- (d) Hvers kyns endurmati á einstökum liðum í íslenskum krónum vegna breytinga á gengi Bandaríkjadals gagnvart íslenskri krónu, sem afleiðing þess að ársreikningar eru umreiknaðir úr Bandaríkjadöllum í íslenskar krónur samkvæmt liðum (a), (b) og (c), skal bætt við eða dregið frá eigin fé og engin áhrif hafa á skattskyldar tekjur.

8.6. Þrátt fyrir ákvæði í 2. lið 1. mgr. 71. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, skal leggja á, og halda eftir, fimm prósent (5%) tekjuskatti á arð, sem úthlutað er til hluthafa Alcoa á Íslandi ehf. eða Reyðaráls ehf., sem búsettir eru í aðildarríki OECD, svo fremi sem að á þeim hluta skattárs greiðslufyrirtækisins fram að greiðsludegi arðsins og á öllu næstliðnu skattári (ef um það er að ræða) hafi að minnsta kosti tuttugu og fimm prósent (25%) af hlutafé greiðslufyrirtækisins verið í eigu fyrirtækisins sem þiggur greiðsluna.

8.7. Frádráttarbærni vaxtagjalda skal haldast óbreytt á upphaflegum gildistíma samningsins frá því sem er í lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum, á undirskriftardegi samnings þessa.

9. gr.

#### **Fasteignaskattar og gatnagerðagjald.**

9.1. Fjarðaál sf. skal greiða sveitarfélaginu 1,0% fasteignaskatt, sem sveitarfélagið leggur á allar byggingar, húsnæði og mannvirki sem Fjarðaál sf. á eða leigir og talin eru upp í viðauka C með samningi þessum.

incurred during the year shall be converted to ISK using either the daily exchange rate or the monthly exchange rate, as determined by Fjarðaál sf. in its sole discretion. Provided, however, that the method initially chosen by Fjarðaál sf. will be consistently utilized thereafter.

- (b) Depreciation shall be computed on the basis of the average monthly rates of exchange.
- (c) Assets and liabilities and equity shall be converted to ISK by using the exchange rate of 31 December of the year in question.
- (d) Any revaluation of individual items in ISK due to changes of the exchange rate between the USD and ISK as a result of converting the financial statements from USD to ISK according to a), b) and c) above shall be debited or credited to equity and shall not affect the taxable income.

Section 8.6. Notwithstanding paragraph 1, point 2 of Art. 71 of Act no 75/1981, on Income Tax and Net Worth Tax, an income tax of five percent (5%) shall be levied, and withheld from, dividends which are distributed to any shareholder of Alcoa á Íslandi ehf. or Reyðarál ehf. which is a resident in a OECD member state, so long as, during the part of the paying corporation's taxable year which precedes the date of payment of the dividend and during the whole of its prior taxable year (if any), at least twenty five percent (25%) of the share capital of the paying corporation was owned by the recipient corporation.

Section 8.7. The deductibility of interest expense shall remain unchanged during the Initial Term as it is under Act No. 75/1981 on Income Tax and Net Worth Tax, as amended, on the date of the signing of this Agreement.

Article 9

#### **Municipal Property Tax and Street Connection Fee**

Section 9.1. Fjarðaál sf. shall pay to the Township a property tax of 1,0% levied by the Township on all buildings, premises and facilities owned or leased by Fjarðaál sf. and listed in Annex C to this Agreement.

- 9.2. Heildarverðmæti slíkra bygginga, húsnæðis og mannvirkja, svo sem gert er ráð fyrir að þau verði á þeim degi þegar starfsemi verksmiðjunnar hefst, skal, að því er varðar þessa 9. gr., reiknast vera 255.000.000 Bandaríkjadalir. Heildarverðmætin eru þannig samsett að 250.000.000 Bandaríkjadala samsvara byggingum, húsnæði og mannvirkjum á lóðinni og 5.000.000 Bandaríkjadala samsvara byggingum, húsnæði og mannvirkjun [mannvirkjum] á hafnarsvæðinu.
- Section 9.2. The total value of such buildings, premises and facilities, as planned to exist on the date when the Plant operations commence, shall for the purpose of this Article 9 be deemed to be US dollars 255,000,000. Such total value consists of US dollars 250,000,000 for buildings, premises and facilities located at the Site, and US dollars 5,000,000 for buildings, premises and facilities located in the Harbour Area.
- 9.3. Verðmæti bygginganna, húsnæðisins og mannvirkjanna, að fjárhæð USD 255.000.000, sem myndar álagningarstofn til fasteignaskatts, sbr. 2. mgr. 9. gr., skal á umsömdum afhendingardegi rafmagns umreiknað í íslenskar krónur á meðalkaupgengi Seðlabanka Íslands á íslenskri krónu gagnvart Bandaríkjadal á fyrstu sex mánuðum þess árs sem umsaminn afhendingardagur rafmagns fellur. Ef meðalgengi íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal á tímabilinu frá desember 2002 til júlí 2007 er hins vegar meira en fimm prósentum (5%) hærra en meðalgengi íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal á fyrstu sex mánuðum þess árs sem umsaminn afhendingardagur rafmagns fellur, skulu aðilar eiga með sér viðræður í góðri trú til að ræða sanngjarna lausn á mismælinu.
- Section 9.3. The US Dollars 255,000,000 value of the buildings, premises and facilities subject to property tax, as set forth in Section 9.2., shall as of the Permanent Delivery Date be converted into Icelandic krona (ISK) based upon the average buying exchange rate of the Central Bank of Iceland between the Icelandic krona and the US dollar for the first six months of the year in which the Permanent Delivery Date occurs. If, however, the average exchange rate between the Icelandic krona and the US dollar for the period from December 2002 until July 2007 exceeds the average exchange rate between the Icelandic krona and the US dollar for the first six months of the year in which the Permanent Delivery Date occurs, by more than five percent (5%), the Parties shall meet in good faith to discuss an equitable resolution of such disparity.
- 9.4. Fasteignaskatturinn skal lagður á og innheimtur fyrir sérhvert ár af heildarálagningarstofninum í íslenskum krónum eins og hann er reiknaður skv. 3. mgr. 9. gr. og leiðréttur árlega miðað við breytingar á byggingavísitölu frá þeim mánuði sem umsaminn afhendingardagur rafmagns fellur.
- Section 9.4. The property tax shall be levied and collected for each year based on the Icelandic krona total value calculated in accordance with Section 9.3., as adjusted each year using the Icelandic Building Cost Index for the month in which the Permanent Delivery Date occurs as the basis for the calculation.
- 9.5. Fasteignaskatturinn skal aðeins lagður á frá umsömdum afhendingardegi rafmagns út þá mánuði sem eftir lifa af því ári, en síðan frá 1. janúar næsta árs eftir umsaminn afhendingardag rafmagns.
- Section 9.5. The property tax shall be levied only as from the Permanent Delivery Date for the remaining months of that year and thereafter from the 1st of January following the year of the Permanent Delivery Date.
- 9.6. Fasteignaskatturinn sem Fjarðaál sf. greiðir skv. 1.-5. mgr. 9. gr. kemur í stað fasteignaskatts skv. II. kafla laga nr. 4/1995, með áorðnum breytingum, um tekjstofna sveitarfélaga, svo og hvers kyns annarra sams konar eða efnislega svipaðra skatta sem síðar kynnu að vera lagðir á í stað fast-
- Section 9.6. The property tax Fjarðaál sf. shall pay in accordance with Sections 9.1.- 9.5. shall be in lieu of the property tax under Part II of Act No. 4/1995 as amended on Sources of Municipal Revenue as well as any identical or substantially similar tax which might subsequently be imposed in

eignaskatts. Fasteignaskatturinn skal lagður á og innheimtur á sama hátt og fasteignaskatturinn skv. II. kafla laga nr. 4/1995, eftir því sem við á í sveitarfélaginu.

- 9.7. Fjarðaál hf. [sf.] greiðir ekki gatnagerðagjöld skv. lögum nr. 17/1996 til sveitarfélagsins né heldur nokkurn annan skatt, þóknun eða gjald sem kynni að vera sett á í stað þeirra.

#### 10. gr.

##### **Byggingarleyfisgjald.**

- 10.1. Sveitarfélagið gefur út byggingarleyfi til Fjarðaáls sf. til byggingar verksmiðjunni og tilheyrandi mannvirkja á grundvelli skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
- 10.2. Almennt skipulag verksmiðjunnar og tilheyrandi mannvirkja skal koma fram í umsókninni um byggingarleyfi og skal það samrýmast byggingarreglugerðum sem við eiga um stór iðnaðarmannvirki.
- 10.3. Fjarðaál sf. skal greiða byggingarleyfisgjald vegna árlegrar framleiðslugetu allt að 322.000 tonnum, að jafngildi 400.000 Bandaríkjadala, eigi síðar en 30 dögum eftir að umsóknin er lögð inn af Fjarðaáli sf. skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

#### 11. gr.

##### **Innflutnings- og útflutningsgjöld.**

- 11.1. Innflutningur eða innkaup innanlands af hálfu eða fyrir hönd Fjarðaáls sf. á byggingarefnum, vélum og búnaði og öðrum fastafjarmunum og varahlutum í verksmiðjuna og á tilheyrandi mannvirkjum og rekstur þeirra skulu undanþegin íslenskum inn- og útflutningsgjöldum og vörugjöldum samkvæmt lögum nr. 97/1987, með áorðnum breytingum, sem og sams konar eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kynnu síðar að verða lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir ofangreind gjöld. Með samningum, sem gerðir eru innan ramma nefndra laga, er heimilt að veita undanþágu frá eða endurgreiða tolla og vörugjöld á vörum og þjónustu sem keypt er innanlands vegna byggingar verksmiðjunnar.
- 11.2. Fjarðaáli sf. verður veittur frestur til greiðslu á virðisaukaskatti á innflutning

place of the property tax. The property tax shall be levied and collected in the same manner as the property tax under Part II of Act No. 4/1995 as applicable in the Township.

- Section 9.7. Fjarðaál sf. shall not pay a street connection fee according to Act No. 17/1996 to the Township or any other tax, fee or charge which would be imposed in lieu thereof.

#### Article 10

##### **Building Licence Fee**

- Section 10.1. The Township will issue to Fjarðaál sf. a building licence for the construction of the Plant and appurtenant facilities pursuant to the Zoning and Building Act No. 73/1997.
- Section 10.2. The general layout of the Plant and appurtenant facilities shall be shown on the application for a building licence and shall comply with the building regulations applicable to large-scale industrial construction.
- Section 10.3. Fjarðaál sf. shall pay a building licence fee in respect of the annual production capacity of up to 322,000 metric tonnes equal to US dollars 400,000 no later than 30 days after submittance of application by Fjarðaál sf. pursuant to the Zoning and Building Act No. 73/1997.

#### Article 11

##### **Import and Export Duties**

- Section 11.1. The importation or domestic purchase by or on behalf of Fjarðaál sf. of construction materials, machinery and equipment and other capital goods and spare parts for the plant and of related facilities and the operation thereof shall be exempt from Icelandic customs duties and excise duties pursuant to Act No. 97/1987, as amended, as well as any identical or substantially similar taxes or duties which might subsequently be imposed in addition to, or in place of, such duties. By agreements entered into within the framework of that Act customs duties and excise duties on goods or services purchased within the country in respect of the construction of the Plant, may be waived or refunded.
- Section 11.2. Fjarðaál sf. will be granted deferral (customs credit) for VAT according to

(tollkrít) skv. lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, fram að gjalddaga fyrir endurgreiðslu vegna viðkomandi uppgjörstímabils. Með sama hætti skal veittur greiðslufrestur á virðisaukaskatti vegna kaupa á rafmagni.

- 11.3. Innflutningur eða innkaup innanlands af hálfu eða fyrir hönd Fjarðaáls sf. á hráefni, þ.m.t. málm til endurbræðslu, og aðföngum til framleiðslu, sem nauðsynleg eru til reksturs verksmiðjunnar og hafnaraðstöðunnar (svo sem þau eru skilgreind í hafnarsamningnum), svo og útflutningur framleiðsluvöru og nýttara efna frá Fjarðaáli sf. skulu ekki bera vörugjöld eða íslensk inn- eða útflutningsgjöld.

#### 12. gr.

##### Aðrir skattar og gjöld.

- 12.1. Stimpilgjöld, sem greiða bæri skv. lögum nr. 36/1978 um stimpilgjöld, skulu vera 0,15% af öllum stimpilgjaldsskyldum skjölum, sem Fjarðaál sf. eða sameigendurnir gefa út eða stofnað er til í tengslum við byggingu og rekstur verksmiðjunnar. Öll skjöl, er lúta að endurfjármögnun Fjarðaáls sf. eða sameigendanna, svo og framsal eignarhluta í félögum sameigendanna, skulu undanþegin stimpilgjöldum og hvers kyns sams konar eða efnislega svipuðum sköttum eða gjöldum er kynnu síðar að vera lögð á til viðbótar við eða í staðinn fyrir slík gjöld.
- 12.2. Fjarðaál sf. skal, þrátt fyrir 35. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 greiða sem eingreiðslu skipulagsgjald, sem nemur 150.000 Bandaríkjadöllum, vegna allt að 322.000 tonna árlegrar framleiðslugetu.
- 12.3. Ríkisstjórnin skal ekki leggja [á] nein gjöld eða skatta í tengslum við raforkukaup og/eða notkun Fjarðaáls sf. nema slík gjöld eða skattar séu almennt lagðir á önnur fyrirtæki á Íslandi, þ.m.t. önnur álver.
- 12.4. Fjarðaál sf. og sameigendur þess skulu undanþeginir ákvæðum 1. og 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

Act. No. 50/1988 on Value Added Tax on import until the payment of the refund for the respective clearing period is due. VAT on the purchase of electricity shall be deferred to the same effect.

- Section 11.3. The importation or domestic purchases by or on behalf of Fjarðaál sf. of raw materials including metal for remelt purposes and production supplies which are required for the operation of the Plant and Harbour Installations (as defined in the Harbour Agreement) as well as the export of the products and used materials of Fjarðaál sf. shall not be subject to any excise duties or Icelandic customs duties on imports or exports.

#### Article 12

##### Other Taxes and Charges

- Section 12.1. Stamp duties, to the extent payable according to Act No. 36/1978 on Stamp Duties, shall be 0.15 % on all stamp duty incurring documents issued or entered into by Fjarðaál sf. or the Partners in connection with the construction and operation of the Plant. All documents related to refinancing of Fjarðaál sf. or the Partners, as well as transfer of ownership interest in the Partners shall be exempt from stamp duties as well as any identical or substantially similar taxes or duties which might subsequently be imposed in addition to, or in place of, such duties.
- Section 12.2. Fjarðaál sf. shall irrespective of Article 35 of the Zoning and Building Act No. 73/1997 pay a one-time zoning fee of USD 150,000 in respect of the annual production capacity of up to 322,000 metric tonnes.
- Section 12.3. The Government shall not impose any charges or taxes related to electricity purchase and/or consumption by Fjarðaál sf. unless such charges or taxes are generally levied on other companies in Iceland, including but not limited to all other primary aluminum companies.
- Section 12.4. Fjarðaál sf. and the Partners shall be exempt from the provisions of sub-sections 1 and 4 of paragraph 1 of Article 14 of Act No. 146/1996 on Safety of electrical installations, Consumer utilities and Electrical equipment.

## 13. gr.

**Reikningsskilareglur.**

- 13.1. Ársreikningar Fjarðaáls sf. og sameigendanna, settir fram í Bandaríkjadöllum, skulu gerðir á grundvelli reikningsskilareglna, sem gefnar eru út af Alþjóðlegu endurskoðunarstaðlanefndinni, að því leyti sem þær ganga ekki gegn lögum á Evrópska efnahagssvæðinu um reikningsskil sem gilda um félög af sömu stærð og eðli og Fjarðaál sf. eða sameigendurnir, eftir því sem við á.
- 13.2. Fjarðaáli sf. og sameigendunum er heimilt að skrá öll viðskipti sín og gefa út ársreikninga sína í Bandaríkjadöllum, svo sem nánar er kveðið á um í þessari 13. grein og 5. mgr. 8. gr. samnings þessa.

## 14. gr.

**Endurskoðun skattafyrirkomulags.**

- 14.1. Á upphaflegum gildistíma þessa samnings (svo sem hann er skilgreindur í 2. mgr. 20 gr. [20. gr.] hér á eftir) er Fjarðaáli sf. og sameigendunum heimilt að velja þann kost að lúta almennum íslenskum skattalögum, sem í gildi eru hverju sinni. Beiðni um slíka breytingu skal lögð fram skriflega eigi síðar en 1. júní þess almanaksárs sem fer á undan því almanaksári sem breytingin á að taka gildi. Berist slík beiðni, skulu aðilar þegar ganga til samninga um breytinguna yfir í hið almenna skattakerfi skv. nefndum lögum. Aðilar skulu koma sér saman um aðferðir við framkvæmd slíkrar breytingar. Eftir það skal Fjarðaál sf. og sameigendurnir lúta þessum skattalögum það sem eftir er af gildistíma þessa samnings.

## 15. gr.

**Þjónusta sveitarfélagsins.**

- 15.1. Sveitarfélagið veitir Fjarðaáli sf. enga þjónustu nema samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi sveitarfélagsins og Fjarðaáls sf.

## 16. gr.

**Staða samninganna að lögum**

- 16.1. Ríkisstjórnin mun birta samning þennan í heild sinni í B-deild Stjórnartíðinda á íslensku og ensku til upplýsingar strax eftir undirritun hans af hálfu aðila. Birting samningsins skal ekki vera skilyrði fyrir

## Article 13

**Principles of Accounting**

- Section 13.1. The annual financial statements of Fjarðaál sf. and the Partners expressed in USD, shall be established on the basis of accounting principles issued by the International Accounting Standards Committee as far as they are not contrary to the EEA legislation of accounting applicable to companies of the size and character of Fjarðaál sf. or the Partners, as the case may be.
- Section 13.2. Fjarðaál sf. and the Partners may record all their transactions and issue their financial statements in USD as further set out in this Article 13 and Section 8.5. of this Agreement.

## Article 14

**Review of Tax Arrangements**

- Section 14.1. During the Initial Term (as hereinafter defined in Section 20.2.) of this Agreement, Fjarðaál sf. and the Partners may elect to be subject to general Icelandic tax laws as existing from time to time. A request for such a transition shall be made by way of written notice submitted not later than June 1 of the calendar year next prior to the calendar year when such a transition is to take effect. If such notice is given, the Parties shall promptly enter into negotiations on the transition to the general tax system according to the cited laws. The Parties shall agree on the transition procedures to accomplish such changeover. Thereafter, Fjarðaál sf. and the Partners shall be subject to these tax laws for the remaining term of this Agreement.

## Article 15

**Services of the Township**

- Section 15.1. The Township will not provide any services to Fjarðaál sf. unless the Township and Fjarðaál sf. mutually agree.

## Article 16

**Legal Status of Agreements**

- Section 16.1. The Government will publish this Agreement in its entirety in Part B of the Government Gazette of Iceland for purposes of information immediately following the signing thereof by the Parties, in both

gildistöku hans. Hið sama skal eiga við um hverjar þær breytingar sem aðilar kunna síðar að gera á samningnum í samræmi við ákvæði hans.

16.2. Samningur þessi, og aðrar skyldur aðila skv. samningi þessum, ganga þá fyrst í gildi þegar gefið hefur verið út starfsleyfi til Fjarðaál sf.

16.3. Samhliða undirritun þessa samnings gerir Fjarðaál sf. eftirtalda samninga við viðeigandi aðila:

- (a) Rafmagnssamninginn
- (b) Lóðarsamninginn
- (c) Hafnarsamninginn

#### 17. gr. Fyrirheit.

17.1. Ríkisstjórnin mun gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að Fjarðaál sf. og sameigendurnir njóti allra réttinda og hlunninda, sem samningur þessi veitir, og að engin ráðstöfun verði gerð er gæti takmarkað eða á annan hátt haft neikvæð áhrif á framkvæmd verkefnisins og starfsemi Fjarðaál sf. og sameigendanna.

17.2. Með undirritun samnings þessa ábyrgist ríkisstjórnin efndir á skuldbindingum og réttindum sveitarfélagsins samkvæmt samningi þessum og hafnarsjóðs eða hlutafélags í meirihluta eign sveitarfélagsins að því er varðar uppbyggingu og, eftir því sem við á, stækkun hafnarinnar samkvæmt hafnarsamningnum.

17.3. Með undirritun samnings þessa ábyrgjast sameigendurnir efndir á skyldum og réttindum Fjarðaál sf. samkvæmt samningi þessum að því er varðar byggingu og rekstur verksmiðjunnar.

17.4. Með undirritun samnings þessa viðurkennir Alcoa og staðfestir skyldur sem dótturfélög þess Fjarðaál sf., Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarálf ehf. takast á hendur samkvæmt samningi þessum. Hins vegar ábyrgist Alcoa engar fjárhagslegar skuldbindingar þessara dótturfélaga samkvæmt samningi þessum.

the Icelandic and English version. Such publication is not a condition precedent to the entry into force of the Agreement. The foregoing shall apply in the same manner to any amendments to this Agreement which may be subsequently made between the Parties in accordance with its terms.

Section 16.2. This Agreement, and the obligations of the Parties hereunder, shall only become effective upon issuance of the Environmental Operating License to Fjarðaál sf.

Section 16.3. In connection with the signing of this Agreement, Fjarðaál sf. is entering into the following agreements with the respective parties thereto:

- (a) The Power Contract
- (b) The Site Agreement
- (c) The Harbour Agreement

#### Article 17

##### Assurances

Section 17.1. The Government will take all steps necessary to ensure that the Fjarðaál sf. and the Partners enjoy all the rights and benefits conferred under this Agreement and that no undertaking will be made that would restrict or otherwise adversely affect the implementation of the Project and the operations of Fjarðaál sf. and the Partners.

Section 17.2. The Government by execution of this Agreement guarantees the performance of the obligations and rights of the Township under this Agreement and of the Harbour Fund or a limited liability company majority owned by the Township in relation to the construction and, if applicable, the expansion of the Harbour according to the Harbour Agreement.

Section 17.3. The Partners by execution of this Agreement guarantee the performance of the obligations and rights of Fjarðaál sf. under this Agreement in relation to the construction and operation of the Plant.

Section 17.4. Alcoa by execution of this Agreement acknowledges and affirms the obligations undertaken by its subsidiaries, Fjarðaál sf., Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarálf ehf., hereunder. Alcoa does not, however, undertake to guarantee any financial obligations of such subsidiaries hereunder.

## 18. gr.

**Lög sem gilda og deilumál.**

- 18.1. Um samning þennan og túlkun hans skal fara að íslenskum lögum. Ef annað er ekki sérstaklega tekið fram í samningi þessum skulu íslensk lög og reglugerðir gilda.
- 18.2. Sérhver deila, krafa eða ágreiningur, sem rísa kann vegna samnings þessa eða í tengslum við hann, þ.m.t. hvers kyns vafaatriði varðandi tilvist hans, gildi eða lok („deila“) skulu heyra alfarið undir lögsögu íslenskra dómstóla nema annar aðilinn kjósi að leggja deiluna í gerð, sbr. 3. mgr. 18. gr. hér á eftir, og tilkynni hinum aðilinum skriflega um það. Ef aðili höfðar mál fyrir dómstólum („málshöfðandi“) vegna deilu, en hinn aðilinn („gagnaðilinn“) vill fremur leggja deiluna í gerð, skal gagnaðilinn tilkynna málshöfðanda um það skriflega innan 30 daga frá því að honum er birt stefna. Strax eftir að honum hefur borist slík tilkynning skal málshöfðandi falla frá málshöfðun og skal þá deilan leyst með gerð.
- 18.3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 18. gr. hér að framan, má hvor aðili sem er vísa sérhverri deilu til Gerðardómsstofnunar Verslunarráðsins í Stokkhólmi til úrlausnar samkvæmt reglum þeirrar stofnunar svo sem þær eru í gildi á dagsetningu samnings þessa, en með vísan til regna þessara teljast þær hluti af þessari 3. mgr. 18. gr. Gerðardómurinn skal skipaður þremur gerðardómsmönnum og skal einn skipaður af málshöfðanda, annar af gagnaðila og hinn þriðji, sem skal vera formaður, skal skipaður sameiginlega af þeim tveimur gerðardómsmönnum sem skipaðir eru af aðilum. Ef málshöfðandi og/eða gagnaðili skipar ekki gerðardómsmann af sinni hálfu í kröfu sinni og svari (svörum) eftir því sem við á, skal hinn aðili gerðardómsmálsins eiga rétt á að leita til héraðsdóms Reykjavíkur um að skipa viðkomandi gerðardómsmann. Ef þeir tveir gerðardómsmenn sem aðilar skipa geta ekki komið sér saman um skipun þriðja gerðardómsmanns, skal hann skipaður af héraðsdómi Reykjavíkur að beiðni annars hvors aðila. Þriðji gerðardómsmaðurinn, hvernig sem hann er skip-

## Article 18

**Governing Law and Disputes**

- Section 18.1. This Agreement shall be governed by and construed in accordance with the law of the Republic of Iceland. Unless otherwise stipulated in this Agreement Icelandic law and regulations shall apply.
- Section 18.2. Any dispute, claim or difference arising out of or in connection with this Agreement, including any question regarding its existence, validity or termination (“Dispute”), shall be subject to the exclusive jurisdiction of the Icelandic courts unless a Party prefers to submit it to arbitration pursuant to Section 18.3. below and gives notice in writing to that effect to the other Parties. If a Party commences court proceedings (“the Claimant Party”) in respect of a Dispute and the opposing Party (“the Respondent Party”) prefers to submit the Dispute to arbitration, the Respondent Party must give notice to this effect to the Claimant Party in writing within 30 days of receiving the summons. Immediately after receiving the notice, the Claimant Party will discontinue the court proceedings and the Dispute will be resolved by arbitration.
- Section 18.3. Notwithstanding the provisions of Section 18.2. above, any Dispute may, at the instigation of a Party, be referred to and finally resolved in accordance with the arbitration rules of the Arbitration Institute of the Stockholm Chamber of Commerce as in force at the date of this Agreement, which rules are, subject to the provisions of this Section 18.3. deemed to be incorporated by reference into this Section 18.3. The Arbitration Tribunal shall consist of three arbitrators, one of whom shall be appointed by the Claimant Party, another by the Respondent Party and the third, who shall act as Chairman, jointly by the two party appointed arbitrators. If the Claimant Party and/or the Respondent Party do not appoint their arbitrator in their Request and Reply respectively, the other Party to the arbitration shall have the right to apply to the District Court of Reykjavík for it to appoint the relevant arbitrator. If the two party-appointed arbitrators cannot agree upon the appointment of the third arbitrator, he shall be appointed by the District Court of Reykjavík at the request of either Party.

aður, skal hvorki vera af sama þjóðerni og aðilar að samningi þessum, né af sama þjóðerni og einhver sameigendanna í Fjarðaáli sf., nema aðilar komist að samkomulagi um annað. Gerðardómsmenn skulu fullnægja hæfisskilyrðum 6. gr. laga um sammingsbundna gerðardóma nr. 53/1989. Gerðardómsmeðferð skal eiga sér stað í Reykjavík og fara fram á ensku.

- 18.4. Nú fellur gerðardómsmaður frá, sem upphaflega var skipaður af annaðhvort málshöfðanda eða gagnaðila, eða hann er eða verður óstarfhæfur, og skal þá gerðardómsmaður skipaður í hans stað af þeim aðila sem upphaflega skipaði hann. Ef aðilinn, sem upphaflega skipaði hann, skipar ekki gerðardómsmann í hans stað innan eðlilegs tíma, skal hinn aðilinn að gerðardómsmeðferðinni eiga rétt á að leita til héraðsdóms Reykjavíkur um að skipa staðgengil. Nú fellur þriðji gerðardómsmaðurinn frá, eða er eða verður óstarfhæfur, og skal þá gerðardómsmaður skipaður í hans stað af héraðsdómi Reykjavíkur ef gerðardómsmennirnir tveir, sem skipaðir voru af aðilum, geta ekki komið sér saman um staðgengil.
- 18.5. Aðilar skuldbinda sig hér með, að því er varðar gerðardómsmál sem höfðað er skv. 3. mgr. 18. gr. þessa sammings, að hlíta niðurstöðu gerðardómsins án tafar og afsala sér hvers kyns rétti til þess að áfrýja nokkru álitamáli um staðreyndir málsins eða lagaatriði að því marki sem hægt er að afsala sér slíkum rétti svo að gilt sé. Aðilar samþykka að úrskurðir, sem kveðnir eru upp varðandi gerðardómsmál, sem höfðað er skv. 3. mgr. 18. gr., séu endanlegir og bindandi fyrir aðila frá þeim degi sem þeir eru kveðnir upp.
- 18.6. Sérhver aðili sammingsins samþykkir almennt hvers kyns réttarúrræði eða birtingu stefnu í tengslum við málshöfðun gegn sér. Sérhver aðili afsalar sér hér með óafturkallanlega, að því marki sem lög heimila í lög sögu þeirri þar sem málshöfðun kann að eiga sér stað eða þar sem dómi eða gerðardómsúrskurði kann að vera framfylgt, að því er varðar hann sjálfan, tekjur hans og eignir (án tillits til notkunar þeirra eða áætlaðrar notkunar), allri friðhelgi á grundvelli fullveldis eða á öðrum svipuðum grundvelli að því er varðar;

The third arbitrator however appointed shall not be of the same nationality as that of the Parties to this Agreement, nor as that of any Partner in Fjarðaál sf., unless the Parties otherwise agree. The arbitrators shall meet the qualifications set out in Article 6 of Act No. 53/1989 on Contractual Arbitration. The arbitration proceedings shall be held in Reykjavík and shall be conducted in English.

Section 18.4. In the event that an arbitrator, originally appointed by either the Claimant Party or Respondent Party, dies, or is or becomes unable to act, a replacement arbitrator shall be appointed by the original appointing Party. If the original appointing Party does not appoint a replacement arbitrator within a reasonable time, the other Party to the arbitration shall have the right to apply to the District Court of Reykjavík for it to appoint the replacement arbitrator. In the event that the third arbitrator dies or is or becomes unable to act, a replacement arbitrator shall, in the absence of agreement by the two party appointed arbitrators, be appointed by the District Court of Reykjavík.

Section 18.5. The Parties hereby undertake, in relation to arbitration proceedings commenced under Section 18.3. of this Agreement to carry out any award of the Tribunal without delay and to waive their right to any form of appeal on any question of fact or law insofar as such waiver may be validly made. The Parties agree that awards issued in respect of an arbitration commenced under Section 18.3. are final and binding on the Parties as from the date they are made.

Section 18.6. Each of the Parties hereto consents generally to the giving of any relief or the issue of any process in connection with proceedings against it. Each of the Parties hereby irrevocably waives, to the fullest extent permitted by the law of any jurisdiction in which proceedings may be taken or any judgement or arbitral award enforced, with respect to itself and its revenues and assets (irrespective of their use or intended use), all immunity on the grounds of sovereignty or other similar grounds from;



- (a) birtingu stefnu eða annarra skjala er varða málshöfðun og hvers kyns friðhelgi frá lögsögu, málssókn eða dómsuppkvaðningu;
- (b) lögsögu sérhvers dómstóls þar sem leit að er fullnustu;
- (c) lögban, skipun um efndir *in natura*, eða endurheimt eigna;
- (d) fjárnámi eða kyrretningu á eignum; og
- (e) framkvæmd eða fullnustu hvers kyns dóms eða gerðardómsúrskurðar sem hann, tekjur hans eða eignir gætu annars þurft að þola.

Sérhver aðili samþykkir með óafturkræfum hætti, að því marki sem hann getur svo framkvæmanlegt sé, að hann muni ekki krefjast neinnar slíkrar friðhelgi.

18.7. Nú hefur gerðardómsmál skv. 3. mgr. 18. gr. verið höfðað, en eigi flutt, og upp kemur önnur deila milli aðila, sem einhver þeirra vill leggja í gerð, og eru aðilar þá sammála um að síðara málið skuli sameinað hinu fyrra.

18.8. Deilur milli Alcoa, Fjarðaáls sf., Alcoa á Íslandi ehf. og/eða Reyðaráls ehf. verða ekki leystar á grundvelli þessarar 18. greinar.

#### 19. gr.

#### Óviðráðanleg atvik (*Force majeure*).

19.1. Í samningi þessum eru óviðráðanleg öfl hér með skilgreind á þann veg að þau taki til ófriðar (hvort sem um yfirlýst stríð er að ræða eða ekki), styrjaldaraðgerða, hersetu, byltinga, uppreisna, borgarastyrjalda, óeirða, upphota, fjöldauppnáms, múgæsinga, sjóránsaðgerða, skemmdarverka, geislavirkni, farsóttu, sprenginga, eldsvoða, jarðskjálfta, eldgosa, storma, flóðbylgna, flóða, mikillar ísingar, þurrka, eldinga, sóttkvía, flutningsbanna, almennrar stöðvunar á flutningum eða siglingum, eða hvers kyns ámóta tilvika, sem ekki er unnt að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á með eðlilegum ráðum af hálfu þess aðila sem fyrir verður, og í þessu tilliti skulu óviðráðanleg öfl einnig taka til allsherjarverkfalla, staðbundinna verkfalla, viðskiptabanna, verkabanna eða ámóta vinnutruflana á Íslandi sem aðili sá, er fyrir slíku verður, hefur ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á þótt hann hefði beitt öllum eðlilegum ráð-

- (a) service of process or other documents relating to proceedings and any immunity from jurisdiction, suit or judgement;
- (b) jurisdiction of any Courts in which enforcement is sought;
- (c) relief by way of injunction, order for specific performance or for recovery of property;
- (d) attachment of its assets; and
- (e) execution or enforcement of any judgement or arbitral award to which it or its revenues or assets might otherwise be subjected.

Each Party hereby irrevocably agrees, to the fullest extent it may effectively do so, that it will not claim any such immunity.

Section 18.7. If an arbitration under Section 18.3 has been commenced, but not yet argued, and a subsequent Dispute between the Parties arises for which any Party desires to invoke arbitration, the Parties agree that such subsequent Dispute will be joined to the existing arbitration.

Section 18.8. Disputes among Alcoa, Fjarðaál sf., Alcoa á Íslandi ehf. and/or Reyðarál ehf. must not be resolved under this Article 18.

#### Article 19

#### Force Majeure

Section 19.1. For the purposes of this Agreement, Force Majeure is hereby defined to mean hostilities (whether or not a state of war is declared), warlike operations, military occupation, revolution, insurrection, civil war, riot, rebellion, civil commotion, mob violence, acts of piracy, acts of sabotage, radioactivity, plague, explosion, fire, earthquake, volcanic eruption, windstorm, tidal wave, flood, severe icing conditions, drought, lightning, quarantine, embargo, general suspension of transportation or navigation, or any similar event which is beyond the reasonable control of the Party affected and for said purpose Force Majeure shall also include general strikes, local strikes, boycotts, lock-outs or similar labour disturbances in Iceland which the Party affected could not, by taking all reasonable measures available to it have prevented or controlled, but only for such period as such Party shall remain unable to

um, sem honum voru tiltæk, en eingöngu um þann tíma sem aðilanum var ókleift að binda enda á ástandið með öllum raunhæfum ráðum sem honum voru tiltæk.

- 19.2. Eigi skal misbrestur eða aðgerðarleysi af hálfu aðila um að efna nokkra skuldbindingu sína samkvæmt samningi þessum teljast vanefnd á slíkri skuldbindingu, ef og að því leyti, sem misbresturinn eða aðgerðarleysið er af völdum óviðráðanlegra afla.
- 19.3. Sá aðili sem bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl samkvæmt þessari grein skal hafa sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra afla. Misbrestur eða aðgerðarleysi skal, að því er grein þessa varðar, því aðeins teljast vera af völdum óviðráðanlegra afla að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, sanni (a) að misbrestur hans eða aðgerðarleysi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 19. gr. hér að framan, og (b) að hann hafi sýnt hæfilega aðgæslu og gripið til allra annarra ráða, sem eðlileg mega teljast, til þess að forðast slíkan misbrest eða aðgerðarleysi.
- 19.4. Sérhver aðili samnings þessa skal án ástæðulausra tafa tilkynna hinum aðilunum um óviðráðanleg öfl sem valda misbresti eða aðgerðarleysi um að efna eigin skuldbindingar hans samkvæmt samningi þessum. Jafnframt skal sá aðili gera allar raunhæfar ráðstafanir til að minnka áhrif þessa misbrests eða aðgerðarleysis um að efna eigin skuldbindingar að fullu. Sá aðili sem ber fyrir sig óviðráðanleg öfl skal tilkynna hinum aðilunum þegar viðkomandi aðstæðum af völdum óviðráðanlegra afla er lokið og gera allar ráðstafanir, sem með sanngírni má telja í hans valdi standa, til að hefjast handa um að efna að nýju skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum með sem minnstum mögulegum tögum.

#### 20. gr.

##### Samningstími.

- 20.1. Samningur þessi tekur gildi þann dag sem aðilar undirrita hann, sbr. þó 2. mgr. 16. gr. Greinar samnings þessa nr. 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14 og 15. skulu, á umsömdum afhendingardegi rafmagns, teljast hafa tekið gildi afturvirkir frá þeim degi sem Fjarðaál sf. og Alcoa á Íslandi ehf. voru stofnuð og Reyðaráli ehf. var breytt í einkahlutafélag.

effect a termination thereof by taking all reasonable measures available to it.

- Section 19.2. No failure or omission by a Party to perform any of its obligations pursuant to this Agreement shall be considered a default in the performance of such obligations if and insofar as any such failure or omission is caused by Force Majeure.
- Section 19.3. The Party alleging the existence of Force Majeure for the purposes of this Article shall have the burden of establishing the existence of such Force Majeure. A failure or omission shall for the purposes of this Article be considered to have been caused by Force Majeure only if the Party so failing or omitting to perform can establish (a) that the failure or omission is the direct result of Force Majeure as defined in Section 19.1 above, and (b) that it has exercised due care and has taken all reasonable alternative measures to avoid such failure or omission.

- Section 19.4. Each Party hereto shall promptly give notice to the other Parties of Force Majeure causing any failure or omission in the performance of its own obligations under this Agreement. Such Party also shall make all reasonable efforts to mitigate the effect of its failure or omission to perform in full. The Party claiming Force Majeure shall give notice to the other Parties of the cessation of the relevant event of Force Majeure and shall, take all reasonable steps within its power to resume with the least possible delay the performance of its obligations under this Agreement.

#### Article 20

##### Contract Period

- Section 20.1. Subject to Section 16.2., this Agreement shall become effective on the date of signature by the Parties. Articles 7, 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14 and 15 of this Agreement shall, on the Permanent Delivery Date, be deemed retroactively to have become effective on the date of formation of Fjarðaál sf. and Alcoa á Íslandi

- 20.2. Samningur þessi gildir í tuttugu (20) ár frá umsömdum afhendingardegi rafmagns („upphaflegur gildistími“), sbr. þó 5. mgr. 20. gr., en fellur þá úr gildi eða framlengist í samræmi við 4. mgr. 20. gr.
- 20.3. Verði rafmagnssamningurinn af einhverjum ástæðum felldur úr gildi áður en upphaflegur gildistími rennur út, skal Fjarðaál sf. eiga þess kost hvenær sem er að segja samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til ríkisstjórnarinnar um uppsögnina.
- 20.4. Hvenær sem er meðan meira en eitt ár er eftir af upphaflegum gildistíma samnings þessa skv. 2. mgr. 20. gr. og rafmagnssamningurinn er enn í gildi, er Fjarðaáli sf. og sameigendunum heimilt, að framlengja samning þennan um tuttugu (20) ár til viðbótar með sömu skilmálum og skilyrðum, nema aðilar samþykki nýja skilmála og skilyrði. Ákveði Fjarðaál sf. og sameigendurnir að framlengja ekki samninginn ber þeim að tilkynna það skriflega til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en einu ári áður en upphaflegum gildistíma hans lýkur.
- 20.5. Gildistími samnings þessa skal framlengjast um jafnlangt tímabil og óviðráðanleg öfl vara samkvæmt einhverjum verkefnisamninganna.

## 21. gr.

**Gildir textar.**

- 21.1. Opinber tungumál samnings þessa skulu vera enska og íslenska, og skulu bæði málin teljast jafngild. Ef ósamræmi eða misræmi reynist milli hins enska og íslenska texta skal enski textinn gilda.

## 22. gr.

**Framsal.**

- 22.1. Réttindi og skuldbindingar samkvæmt samningi þessum skal enginn aðili geta framselt, flutt eða falið öðrum án samþykkis hinna aðilanna, og sérhvert meint framsal eða flutningur án slíks samþykkis skal vera ógildur og óvirkur með öllu. Ekki skal með ósanngjörnum hætti synja um slíkt samþykki eða draga það.

ehf. and on the date of transformation of Reyðarálf hf. into Reyðarálf ehf.

- Section 20.2. Subject to Section 20.5., this Agreement shall continue in force for twenty (20) years from the Permanent Delivery Date (“the Initial Term”), and shall then expire or be extended according to Section 20.4. of this Agreement.
- Section 20.3. If the Power Contract is terminated before the expiry of the Initial Term for any reason, Fjarðaál sf. shall have the option at any time to terminate this Agreement by giving the Government written notice of such termination.
- Section 20.4. At any time prior to one year before the end of the Initial Term of this Agreement pursuant to Section 20.2., Fjarðaál sf. and the Partners may, if the Power Contract is in effect, extend this Agreement for an additional period of twenty (20) years on identical terms and conditions, unless the Parties agree on new terms and conditions. If Fjarðaál sf. and the Partners decide not to extend the Agreement, they shall give notice thereof in writing to the Government not less than one year prior to the expiration of the Initial Term.
- Section 20.5. The term of this Agreement shall be extended by a period of time equal to the duration of an event of Force Majeure under any of the Project Agreements.

## Article 21

**Official Texts**

- Section 21.1. The official languages of this Agreement shall be English and Icelandic, each of which shall be equally authentic. In case of any inconsistency or conflict between the English and the Icelandic texts, the English language text shall govern.

## Article 22

**Assignment**

- Section 22.1. The rights and obligations under this Agreement shall not be assigned, transferred or delegated by any Party without the consent of the other Parties, and any purported assignment or delegation without such consent shall be void and of no effect. Such consent shall not be unreasonably withheld or delayed.

- 22.2. Hafi rafmagnssamningurinn verið fram-seldur er Fjarðaáli sf. og sameigendunum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 22. gr., að framselja samning þennan, og öll þau réttindi sem hann veitir, án samþykkis ríkisstjórnarinnar, (i) til fyrirtækis í eignar-tengslum við Alcoa sem er sjálfstæður skattaðili með aðsetur á Íslandi, (ii) til banka sem tryggingu fyrir hvers kyns fjár-mögnun sem tengist verkefninu, eða (iii) til Landsvirkjunar sem tryggingu fyrir skuld-bindingum Fjarðaáls sf. skv. rafmagns-samningnum. Ef gengið er að tryggingum skv. liðum (ii) eða (iii) hér að framan, samþykkir ríkisstjórnin framsal réttinda og skuldbindinga Fjarðaáls sf. og sameigend-anna, eftir því sem við á, samkvæmt samn-ingi þessum til fyrirtækis/fyrirtækja með aðsetur á Íslandi sem eignast hlutdeild Fjarðaáls sf. í verksmiðjunni í kjölfar þess að gengið er að tryggingunum.
- 22.3. Komi til framsals skv. 2. mgr. 22. gr. og fari ríkisstjórnin, bankarnir og/eða Landsvirkj-un fram á slíkt, skulu viðkomandi aðilar gera beinan samning þar sem staðfest eru réttindi bankanna og/eða Landsvirkjunar sem kveðið er á um í samningi þessum, þ.á m. réttur bankanna og/eða Landsvirkjunar til þess að framselja réttindi sín til annars aðila sem þeir tilnefna.

## 23. gr.

**Breytingar og endurskoðun.**

- 23.1. Samningi þessum verður aðeins breytt með skriflegum og lögformlega undirrituðum viðaukasamningi sem samningsaðilar gera með sér. Gerðar kunna að verða breytingar á viðauka A öðru hvoru með samkomulagi milli aðila í samræmi við skilmála hans.
- 23.2. Við gerð samnings þessa viðurkenna aðilar að ekki sé raunhæft að hyggjast setja fram ákvæði um hvernig bregðast skuli við öllu því sem upp getur komið á gildistíma hans. Lýsa aðilar yfir þeim ásetningi sínum að samningnum verði beitt með sanngirni í skiptum þeirra og án þess að hagsmunir annars hvors þeirra bíði tjón af, þegar tek-ið er tillit til þess hvernig skipt er því hag-ræði og þeirri áhættu sem af honum leiðir. Fari þó svo að óvenjulegir atburðir verði, sem aðilar höfðu ekki stjórn á, höfðu ekki leitt hugann að og ekki var með sanngirni

Section 22.2. Notwithstanding Section 22.1., if the Power Contract is assigned, this Agreement, and rights accruing hereunder, may be assigned by Fjarðaál sf. and the Partners without the Government's consent, (i) to an Alcoa Affiliate which is a tax-able entity with residence in Iceland, (ii) to Banks as security for any financing relat-ing to the Project or, (iii) to Landsvirkjun as security for Fjarðaál sf.'s obligations under the Power Contract. Upon enforce-ment of the security under (ii) or (iii) above, the Government shall consent to the transfer of Fjarðaál sf.'s, and the Partners', as the case may be, rights and obligations under this Agreement to any company(ies) with residence in Iceland which acquire(s) Fjarðaál sf.'s interest in the Plant as a result of such enforcement.

Section 22.3. In the event of an assignment pur-suant to Section 22.2, if requested by the Government, Banks and/or Landsvirkjun, the Parties involved shall enter into a direct agreement, confirming the rights of the Banks and/or Landsvirkjun as provided for in this Agreement and, inter alia, the rights of the Banks and/or Landsvirkjun to trans-fer their rights to any entity designated by them.

## Article 23

**Amendments and Review**

- Section 23.1. This Agreement may be amended solely by a supplemental agreement duly entered into in writing between the Parties. Annex A may be amended from time to time by agreement of the Parties in accor-dance with its terms.
- Section 23.2. In entering into this Agreement the Parties recognize that it is impractical to make provisions for every contingency which may arise during the course of this Agreement. The Parties declare it to be their intention that this Agreement shall be operated between them with fairness and without detriment to the interests of either of them, taking into account the allocation of benefits and risks ensuing from it. Should however the occurrence of extraor-dinary events beyond the control of the Parties, not contemplated and not reason-

unnt að ætlast til að þeir sæju fyrir, og slíkir atburðir raski jafnvægi samnings þessa í grundvallaratriðum og valdi þar með ósannigirni hvað snertir skiptingu hagræðis og áhættu milli aðila, munu aðilar eiga með sér viðræður í góðri trú og leita eftir megni samkomulags um breytingu á samningi þessum til að uppræta orsök eða orsakir slíkrar ósannigirni. Aðilar hafa sérstaklega samþykkt að til slíkra óvenjulegra atburða teljist m.a. allar grundvallarbreytingar innan áliðnaðarins og/eða hækkun eða lækkun á íslenski byggingavísitölu sem er umfram tuttugu og fimm prósent (25%) á fyrsta 5 (fimm) ára tímabilinu sem hefst á umsömdum afhendingardegi rafmagns og síðan á hverju 5 (fimm) ára tímabili. Fari svo að aðilar verði ekki ásáttir um að ósannigirni sé til að dreifa, eða um orsakir hennar eða afleiðingar, getur hvor þeirra um sig lagt þann ágreining í gerð eins og kveðið er á um í 3. mgr. 18. gr. samnings þessa.

- 23.3. Þrátt fyrir framangreint, getur enginn aðili borið fyrir sig ákvæði 2. mgr. 23. gr. fyrir 1. júlí 2015, né heldur oftari en einu (1) sinni á upphaflegum gildistíma samnings þessa eða oftari en tvisvar (2svar) á hverjum framlengingartíma skv. 4. mgr. 20. gr. í samningi þessum. Þrátt fyrir framangreint er aðilum heimilt að bera fyrir sig ákvæði 2. mgr. 23. gr. að því [er] varðar breytingar á byggingarvísitölu eftir hvert fimm (5) ára tímabil, talið frá umsömdum afhendingardegi rafmagns. Nánar tiltekið má fyrsta endurskoðun eiga sér stað árið 2012, þá 2017, 2022 og að lokum 2027.
- 23.4. Aðilar hafa samið um og samþykkt ákvæði þessarar 23. greinar í fullri vitneskju um ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, með áorðnum breytingum skv. lögum nr. 11/1986 og lögum nr. 14/1995. Ákvæði þessarar 23. greinar skulu koma í stað ákvæða 36. gr. nefndra laga.

#### 24. gr.

#### Tilkynningar.

- 24.1. Hvers kyns tilkynningar, sem áskildar eru eða heimilaðar samkvæmt samningi þessum, skulu sendar bréfleiddis eða með bréfsíma og staðfestar skriflega og teljast gild-

ably foreseeable by the Parties, fundamentally alter the equilibrium of this Agreement, thereby causing unfairness in the allocation of benefits and risks between the Parties, the Parties will meet and in good faith negotiate and use their best endeavours to agree upon an amendment to this Agreement to remove the cause or causes of such unfairness. The Parties have specifically agreed that such extraordinary events shall include, but not limited to, any fundamental change in the aluminum industry, and/or any increase or decrease in the Icelandic Building Cost Index which exceeds twenty five percent (25%) for the first 5 (five) year period starting from the Permanent Delivery Date and thereafter for each 5 (five) year period. In the event that the Parties are unable to agree as to the existence of such unfairness or as to the causes or effects thereof, such dispute may be referred by either Party to arbitration as provided in Section 18.3. of this Agreement.

- Section 23.3. Neither Party may invoke the provisions of Section 23.2. prior to July 1 2015 or more than one (1) time during the Initial Term of this Agreement or more than two (2) times during the extension period subject to Section 20.4. of this Agreement. Notwithstanding the foregoing, the parties may invoke the provisions of Section 23.2 with respect to changes in the Building Cost Index after every five (5) year period, starting from the Permanent Delivery date. Specifically, the first review may take place in the year 2012, then 2017, 2022 and finally 2027.
- Section 23.4. The provisions of this Article 23 have been negotiated and agreed in full knowledge by all Parties of the provisions of Article 36 of Act No. 7/1936 on Contracts, as amended by Act No. 11/1986 and Act No. 14/1995. The provisions of this Article 23 shall be in substitution of the provisions of Article 36 of said Act.

#### Article 24

#### Notices

- Section 24.1. Any notice required or permitted to be given hereunder shall be in writing or by telefax to be confirmed in writing and shall be valid and sufficient if dispatched

ar og fullnægjandi ef þær eru sendar með ábyrgðarflugpósti að greiddu burðargjaldi eða með bréfsíma og staðfestar í ábyrgðarflugpósti með eftirfarandi utanáskrift:

Til ríkisstjórnarinnar:

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti  
Arnarhvoli  
IS 150 Reykjavík  
Íslandi  
Bréfsími: +354 562 1289

Til Alcoa:

Alcoa Inc.  
201 Isabella Street  
Pittsburgh, PA, 15212  
USA  
Bréfsími: +1 (412) 553 4820

Til Fjarðaáls sf.:

Fjarðaál sf.  
Hallveigarstíg 1  
101 Reykjavík  
ÍSLANDI  
Bréfsími: +354 511 7901

Til Alcoa á Íslandi ehf.:

Alcoa á Íslandi ehf.  
Hallveigarstíg 1  
101 Reykjavík  
ÍSLANDI  
Bréfsími: +354-511-7901

Til Reyðaráls ehf.:

Reyðarál ehf.  
Hallveigarstíg 1  
101 Reykjavík  
ÍSLANDI  
Bréfsími: +354-511-7901

eða með annarri utanáskrift og/eða bréfsímanúmeri, sem viðkomandi aðili kann að tilkynna hinum aðilanum/aðilunum um með þeim hætti sem kveðið er á um hér að framan.

- 24.2. Þeir aðilar sem eiga rétt á að fá tilkynningar, sem áskildar eru eða heimilaðar samkvæmt samningi þessum, geta afsalað sér þeim rétti skriflega, annaðhvort fyrir eða eftir þann dag sem áskilið er eða heimilað að senda tilkynninguna.
- 24.3. Tilkynningar samkvæmt þessum samningi skulu teljast hafa verið veittar þegar tíu (10) almanaksdagar eru liðnir frá póstlagningu eða á næsta virka degi frá sendingu með bréfsíma, enda hafi í tilvikum þegar

by registered air mail, postage prepaid or by telefax to be confirmed by such registered mail, addressed as follows:

If to the Government:

Ministry of Industry and Commerce  
Arnarhvoli  
IS 150 Reykjavík  
Iceland  
Telefax: 354 562 1289

If to Alcoa:

Alcoa Inc.  
201 Isabella Street  
Pittsburgh, PA, 15212  
USA  
Telefax: 1 412 553 4820

If to Fjarðaál sf.:

Fjarðaál sf.  
Hallveigarstígur 1  
101 Reykjavík  
ICELAND  
Telefax: 354-511-7901

If to Alcoa á Íslandi ehf.:

Alcoa á Íslandi ehf.  
Hallveigarstígur 1  
101 Reykjavík  
ICELAND  
Telefax: 354-511-7901

If to Reyðarál ehf.:

Reyðarál ehf.  
Hallveigarstígur 1  
101 Reykjavík  
ICELAND  
Telefax: 354-511-7901

or to such other address and/or telefax number as the relevant Party may notify to the other Party(ies) in accordance with the above procedure.

Section 24.2. Notices required or permitted under this Agreement may be waived, in writing, by the Party entitled to receive the same either before or after the date on which notice is required or permitted to be given.

Section 24.3. Notices given as herein provided shall be considered to have been given ten (10) calendar days after the mailing thereof or the next following business day after dispatch if sent by telefax, provided that in

um símbréf er að ræða í raun borist staðfesting á tilkynningunni með ábyrgðarbréfi.

25. gr.

**Ýmis ákvæði.**

- 25.1. Samningur þessi skal undirritaður og afhentur af aðilum í þremur (3) eintökum, einu fyrir ríkisstjórnina og tveimur fyrir Alcoa, Fjarðaál sf. og sameigendurna saman. Sérhvert eintak telst frumrit og jafngilt hinum eintökunum.
- 25.2. Hver samningsaðili skal afhenda hinum aðilunum lögfræðilegar álitserðir á því formi sem aðilar komast að gagnkvæmu samkomulagi um.
- 25.3. Ríkisstjórnin hefur tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um skilmála og skilyrði þátttöku sinnar (þ.m.t. þátttöku ríkissjóðs, sveitarfélagsins og hafnarsjóðs) í verkefninu á grundvelli verkefnasamninganna. Samhliða undirritun samnings þessa skal ríkisstjórnin afhenda Alcoa, Fjarðaáli sf. og sameigendunum afrit af tilkynningunni og jafnframt upplýsa um niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA.
- 25.4. Fjarðaál sf. og sameigendurnir skulu við undirritun samnings þessa leggja fram afrit af sameignarsamningi Fjarðaáls sf. og afrit af samþykktum Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hefur samningur þessi verið undirritaður fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, Alcoa, Fjarðaáls sf. og sameigendanna þann dag sem í upphafi greinir, í þremur eintökum.

F.H. RÍKISSTJÓRNAR  
ÍSLANDS

Valgerður Sverrisdóttir  
Iðnaðarráðherra

F.H. ALCOA INC.  
Alain J.P. Belda  
CEO

F.H. FJARÐAÁLS SF.  
B. Michael Baltzell  
Director

the case of telefax the confirmation by registered mail is actually received thereafter.

Article 25

**Miscellaneous Provisions**

- Section 25.1. This Agreement shall be signed and delivered by the Parties in three (3) copies, one for the Government and two for Alcoa, Fjarðaál sf. and the Partners together. Each such signed and delivered copy shall constitute an authentic original of equal validity.
- Section 25.2. Each Party shall deliver to the other Party legal opinions in the form the Parties mutually agree on.
- Section 25.3. The Government has notified the EFTA Surveillance Authority of the terms and conditions of its involvement (including the involvement of the Treasury, Township and the Harbour Fund) in the Project through the Project Agreements. The Government shall concurrently with the signing of this Agreement provide a copy of such notification to Alcoa, Fjarðaál sf. and the Partners, and shall at the same time inform such Parties of the decision of the EFTA Surveillance Authority.
- Section 25.4. Fjarðaál sf. and the Partners shall concurrently with the signing of this Agreement table a copy of Fjarðaál sf.'s partnership agreement and copies of the by-laws of Alcoa á Íslandi ehf. and Reyðarál ehf.

IN WITNESS WHEREOF, this Agreement has been signed on behalf of the Government, Alcoa, Fjarðaál sf. and the Partners as of the date first above written, in three copies.

FOR THE GOVERNMENT OF  
ICELAND:

By: Valgerður Sverrisdóttir  
Minister of Industry

FOR ALCOA INC.  
By: Alain J.P. Belda  
Chairman & C.E.O.

FOR FJARÐAÁLS SF.  
By: B. Michael Baltzell  
Director

F.H. ALCOA Á ÍSLANDI EHF.  
B. Michael Baltzell  
Director

FOR ALCOA Á ÍSLANDI EHF  
By: B. Michael Baltzell  
Director

F.H. REYÐARÁLS EHF.  
B. Michael Baltzell  
Director

FOR REYÐARÁL EHF  
By: B. Michael Baltzell  
Director

Viðaukar:

Viðauki A – Meginreglur um viðskiptaskilmála og milliverð.

Viðauki B – Sundurliðun á varanlegum rekstrarfjármunum verksmiðjunnar og fyrningartafla.

Viðauki C – Lýsing á mannvirkjum.

Annexes:

Annex A – Arm's Length Principles and Transfer Pricing Guidelines

Annex B – Breakdown of Plant Fixed Assets and Depreciation Schedule

Annex C – Facility Description



**Viðauki A**  
**við fjárfestingarsamninginn.**

**Meginreglur um viðskiptaskilmála**  
**og milliverð.**

Til frekari skýringar hafa aðilar samþykkt eftirfarandi viðmiðunarreglur um viðskiptaskilmála og meginreglur um milliverð í skattalegu tilliti skv. 5. gr. samnings þessa.

**1. gr.** Rekstur verksmiðjunnar og öll fjármálaviðskipti Fjarðaáls sf. og sameigendanna í tengslum við hann skulu byggjast á (i) góðum reiknings-skilavenjum sem gilda um iðnfyrirtæki af sömu stærð og eðli og Fjarðaál sf. og (ii) hlutlægum viðmiðunum, þar sem við á og sambærilegum viðskiptum við þriðja aðila og/eða almennum upplýsingum sem lýsa viðskiptum milli óskyldra aðila að því er varðar öll viðskipti Fjarðaáls sf. og sameigendanna, þannig að fylgt sé eftirfarandi grundvallarreglum í öllum tilvikum:

- a) Vergar tekjur af sölu áls skulu byggjast annaðhvort á meðalstaðgreiðsluverði næstliðins mánaðar fyrir hágæðaál á London Metal Exchange („LME HG Cash“) með viðeigandi álagi fyrir gæði, eins og verðið er birt í ritinu Metal Bulletin, í kaflanum „Non-Ferrous Primary Metals, Base Metals“ eða á „Midwest“-verði eins og það er birt í Platts Metals Week undir yfirskriftinni „MW US Market“ í kaflanum „Major Metals“, eftir áfangastað. Verðið skal háð, en ekki takmarkast af, leiðréttingum fyrir tollum, flutningskostnaði, blöndu, gæðum og formi, svo og sambærilegum gjöldum eða álagi, ásamt leiðréttingum vegna sölu-kostnaðar eða annarri aðferðafræði sem samkomulag næst um, í þóknunarskyni fyrir slíka þjónustu í samræmi við gildandi venjur um viðskipti milli óskyldra [óskyldra] aðila.
- b) Tækni – Fjarðaál sf. verður þátttakandi í alþjóðlegum kostnaðarskiptasamningum Alcoa sem kveða á um að álverksmiðjur deili með sér eignarhaldi og kostnaði í tengslum við þróun áltækni.
- c) Þóknarir fyrir stjórnunaraðstoð eða aðra þjónustu verða innheimtar með þeim hætti sem tíðkast í sambærilegum alþjóðlega viðurkenndum viðskiptum milli óskyldra aðila í löndum OECD og í samræmi við ákvæði 2. gr. hér á eftir.
- d) Vextir skulu taka mið af láns hæfismati og eðlilegum fjármögnunarkostnaði og afborgunar-

**ANNEX A**  
**To the Investment Agreement**

**Arm's Length Principles and Transfer**  
**Pricing Guidelines**

For further clarification the Parties have agreed on the following guidelines regarding arm's length dealing and transfer pricing principles for taxation purposes pursuant to Article 5 of this Agreement:

**Clause 1.** The Plant operation and all related financial transactions of Fjarðaál sf. and the Partners shall be based upon; (i) generally accepted accounting principles applicable to industrial companies of the size and character of Fjarðaál sf., and (ii) objective standards, where appropriate and applicable third party comparables and/or publicly available data, reflecting arm's-length dealing with respect to all transactions of Fjarðaál sf. and the Partners, giving effect in all events to the following principles:

- a) Gross revenues from the sales of aluminum will be based on either the London Metal Exchange High Grade average cash price for the preceding month (“LME HG Cash”) price and applicable HG duty paid premium as published by Metal Bulletin in section Non-Ferrous Primary Metals, Base Metals, or Midwest price as published by Platts Metals Week under section Major Metals as “MW US Market”, based on the destination. Such price shall be subject to, but not limited by, adjustments for customs duty, freight, alloy, quality and shape, and other similar charges or premiums, as well as an adjustment for selling expenses or other agreed-upon methodology to compensate for such services consistent with current arm's length practices;
- b) Technology – Fjarðaál sf. will participate in Alcoa's global cost sharing agreements under which aluminum smelters share in the ownership and cost of developing aluminum technology;
- c) Fees for management assistance or other services will be charged as practiced in similar internationally recognized commercial, arm's length dealings within the OECD-countries and in accordance with the provisions of Clause 2 hereinafter;
- d) Interest rates will reflect the credit rating and normal financing costs and debt amortization

tíma fyrir Fjarðaál sf. og sameigendurna sem dótturfélög sem eru alfarið í beinni eða óbeinni eign Alcoa.

- e) Kostnaðarverð súrals sem Alcoa eða félög í eignatengslum við Alcoa útvega Fjarðaáli [sf.] greiðist skv. ákvæðum 3. gr. hér að neðan; og
- f) Kostnaður af forskautum (rafskautum) sem Alcoa eða félög í eignatengslum við Alcoa útvega Fjarðaáli [sf.] greiðist skv. ákvæðum 4. gr. hér að neðan; og

**2. gr.** Að því er varðar c-lið 1. gr. veita stjórn- deildir Alcoa eða félaga í eignatengslum við Alcoa Fjarðaáli [sf.] eftirfarandi þjónustu á kostnaðarverði (eða á kostnaðarverði með álagningu, eftir því hver veitir þjónustuna), í samræmi við opinberar reglur sem gilda um aðilann sem þjónustuna veitir:

- Sameiginlega fjármálaþjónustu (viðskipta- mannabókhald, launabókhald o.fl.)
- lögfræðiþjónustu
- alþjóðleg upplýsingakerfi
- starfsmannahald
- umhverfismál, öryggi og heilsuvernd á vinnu- stað
- innkaup
- fjármál (skattamál, innri endurskoðun o.fl.)
- stjórnun

Listinn er ætlaður til hliðsjónar en er ekki tæm- andi.

**3. gr.** Að því er varðar e-lið 1. gr., að því marki sem Alcoa eða fyrirtæki í eignatengslum við Alcoa útvega súrál til Fjarðaáls sf. skal verðið sem Fjarðaál sf. greiðir vera sem svarar vegnu meðalverði frá Alcoa til óskyldra aðila á viðkom- andi almanaksári.

- a) Þar sem Alcoa og fyrirtæki í tengslum við Alcoa eru stærstu söluaðilar súrals til óskyldra aðila, er vegið meðalverð sú viðmiðun sem gefur réttasta mynd varðandi verð til óskyldra aðila miðað við OECD og önnur opinber verð- viðmið, þar sem litið er á sambærilega eða frjálsa verðlagningu sem æskilegustu viðmið- un til að ákvarða milliverð.
- b) Vegið árlegt meðal milliverð Alcoa verður staðfest til ríkisstjórnarinnar í lok hvers árs af löggiltum endurskoðendum Alcoa, og skal það lagt til grundvallar af löggiltum endurskoð- anda, sem tilnefndur er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. í fjárfestingarsamningnum, sem skal hafa

schedules for Fjarðaál sf. and the Partners, as direct or indirect wholly owned subsidiaries of Alcoa;

- e) The cost of alumina supplied to Fjarðaál sf. by Alcoa or Alcoa Affiliates will be charged in accordance with the provisions of Clause 3 hereinafter; and
- f) The cost of anodes supplied to Fjarðaál sf. by Alcoa or Alcoa Affiliates will be charged in accordance with the provisions of Clause 4 hereinafter.

**Clause 2.** For the purposes of clause 1 (c), the following services will be rendered by adminis- trative departments within Alcoa or Alcoa Affiliates and charged to Fjarðaál sf. at cost (or cost plus a margin, depending on the provider), in accordance with governmental rules and reg- ulations applicable to the provider:

- financial shared services (A/R, A/P, payroll, etc.)
- legal
- global information systems
- human resources
- environmental health and safety
- procurement
- finance (tax, internal audit, etc.)
- business unit management

This list is illustrative and not intended to be all-inclusive.

**Clause 3.** For purposes of Clause 1 (e), to the extent that Alcoa or Alcoa Affiliates supply alu- mina to Fjarðaál sf., the price paid by Fjarðaál sf. will be the weighted average price charged by Alcoa to third party purchasers during such cal- endar year.

- a) As Alcoa and Alcoa Affiliates are the largest suppliers of alumina to third parties, the use of such weighted average price is the most representative arm's length price under OECD, and other governmental, transfer pric- ing policies which regard the use of such Comparable Uncontrolled Prices as the pre- ferred transfer pricing methodology.
- b) Alcoa's annual weighted average "transfer price" will be certified to the Government after the end of each year by Alcoa's inde- pendent public accounting firm, to be used by the independent public accountant appointed pursuant to Section 5.3. of the Investment

eðlilegan aðgang að bókhaldi Fjarðaáls sf. og sameigendanna á venjulegum vinnutíma í húsakynnum þeirra í þessu skyni.

- c) Komi til þess að sala frá Alcoa til óskyldra aðila fari niður fyrir eina milljón tonna á ári, skulu aðilar sameiginlega tilnefna sérfræðing um milliverðlagningu til þess að finna viðeigandi aðferð til að ákvarða kjör milli óskyldra aðila og tryggja að verðlagning milli fyrirtækja Alcoa samræmist grundvallarreglum OECD um viðskipti milli óskyldra aðila og viðeigandi opinberum viðmiðunarreglum um milliverð og skila greinargerð um nýjustu aðferðir sem tíðkast í þessum efnun.

**4. gr.** Gert er ráð fyrir að Fjarðaál sf. kaupi kolforskaut (rafskaut) frá óskyldum aðilum. Ef Fjarðaál kaupir hins vegar kolforskaut frá Alcoa eða félögum í eignatengslum við Alcoa, skal verðlagning í slíkum kaupum taka mið af árlegu meðalverði frá hinum óskyldu aðilum til Fjarðaáls sf., enda nemi slík kaup frá óskyldum aðilum a.m.k. 25% af heildarkaupum. Ef kaupin eru innan við 25%, skulu þau eiga sér stað á grundvelli sölusamnings um forskaut sem gerður er milli Alcoa eða fyrirtækis í eignatengslum við Alcoa og Fjarðaáls sf., sem hér segir:

- a. Verð forskautanna skal ákvarðað með verðlagningaraðferð sem gerir ráð fyrir að Alcoa endurheimti allan beinan og óbeinan kostnað og fái sanngjarnan arð af því fjármagni Alcoa sem notað er við framleiðslu forskautanna. Verðlagningaraðferðin skal byggjast á rannsókn sem gerð er af sérfræðingi um milliverðlagningu sem hefur þekkingu á ál- og kolaefnamarkaðnum.
- b. Verðlagningaraðferðin skal frágengin og samþykkt af aðilum svo fljótt sem við verður komið.
- c. Beinn og óbeinn kostnaður félagsins, sem milliverð forskautanna byggist á, skal staðfestur við ríkisstjórnina í lok hvers árs af lög-giltum endurskoðanda sem tilnefndur er af Alcoa og hefur eðlilegan aðgang að bókhaldi forskautaframleiðandans og skal hann lagður til grundvallar af endurskoðandanum sem tilnefndur er samkvæmt 3. mgr. 5. gr. í fjárfest-ingarsamningnum.

**5. gr.** Aðilar eru sammála um að forsendur þessa viðauka byggjast á upplýsingum sem í gildi eru á undirritunardegi samnings þessa og að þær

Agreement, and having reasonable access during normal business hours and at the entity's facilities to the books of Fjarðaál sf. and the Partners for this purpose.

- c) In the event that Alcoa's third party sales of alumina fall below one million tonnes per year, the Parties will engage a mutually agreed upon transfer pricing expert to determine an appropriate arm's length methodology to ensure that its inter-company prices are in compliance with arm's length principles under the OECD and appropriate governmental transfer pricing guidelines, and will provide contemporaneous documentation of such methodology to the Parties.

**Clause 4.** It is anticipated that Fjarðaál sf. will purchase carbon anodes from third parties. However, in the event that Fjarðaál sf. purchases carbon anodes from Alcoa or Alcoa Affiliates, the pricing for such purchases will be at the year's average third party price so long as such third party purchases account for at least 25% of the total purchased. If such purchases are below 25%, then such supply shall be concluded on the basis of an anode supply contract between Alcoa or Alcoa Affiliates and Fjarðaál sf. as follows:

- a. The cost of such anodes shall be determined using pricing formula that allows for the recovery to Alcoa of all direct and indirect costs and a reasonable return on the Alcoa capital employed in the production of such anodes. Such pricing formula will be based upon a study conducted by a transfer-pricing expert familiar with the aluminum and carbon industry.
- b. The anode pricing formula will be finalized and agreed upon between the Parties, as soon as practicable.
- c. The Company's direct and indirect costs, upon which the anode transfer price will be based, shall be certified to the Government after the end of each year by an independent public accountant appointed by Alcoa having reasonable access to the books of the anode producer, to be used by the independent public accountant appointed pursuant to Section 5.3. of the Investment Agreement.

**Clause 5.** The Parties recognize that the premises of this Annex A are based on assumptions in effect as of the date of this Agreement and may

kunni að breytast fyrir umsaminn afhendingardag rafmagns eða eftir hann. Aðilar skuldbinda sig til þess að endurskoða viðauka þennan á fjögurra ára fresti, hið minnsta, eða öðru hverju eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Að lokinni slíkri endurskoðun kunna aðilar að koma sér saman um að breyta viðaukanum ef þörf krefur, en hvort sem af slíku verður eða ekki skulu öll önnur ákvæði fjárfestingarsamningsins halda fullu gildi.

change prior to the Permanent Delivery Date or thereafter. The Parties commit to review this Annex A no less than every four years, or from time to time, as facts and circumstances warrant. After such review, the Parties may agree to amend the Annex, if necessary, but in any event, all other provisions of the Investment Agreement shall remain in full force and effect.

**Viðauki B við fjárfestingarsamninginn.****Sundurliðun á varanlegum rekstrarfjármunum verksmiðjunnar og fyrningartafla.**

1. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem Fjarðaál sf. mun eignast í tengslum við byggingu verksmiðjunnar, verða byggingar og vélar og búnaður.

Aðilar að fjárfestingarsamningnum hafa áætlað eftirfarandi hlutföll fyrir sérhvern flokk varanlegra rekstrarfjármuna til nota sem fyrningargrunn við álagningu skatta:

Byggingar . . . . . 22% af heildarbyggingarkostnaði  
 Vélar . . . . . 75% af heildarbyggingarkostnaði  
 Áhöld og tæki . . . . . 3% af heildarbyggingarkostnaði

Raunveruleg hlutföll ákvarðast af endanlegum byggingarkostnaði.

2. Innan sérhvers flokks framangreindra varanlegra rekstrarfjármuna skulu eftirfarandi fyrningarhlutföll gilda samkvæmt 38. gr. laga nr. 75/1981, með áorðnum breytingum:

<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>	<i>Áætlað hlutfall byggingarkostnaði</i>	<i>Fyrningarhlutfall</i>		<i>Skv. 1. mgr. 38. gr. laga, lið nr.</i>
		<i>Lágmark</i>	<i>Hámark</i>	
<b>Byggingar</b>				
Stjórnar- og starfsmannaaðstaða	3%	1%	3%	5.a
Vinnubúðir	1%	7,5%	10%	5.d
Aðrar byggingar	18%	3%	6%	5.b
<b>Vélar</b>				
Vélbúnaður	69%	5%	15%	3
Rafbúnaður	6%	10%	20%	4.b
<b>Áhöld og tæki</b>				
Ökutæki	2%	10%	20%	4.b
Önnur áhöld og tæki	1%	5%	15%	3

### Annex B to the Investment Agreement

#### Breakdown of Plant Fixed Assets and Depreciation

1. Fixed assets acquired by Fjarðaál sf. relating to the erection of the Plant will consist of building and machinery and equipment.

As a base for depreciation for tax purposes the Parties of the Investment Agreement have estimated the following proportions for each category of fixed assets:

Buildings . . . . .	22%	of total construction costs
Machinery. . . . .	75%	of total construction costs
Equipment. . . . .	3%	of total construction costs

Actual proportions will be determined by final construction costs.

2. Within each category of the above mentioned fixed assets the following depreciation rates will apply according to Article 38 of Act. No. 75/1981 as amended:

<i>Fixed assets</i>	<i>Estimated Percentage of constr.costs</i>	<i>Depreciation rates Min.</i>	<i>paragraph 1 Max.</i>	<i>Acc. to, Art 38 subparagraph No:</i>
		<b>Buildings</b>		
Administration and Personnel facilities	3%	1%	3%	5.a
Construction camp	1%	7,5%	10%	5.d
Other buildings	18%	3%	6%	5.b
		<b>Machinery</b>		
Mechanical installation	69%	5%	15%	3
Electrical installation	6%	10%	20%	4.b
		<b>Equipment</b>		
Mobile equipment	2%	10%	20%	4.b
Other equipment	1%	5%	15%	3

**Viðauki C við fjárfestingarsamninginn.****Lýsing á mannvirkjum.**

Í þessum viðauka C við fjárfestingarsamninginn er að finna samandregna lýsingu á helstu mannvirkjum sem reist verða innan lóðarinnar og hafnar svæðisins ásamt öðrum mikilvægum upplýsingum um þessi mannvirki sem lagðar eru til grundvallar við álagningu fasteignaskatts. Númer á mannvirkjum sem vísað er til í töflunum eru þau sömu og notuð eru í lóðarteikningunni frá Bechtel, dags. 21. ágúst 2002.

**1. Mannvirki á lóðinni (heildarvirði 250.000.000 Bandaríkjadalir).**

„Lóð“ merkir landsvæði að Mjóeyri sem lýst er í 1. mgr. 2. greinar lóðarsamningsins sem samanstendur af landsspildum frá býlunum Sómastaðagerði, Sómastöðum og Hrauni, þar sem verksmiðjan verður staðsett, eins og nánar er skilgreint og merkt inn á lóðarkortið.

Tafla 1 lýsir helstu mannvirkjum á landi sem byggð verða innan marka lóðarinnar.

**Tafla 1. Mannvirki sem byggð verða á lóðinni:**

Númer mannvirkis	Heiti mannvirkis	Lýsing	Stærð mannvirkis
100	Almennur lóðarundirbúningur	Jöfnun lóðar, sprengivinna, uppgröftur, sléttun yfirborðs, lækjahjáveitur, heflun, akvegir, bílastæði, regnvatnslagnir, lokajöfnun, girðing og landslagsvinna fyrir verksmiðjuna.	879.549 m <sup>2</sup>
310	Aðveitustöð	Tengivirki, afriðlar og yfirsveiflusúr	2.800 m <sup>2</sup>
320	Kerskálar	Tveir kerskálar, heildarlengd 1.090,2 m	32.000 m <sup>2</sup>
321	Kerskálar	Yfirbyggðir tengingar milli bygginga	10.948 m <sup>2</sup>
324	Bætt súrál - geymsla og meðhöndlun	Flúoríðblandað súrál. Fjögur síló	4 x 350 tonn
325	Mulið raflausnarefni - geymsla og meðhöndlun	Fjögur síló	4 x 125 tonn
326	Bætt súrál - geymsla og meðhöndlun	Flúoríðblandað súrál til að þekja raflausn í kerjum, fjórir geymar	4 x 35 tonn

### Annex C to the Investment Agreement

#### Facility description

This Annex C to the Investment Agreement includes a summary description of the main facilities to be built within the Site and the Harbour Land as well as other significant data for these facilities used as the basis for the municipal property tax. The facility numbers referred to in the tables are the same as in the site plan by Bechtel, dated August 21, 2002.

#### 1. Facilities on the Site (Total value 250,000,000 USD).

“Site” shall mean the area of land in Mjóeyri described in Section 2.1. of the Site Agreement and consisting of tracts of land from the farmland of Sómastaðagerði, Sómastaðir and Hraun on which the plant is to be located, as more particularly defined and outlined on the Site Map.

Table 1 describes the main land facilities to be built within the Site boundaries.

**Table 1. Facilities to be built on the Site:**

Facility number	Title of facility	Description	Size of facility
100	General Site Development	Site leveling, rock blasting, excavation, grading, stream diversion, finish grading, roads, parking lots, storm drainage, finish leveling, fencing and landscaping for plant.	879,549 m <sup>2</sup>
310	Substation	Main switchyard, rectifiers and harmonic filters	2,800 m <sup>2</sup>
320	Potline buildings	Two potline buildings, total length 1.090,2 m	32,000 m <sup>2</sup>
321	Potline buildings	Covered passage ways between buildings	10,948 m <sup>2</sup>
324	Fluorinated alumina storage and handling	Four bins	4 x 350 tonnes
325	Crushed bath storage and handling	Four bins	4 x 125 tonnes
326	Covering alumina - storage and handling	Four bins	4 x 35 tonnes



Númer mann-virkis	Heiti mannvirkis	Lýsing	Stærð mannvirkis
327	Tölvuver kerskála		1.500 m <sup>2</sup>
328	Ferskt súrál - geymsla og meðhöndlun	Tvö síló við kerskála	2 x 750 tonn
330	Gasmeðhöndlun í kerskála	Tvær þurrhreinseiningar og tveir 70 metra háir skorsteinar	
341	Þjónusta í kerskála	Skrifstofur, tölvuver og viðhaldsverkstæði	1.500 m <sup>2</sup>
344	Bygging fyrir deigluhreinsun		2.480 m <sup>2</sup>
345	Viðgerðarverkstæði kerþjónustubúnaðar	Viðhald kerþjónustubúnaðar	1.296 m <sup>2</sup>
346	Viðhaldsverkstæði	Viðhaldsverkstæði fyrir helsta kerbúnað	1.386 m <sup>2</sup>
349	Geymsla	Geymsla hættulegs úrgangs	250 m <sup>2</sup>
440	Skautsmiðja	Samsetning bakskauta, blöndun og geymsla á raflausnarefnum, geymsla og meðhöndlun forbakaðra forskauta, endurvinnsla skautleifa	4.128 m <sup>2</sup>
470	Vörubrettageymsla	Yfirbyggð geymsla fyrir skautgaffla með áföstum forskautum	5.555 m <sup>2</sup>
500	Steypuskáli	Vatnskælikerfi, ofnasvæði, steypusvæði, málmgeymsla, sorakæling	12.000 m <sup>2</sup>
600	Almenn þjónusta	Stjórnunar- og þjónustubýgging, rannsóknastofa, heilsugæslustöð, aðalhliðvarsla, aðalvörugeymsla, eldsneytisstöð, skrifstofur fyrir viðhalds- og verkfræðiþjónustu, aðalviðhaldsverkstæði, farartækjageymsla og viðgerðarverkstæði	7.650 m <sup>2</sup>
700	Veitustöðvar	Ýmis tengivirki fyrir rafmagn	3.020 m <sup>2</sup>
752	Vatnskerfi til eldvarna	Tankar, dælur og dreifilagnir	640 m <sup>2</sup>
753	Neysluvatnskerfi	Tankar, dælur og dreifilagnir	832 m <sup>2</sup>
755	Geymsla og dreifing eldsneytis	Dælustöð til geymslu eldsneytisolíu (1.000 m <sup>3</sup> ), díselolíu (150 m <sup>3</sup> ) og bensíns (100 m <sup>3</sup> )	

Facility number	Title of facility	Description	Size of facility
327	Potline computer room		1,500 m <sup>2</sup>
328	Fresh alumina storage	Two bins	2 x 750 tonnes
330	Potline gas treatment	Two dry scrubbers and two 70 meter high stacks	
341	Potline services	Offices, computer room and maintenance shop	1,500 m <sup>2</sup>
344	Crucible cleaning building		2,480 m <sup>2</sup>
345	PTM repair building	Pot Tending Machine maintenance	1,296 m <sup>2</sup>
346	Maintenance shop	Potline major equipment maintenance shop	1,386 m <sup>2</sup>
349	Storage	Storage of hazardous or dangerous waste	250 m <sup>2</sup>
440	Rodding shop	Cathode assembly, bath processing and storage, baked anode storage and handling, anode butt recycling	4,128 m <sup>2</sup>
470	Pallet storage	Covered storage for rodded anodes.	5,555 m <sup>2</sup>
500	Casthouse	Cooling water system, furnace area, casting area, product storage, dross cooling	12,000 m <sup>2</sup>
600	General services	Administration and services building, laboratory, medical and health center, main gatehouse, plant warehouse, fuel dispensing, maintenance and engineering offices, central maintenance shop, mobile equipment storage and repair	7,650 m <sup>2</sup>
700	Yard Utilities	Various electrical substations	3,020 m <sup>2</sup>
752	Fire Water System	Tankage, pumps and distribution piping	640 m <sup>2</sup>
753	Potable Water system	Tankage, pumps and distribution piping.	832 m <sup>2</sup>
755	Fuel storage and distribution	Tank farm for fuel oil storage (1.000 m <sup>3</sup> ), diesel fuel storage (150 m <sup>3</sup> ) and gasoline storage (100 m <sup>3</sup> )	

Númer mannvirkis	Heiti mannvirkis	Lýsing	Stærð mannvirkis
757	Þrýstiloftskerfi		616 m <sup>2</sup>
760	Iðnaðarvatnskerfi	Vatnsdælustöð til áfyllingar á kælikerfi fyrir málmsteypu og loftþrýstibúnað	830 m <sup>2</sup>
763	Fráveitu- og hreinlætiskerfi	Skolphreinsunarstöð	
764	Vatnsþró	Vatn úr regnvatnslögnum	19.200 m <sup>2</sup>
766	Eimunarbúnaður	Svæði fyrir eimunarbúnað	800 m <sup>3</sup>
767	Meðhöndlun regnvatns	Dælur, tankar, hreinsibúnaður o.s.frv.	
800	Meðhöndlun og geymsla hráefna	Geymsla og meðhöndlun súrális, tvö 60.000 m <sup>3</sup> geymslusló og geymsla og meðhöndlun álflúoríðs, fjórir geymslutankar, 80 tonn hver	2 x 60.000 m <sup>3</sup> 4 x 80 tonn

## 2. Mannvirki á hafnarsvæðinu (Heildarvirði 5.000.000 Bandaríkjadalir).

„Hafnarsvæðið“ merkir landsvæðið að Mjóeyri í Reyðarfirði þar sem höfnin verður staðsett, svo sem nánar er skilgreint og merkt inn á lóðarkortið.

Tafla 2 lýsir helstu mannvirkjum við höfnina sem byggð verða innan marka hafnarsvæðisins.

**Tafla 2. Mannvirki sem byggð verða á hafnarsvæðinu.**

Númer mannvirkis	Heiti mannvirkis	Lýsing	Stærð mannvirkis
210	Móttaka og meðhöndlun súrális	Sogdælulöndunar-búnaður, flutnings-búnaður og færíbönd, þ.m.t. kranabrautir og undirstöður	1.000 tonn á klst.
220	Olíumóttökustöð	Dælustöð til að taka við eldsneytisölu	400 m <sup>2</sup>
250	Móttaka og meðhöndlun ýmissa efna	Birgðageymslur, skrifstofur, geymslusvæði undir beru lofti	17.000 m <sup>2</sup>
270	Hliðvörslubygging og slökkvistöð		630 m <sup>2</sup>
275	Vigt fyrir flutningabíla		60.000 kg
285	Tengivirki á uppskipunarsvæði fyrir súrál		384 m <sup>2</sup>

Facility number	Title of facility	Description	Size of facility
757	Compressed Air System		616 m <sup>2</sup>
760	Process Water System	Pump station for makeup water to Casthouse and air compressor cooling system	830 m <sup>2</sup>
763	Sewage and sanitary System	Sewage Treatment Plant	
764	Retention Pond	Water from the storm drains	19,200 m <sup>2</sup>
766	Evaporator	Evaporator Feed Tank,	300 m <sup>3</sup>
767	Storm Water Treatment	Includes pumps, tanks, filter, clarifier, filter press etc.	
800	Raw Materials Handling and Storage	Alumina storage and handling, two 60.000 m <sup>3</sup> storage bins, and aluminum fluoride storage and handling, four bins at 80 tonnes each	2 x 60,000 m <sup>3</sup> 4 x 80 tonnes

2. **Facilities on the Harbour Area. (Total value 5,000,000 USD).**

“Harbour Area” shall mean the area of land at Mjóeyri in Reyðarfjörður on which the harbour will be located as more particularly defined and outlined on the Site Map.

Table 2 describes the main harbour facilities to be built within the Harbour Area boundaries.

**Table 2. Facilities to be built on the Harbour Area.**

Facility number	Title of facility	Description	Size of facility
210	Alumina receiving and handling	Suction unloader, transfer conveyor and belt conveyor including cranerails and foundations	1,000 tph
220	Oil receiving station	pump station for receiving fuel oil	400 m <sup>2</sup>
250	General Materials, receiving and handling	Warehouses, offices, open air storage area	17,000 m <sup>2</sup>
270	Port gate house and fire station		630 m <sup>2</sup>
275	Truck scale		60,000 kg
285	Alumina unloading area substation		384 m <sup>2</sup>

# REGLUR

## um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja.

### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

Reglur þessar gilda um eftirtalda aðila:

1. Fjármálafyrirtæki sem fengið hafa starfsleyfi samkvæmt 1.-3. og 5.-7. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þ.e. viðskiptabanka, sparisjóði, lána-fyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða.
2. Samstæður þar sem móðurfyrirtæki er eitthvert þeirra fyrirtækja sem nefnt er í 1. tölul.

Þeir aðilar sem taldir eru upp í 1. mgr. þessarar greinar nefnast fyrirtæki í eftirfarandi greinum.

##### 2. gr.

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Baktryggð staða (e. hedge position):* Staða í fjármálagerningum sem fyrirtækið hefur tekið til að tryggja sig gegn markaðsáhrættu eigna- og skuldaliða eða stöðu í afleiðum.

*Binditímaaðferð (e. Maturity based method):* Aðferð til að reikna vaxtaáhrættu fyrirtækis sem tekur mið af binditíma þeirra markaðsskuldabréfa sem eru í veltubók fyrirtækis. Binditími í þessu samhengi er binditími vaxtaþrósentu og telst hann vera sá sami og eftirstöðvatími bréfsins þegar um er að ræða skuldabréf með föstum vöxtum. Ef um er að ræða ákvæði í skuldabréfi um að vextir geti tekið breytingum fyrir lokagjalddaga þá skal miða við þann tíma sem er til þess dags að vextir verða ákvarðaðir að nýju. Sjá einnig *rauntímaaðferð*.

*Birgðafjármögnun:* Stöður þar sem áþreifanlegar birgðir hafa verið seldar framvirkt og kostnaður við fjármögnunina hefur verið frystur fram að dagsetningu framvirku sölunnar.

*Breytanlegt verðbréf (e. convertible security):* Verðbréf sem að vali eiganda er hægt að skipta fyrir annað verðbréf, oftast hlutabréf útgefanda.

*Delta stuðull valréttarsamnings:* Með delta stuðli valréttarsamnings er átt við áætlaða breytingu á virði valréttarsamnings sem hlutfall af minniháttar verðbreytingum á þeim undirliggjandi fjármálagerningum sem liggja til grundvallar valréttarsamningnum. Delta stuðull segir til um líkindi þess að valréttarsamningur hafi verðgildi á innlausnardegi.

*Deltavirði valréttarsamninga:* Deltavirði valréttarsamnings jafngildir fjárhæð undirliggjandi fjármálagernings sem *kaupréttur* vísar til, margfaldað með *delta stuðli* valréttarsamningsins.

*Eftirstöðvatími:* Með eftirstöðvatíma er átt við þann tíma sem eftir er til gjalddaga skuldaskjals.

*Fjárfestingarverðbréf:* Markaðsskuldabréf og hlutabréf sem fyrirtæki hefur með formlegum hætti tekið ákvörðun um að eiga til lengri tíma, skemmst eitt ár. Til slíkra bréfa teljast ekki hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum eða tengdum fyrirtækjum. Sjá einnig *veltuverðbréf*.

*Fjármálagerningur:*

a. Verðbréf, þ.e. hvers konar framseljanleg kröfurettindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstök-

um lausafjármunum, svo sem hlutabréf, skuldabréf, áskriftarréttindi, skiptanleg verðbréf og breytanleg verðbréf.

b. Afleiða, þ.e. samningur þar sem uppgjörsákvæði byggist á breytingu einhvers þáttar á tilteknu tímabili, svo sem vaxta, gengis gjaldmiðla, verðbréfavæðs, verðbréfavísitölu eða hrávöruverðs. Með afleiðu er m.a. átt við:

- i. *framvirkan óframseljanlegan fjármálagerning*, þ.e. samning sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrirfram ákveðnum tíma,
  - ii. *fram tíðarsamning*, þ.e. staðlaðan og framseljanlegan samning sem kveður á um skyldu samningsaðila til að kaupa eða selja tiltekna eign fyrir ákveðið verð á fyrirfram ákveðnum tíma,
  - iii. *skiptasamning*, þ.e. samning sem kveður á um að hvor samningsaðila greiði hinum fjárhæð sem tekur mið af breytingum á hvoru viðmiðinu fyrir sig á samningstímanum,
  - iv. *valréttarsamning*, þ.e. samning sem veitir öðrum samningsaðila, kaupanda, rétt en ekki skyldu til að kaupa (kaupréttur) eða selja (söluréttur) tiltekna eign (andlag samnings) á fyrir fram ákveðnu verði (valréttargengi) á tilteknu tímamarki (lokadagur) eða innan tiltekinnna tímamarka (gildistími valréttar). Sem endurgjald fyrir þennan rétt fær hinn samningsaðilinn, útgefandinn, ákveðið gjald sem segir til um markaðsvirði valréttarins við upphaf samningstímans.
- c. Hlutdeildarskírteini.
- d. Peningamarkaðsskjal.
- e. Framseljanleg veðréttindi í fasteignum og lausafé.

*Fjölnota atvinnuhúsnæði (e. multi-purpose commercial building)*: Með fjölnota atvinnuhúsnæði er fyrst og fremst átt við ýmis konar verslunar- og skrifstofuhúsnæði og annað þjónustuhúsnæði sem auðvelt er að breyta. Skilyrði er að um fullbúið húsnæði sé að ræða. Sérhæft iðnaðarhúsnæði, fiskvinnsluhús, gistihús og skólabyggingar eru dæmi um húsnæði sem ekki fellur undir skilgreiningu á fjölnota atvinnuhúsnæði.

*Fjölþjóða þróunarbankar (e. multilateral development banks)*: Með fjölþjóða þróunarbönkum í reglum þessum er átt við Alþjóðabankann, Alþjóðalánastofnunina, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Fjárfestingarsjóð Evrópu, Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Norræna fjárfestingarbankann, Þróunarbanka Afríku, Þróunarbanka Ameríkuríkja, Þróunarbanka Asíu, Þróunarbanka Mið-Ameríkuríkja og Viðreisnarsjóð Evrópuráðsins.

*Framvirk viðskipti (e. forward transactions)*: Viðskipti sem gerð eru upp þremur virkum dögum eftir upphafsdag þeirra eða síðar. Sjá einnig *núviðskipti*.

*Framvirkur vaxtasamningur (e. FRA - forward rate agreement)*: Samningur sem kveður á um vaxtavíðmiðun yfir ákveðið tímabil og reiknast vextir af fyrirfram ákveðinni *grundvallarfjárhæð*, sem ekki kemur til greiðslu á. Samningurinn er gerður upp í lok samningstímans á fyrirfram ákveðnum uppgjörsdegi.

*Fullgildur liður (e. qualifying item)*: Gnóttstaða eða skortstaða í þeim liðum sem falla undir 2. tölul. 12. gr. Auk þess getur Fjármálaeftirlitið heimilað að önnur skuldaskjöl teljist til fullgildra liða. Forsenda þess að skuldaskjöl geti talist til fullgildra liða er að skjalið sé skráð á viðurkenndum verðbréfamarkaði, sé auðseljanlegt og *mótadilaáhætta* þess sé sambærileg eða lægri en þeirra eigna sem falla undir 2. tölul. 12. gr. þessara reglna.

*Fyrirtæki tengt fjármálasviði*: Fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og starfar einkum að öflun eignarhluta eða stundar einhverja eða alla þá starfsemi sem um getur í 2.-12. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

*Gjaldmiðlaskiptasamningur (e. currency swap)*: Samningur sem kveður á um að samningsaðilar skipti á höfuðstólum tveggja mynta á ákveðnu gengi í framtíðinni. Skipst er á höfuðstól í lokin, en oft einnig í upphafi samnings.

*Gnóttstaða (e. long position)*: Staða í fjármálaskjöllum sem gefur eða getur í framtíðinni gefið fyrirtæki rétt eða skyldað það til að taka á móti greiðslu í peningum, verðbréfum eða öðrum eignum. *Sölu- og kaupréttur* telst vera hluti af gnóttstöðu. Sjá einnig *skortstaða*.

*Grundvallarfjárhæð afleiðusamnings (e. notional principal/notional position)*: Sú fjárhæð, það verðbréf eða sú ímyndaða staða sem lögd er til grundvallar í *afleiðusamningi*.

*Hlutabréf*: Eignarhlutur í hlutafélagi. Í skilningi þessara reglna skal ennfremur telja til hlutabréfa þann hluta *afleiðusamninga* í *veltubók* fyrirtækis sem tengdur er hlutabréfum, gengi hlutabréfa eða þróun hlutabréfavísitölu.

*Hrein gjaldeyrisstaða fyrirtækis (e. An institution's overall net foreign exchange position)*: Hæri fjárhæðin af tveimur, samanlögð *opin gjaldeyrisstaða* í þeim gjaldmiðlum þar sem um nettó gnóttstöðu er að ræða eða samanlögð *opin gjaldeyrisstaða* þeirra gjaldmiðla þar sem um nettó skortstöðu er að ræða.

*Kaupréttur (e. call option)*: Réttur til að kaupa vöru, verðbréf eða gjaldeyri á fyrirfram ákveðnu verði, annað hvort á ákveðnum degi eða fyrir ákveðinn dag. Slíkur samningur er bindandi fyrir þann sem selur slíkan samning en kaupandi getur valið hvort hann nýtir sér réttinn eða ekki. Sjá einnig *valréttur og söluréttur*.

*Lánastofnun*: Fyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi skv. 1.-4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

*Liðir utan veltubókar (e. Banking book)*: Allir þeir liðir innan og utan efnahagsreiknings fyrirtækis sem ekki teljast til veltubókar.

*Markaðsáhætta (e. market risk)*: Áhætta fyrirtækis á fjárhagslegu tapi vegna liða innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsvirði þessara liða, þar á meðal breytingar á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa.

*Markaðsverðbréf*: Framseljanlegt verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Sjá einnig *fjárfestingarverðbréf og veltuverðbréf*.

*Móðurfyrirtæki*: Fyrirtæki skilgreint í 1. mgr. 97. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

*Mótaðilaáhætta (e. Counterparty risk)*: Sú hættu sem er á því að gagnaðili fjármálasamnings uppfylli ekki ákvæði hans. Ein tegund mótaðilaáhattu er afhendingaráhætta en það er sú áhætta að mótaðili afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálasamnings. Önnur tegund mótaðilaáhattu er uppgjörshætta en það er sú áhætta að mótaðili t.d. afleiðusamnings standi ekki við samninginn á uppgjörstegum. Þriðja tegund mótaðilaáhattu er útlánaáhætta. Sjá einnig *útlánaáskild*.

*Nettóstaða*: Með nettóstöðu verðbréfa er átt við mismuninn milli gnóttstöðu og skortstöðu í sams konar verðbréfum.

*Nústaða (e. spot position)*: Staða í fjármálaskjöllum sem gerð verður upp eigi síðar en tveimur virkum dögum frá viðmiðunardegi.

*Núviðskipti (e. spot transaction):* Viðskipti sem gerð eru upp eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir upphafsdag þeirra. Sjá einnig *framvirk viðskipti*.

*Opinber aðili:* Ríki eða sveitarfélag á Íslandi eða samsvarandi aðili í öðrum löndum.

*Opinber fyrirtæki og stofnanir:* Með opinberum fyrirtækjum og stofnunum í reglum þessum er átt við fyrirtæki og stofnanir sem eru að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélaga eða samsvarandi stjórnvalda í öðrum löndum eða eru undir stjórn áðurnefndra aðila og eru ekki rek-in í hagnaðarskyni. Opinber fyrirtæki eða stofnanir sem rekin eru í samkeppni við önnur at-vinnufyrirtæki eru undanskilin. Í viðauka II eru talin upp þau fyrirtæki og stofnanir á Íslandi sem þessi skilgreining á við um.

*Opinbert viðmiðunargengi:* Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á uppgjörstigi.

*Opin gjaldeyrisstaða í gjaldmiðli (e. Net open position in a currency):* Mismunur gnóttstöðu og skortstöðu í viðkomandi gjaldmiðli. Sjá einnig *hrein gjaldeyrisstaða*.

*Rauntímaaðferð (e. duration based method):* Aðferð til að reikna út vaxtaáhættu fyrirtækis. Aðferðin tekur mið af reiknuðum rauntíma skuldabréfs/fjármálasamnings, í stað afborgun-artíma. Rauntími skuldabréfs er veginn meðal afborgunartími þess og er þá tekið tillit til allra greiðslna af skuldabréfinu, bæði vaxta og afborgana, eftir að þær hafa verið núvirtar með reiknaðri ávöxtun skuldabréfsins. Hin reiknaða ávöxtun skuldabréfsins skal taka mið af markaðsvirði bréfsins á uppgjörstigi. Leiðréttur rauntími skuldabréfs (e. modified duration) er reiknaður rauntími skuldabréfsins deilt með einum plús hin reiknaða ávöxtunarkrafa. Sjá einnig *binditímaaðferð*.

*Raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti:* Sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem afsalshafi hefur skuldbundið sig til að skila eignunum aftur. Sjá einnig *sala með endurkauparétti*.

*Sala með endurkauparétti:* Sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem afsalshafi á rétt á en hefur ekki skuldbundið sig til að skila eignunum aftur. Sjá einnig *raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti*.

*Samningsbundin skuldajöfnun (e. contractual netting):* Samningur milli tveggja eða fleiri að-ila sem eiga eina eða fleiri kröfur hver á annan um að í stað þess að gera upp hverja kröfu sérstaklega, skuli láta kröfurnar jafnast hverja á móti annarri og aðeins nettómismunur (*jaðargreiðsla*) komi til uppgjörs og greiðslu.

*Samstæða, samstæðufyrirtæki:* Móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki þess.

*Skipulegur verðbréfamarkaður:* Markaður með verðbréf samkvæmt skilgreiningu laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

*Skortstaða (e. short position):* Staða í fjármálasgjöllum sem skyldar eða getur í framtíðinni skyldað fyrirtækið, eða gefið því rétt, til að láta af hendi greiðslu í peningum, verðbréfum eða öðrum eignum. *Sölu- og kaupréttur* sem fyrirtækið á eða hefur gert samning um telst vera hluti af skortstöðu. Sjá einnig *gnóttstaða* og *nettóstaða*.

*Skortsala (e. short sale):* Sala á verðbréfum eða öðrum eignum sem ekki eru í eigu seljanda á þeim tíma þegar salan fer fram.

*Skráð verðbréf:* Verðbréf sem hefur verið skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Sjá einnig *skipulegur verðbréfamarkaður*.

*Skuldaskjal (e. debt instruments):* Fjármálagerningur sem felur í sér loforð um greiðslu.



*Staðlaður framvirkur samningur (e. futures contract/interest rate future):* Staðlaður afleiðusamningur sem verslað er með á skipulögðum markaði, er tryggður og sem gefur handhafa rétt til að kaupa eða selja tiltekinn fjármálagerning á fyrirfram ákveðnum degi og á fyrirfram ákveðnu verði. Breyting á markaðsvirði samnings er gerð upp á hverjum degi og/eða samningur tryggður á annan hátt af *skipulegum verðbréfamarkaði*, viðskiptavaka eða greiðslujöfnunarstöð.

*Stór áhættuskuldbinding:* Skuldbindingar sem reglur Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum ná til.

*Stöðuáhætta (e. position risk):* Hætta sem tengd er stöðu fyrirtækis í tilteknum fjármálagerningi og sem er tilkomin vegna hugsanlegra breytinga á verði viðkomandi gernings. Með sérstakri stöðuáhætta er átt við hættu á breytingum á verði gerningsins, vegna aðstæðna sem tengjast útgefanda þess, eða útgefanda grundvallargernings þegar um er að ræða afleiðusamning. Með almennri stöðuáhætta er átt við hættu á breytingum á verði fjármálagernings, vegna aðstæðna sem eru óháðar útgefanda þess, eða útgefanda grundvallargernings þegar um afleiðusamning er að ræða.

*Sölu- og endurkaupaviðskipti:* Viðskipti sem fela í sér framsal fyrirtækis eða viðskiptavinar (framseljanda) til annars fyrirtækis eða viðskiptavinar (afsalshafa) á eignum, t.d. víxlum, skuldabréfum eða öðrum framseljanlegum verðbréfum, með samningi um að sömu eignir verði síðar framseldar aftur til framseljanda á tilteknu verði. Sjá einnig *raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti og sala með endurkauparétti*.

*Söluréttur (e. put option):* Réttur til að selja vöru, verðbréf eða gjaldeyri á fyrirfram ákveðnu verði, annað hvort á ákveðnum degi eða fyrir ákveðinn dag. Slíkur samningur er bindandi fyrir þann sem selur slíkan samning en kaupandi getur valið hvort hann nýtir sér réttinn eða ekki. Sjá einnig *valréttur og kaupréttur*.

*Útlánaígildi (e. credit equivalent):* Liðir utan efnahagsreiknings sem reiknaðir hafa verið til ígildis útlána. *Mótaðilaáhætta* fyrirtækis vegna liða utan efnahagsreiknings er reiknað af útlánaígildi þessara liða.

*Valréttur/valréttarsamningur (e. option):* *Kaupréttur* eða *söluréttur*.

*Vaxta- og gjaldmiðlasamningur (e. cross currency swap):* Samningur sem kveður á um bæði vaxta- og gjaldmiðlaskipti, þ.e. að samningsaðilar skiptist á höfuðstól tveggja mynta á ákveðnu gengi í framtíðinni ásamt vaxtagreiðslum yfir ákveðið tímabil. Skipst er á höfuðstól í lokin, en einnig oft í upphafi samnings.

*Vaxtaskiptasamningur (e. interest rate swap/single currency swap):* Samningur sem kveður á um að samningsaðilar skiptist á vaxtagreiðslum m.t.t. þróunar vaxta í tilteknum gjaldmiðli. Ekki er skipst á *grundvallarfjárhæðinni*, heldur aðeins á vaxtamuninum sem reiknaður er af *grundvallarfjárhæð* samningsins. Til eru þrjár megingundir vaxtaskiptasamninga þ.e.

- samningur sem byggir á mismun á þróun breytilegra vaxta í einum gjaldmiðli, t.d. mismun á þróun ríkisvixlavaxta og millibankavaxta.
- samningur sem byggir á mismun fastra vaxta og þróun breytilegra vaxta í einum gjaldmiðli,
- *vaxtaskiptasamningur milli gjaldmiðla*.

*Vaxtaskiptasamningur milli gjaldmiðla (e. cross currency interest rate swap):* Vaxtaskiptasamningur sem kveður á um að samningsaðilar skiptist á vaxtagreiðslum m.t.t. þróunar vaxta sem eru í a.m.k. tveimur mismunandi gjaldmiðlum. Ekki er skipst á *grundvallarfjárhæðinni*, heldur aðeins á vaxtamuninum sem reiknaður er af *grundvallarfjárhæð* samningsins.

*Veltubók (e. trading book)*: Til veltubókar teljast fjármálagerningar og hrávara sem fjármála-fyrirtæki hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálasamningar sem fjármálafyrirtæki er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast ennfremur áhættuþættir tengdir óuppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiðusamningum sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum fjármálafyrirtækis sem myndast vegna viðskipta með fjármálagerninga og hrávörur í veltubók.

*Veltuverðbréf: Markaðsverðbréf* sem er ekki aflað í þeim tilgangi að halda því til varanlegrar eignar. Sjá einnig *fjárfestingarverðbréf*.

*Verðbréfa- eða hrávörulánveiting og verðbréfa- eða hrávörulántaka. (e. securities or commodities lending/securities or commodities borrowing)*: Öll viðskipti sem felast í því að fyrirtæki eða mótaðili þess framselur verðbréf eða hrávörusamninga gegn hæfilegri tryggingu með því skilyrði að lántakandinn skili aftur jafngildum verðbréfum eða hrávörusamningum síðar eða þegar framseljandi krefst þess. Um er að ræða verðbréfa- eða hrávörulánveitingu fyrir fyrirtækið sem framselur verðbréfin eða hrávörusamningana og verðbréfa- eða hrávörulántöku fyrir fyrirtækið sem verðbréfin eða hrávörusamningarnir eru framseld til.

## II. KAFLI

### Matsaðferðir og skýrslugerð.

#### 3. gr.

Eiginfjárlutfall fyrirtækis skal vera eigið fé fyrirtækis í hlutfalli af áhættugrunni sem metinn er í samræmi við reglur þessar og viðauka með þeim.

Við útreikning á eiginfjárlutfalli skal eigið fé vera samtala eiginfjárbáttar A, B og C, sbr. 84. gr. laga nr 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Áhættugrunn skal meta á eftirfarandi hátt:

1. Áhættugrunnur vegna útlánaáhættu eignaliða og liða utan efnahagsreiknings sem teljast ekki til veltubókar, skal metinn í samræmi við ákvæði III. kafla.
2. Áhættugrunnur vegna gjalddeyrisáhættu liða í erlendum gjaldmiðli og gulli og liða sem eru tengdir erlendum gjaldmiðli og gulli, óháð því hvort um er að ræða liði innan eða utan veltubókar, skal metinn í samræmi við IV. kafla.
3. Áhættugrunnur vegna áhættu þeirra eignaliða og liða utan efnahagsreiknings sem teljast til veltubókar skal metinn í samræmi við ákvæði V.-VII. kafla, sbr. þó ákvæði 6. gr. um undanþágu frá sérstökum eiginfjárákvæðum veltubókar.

Við útreikning á áhættugrunni rekstrarfélags verðbréfasjóðs skal undanskilja eignir verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur og eru hluti af efnahag félagsins.

#### 4. gr.

Til veltubókar fyrirtækis skal telja eftirfarandi stöður, sbr. þó undanþáguákvæði 6. gr:

1. Stöður fyrirtækis í markaðsverðbréfum, öðrum fjármálaskjölum og hrávörum sem fyrirtækið hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þeirra eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum.
2. Reiknaðar stöður vegna uppgjör- og mótaðilaáhættu tengda ófrágengnum og óuppgerðum verðbréfa- og hrávöruviðskiptum, verðbréfa- eða hrávörulánveitingum, skortsölu verðbréfa, afleiðusamningum og öðrum stöðum sem tengjast eignaliðum

sem myndast vegna viðskipta með verðbréf og hrávörum í veltubók sbr. ákvæði VI. kafla þessara reglna.

3. Stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum.
4. Stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem haldið er eftir til að baktryggja aðra þætti veltubókar.
5. Kröfur sem tengjast þóknunum, umboðslaunum, vöxtum, arði og tryggingafé í tengslum við staðlaða framvirka afleiðusamninga og kaupréttarsamninga í veltubók, sem verslað er með á viðurkenndum verðbréfamarkaði.

Þau verðbréf sem metin eru á markaðsvirði í reikningsskilum fyrirtækis skulu að öðru jöfnu teljast til veltubókar. Við skiptingu verðbréfaeignar fyrirtækis í veltubók og aðra liði skal höfð hliðsjón af skilgreiningu veltuverðbréfa í 2. gr. þessara reglna.

Eftirtalda liði skal ekki telja til veltubókar:

1. Fjárfestingarverðbréf, sbr. skilgreiningu 2. gr. þessara reglna.
2. Afleiðusamninga sem fyrirtæki hefur sannanlega aflað til að baktryggja stöður utan veltubókar.
3. Skuldir fyrirtækisins aðrar en reiknaðar skuldir vegna afleiðusamninga í veltubók og skuldir endurhverfra viðskipta.

#### 5. gr.

Veltubók fyrirtækis skal skipt upp í skuldaskjöl, hlutabréf og hrávörur.

Til skuldaskjala í þessu sambandi skal telja stöður í markaðsskuldabréfum og breytanlegum verðbréfum og þá afleiðusamninga fyrirtækis sem teljast til veltubókar og ekki eru tengdir hlutabréfum, hlutabréfavísitölu eða hrávörum.

Til hlutabréfa í þessu sambandi skal telja stöður í hlutabréfum, öðrum eignarhlutum, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða svo og þeim afleiðusamningum fyrirtækis sem teljast til veltubókar og tengdir eru hlutabréfum eða hlutabréfavísitölum.

Til hrávára í þessu sambandi skal telja stöður í fjármálagerningum og afleiðusamningum tengdum hrávörum.

#### 6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er þeim fyrirtækjum þar sem veltubók viðkomandi fyrirtækis fer ekki yfir viðmiðunarmörk skv. 2. mgr., heimilt að reikna út áhættugrunn í samræmi við ákvæði III. kafla fyrir eignir sem annars væru taldar sem hluti veltubókar fyrirtækisins. Eftir sem áður skulu þessi fyrirtæki reikna út áhættugrunn vegna gengisáhættu, sbr. ákvæði IV. kafla.

Viðmiðunarmörk fyrir undanþágu frá ákvæðum V.-VII. kafla um mat á áhættugrunni liða í veltubók eru eftirfarandi:

1. Veltubókarstaða fyrirtækis er að jafnaði ekki umfram 5% af heildarstöðu fyrirtækisins og fer að jafnaði ekki yfir 1.240 milljónir króna.
2. Veltubókarstaða fyrirtækis er aldrei yfir 6% af heildarstöðu fyrirtækisins og fer aldrei yfir 1.650 milljónir króna.

Heildarstaða er samtala veltubókarstöðu og stöðu liða utan veltubókar. Við útreikning á heildarstöðu skal, í samræmi við góða reikningsskilavenju, meta skuldaskjöl og hlutabréf á markaðsvirði eða upprunalegu kaupverði og afleiðusamninga skal meta miðað við markaðsvirði undirliggjandi fjármálagerninga eða markaðsvirði sammingsins. Þó er fyrirtæki heimilt að miða við nafnvirði þeirra afleiðusamninga sem ekki eru tengdir verðbréfum. Við útreikning á veltubókarstöðu skal leggja saman gnóttstöður og skortstöður óháð formerkjum. Fjár-

málaeftirlitið getur heimilað fyrirtæki að undanskilja framvirka gjaldmiðlasamninga frá því að teljast veltubókarstaða við þennan útreikning.

Fjárhæðir samkvæmt 1. og 2. tölulið 2. mgr. þessarar greinar skulu bundnar við gengi Euro miðað við kaupgengi á gildistökudegi þessara reglna.

#### 7. gr.

Fyrirtæki skulu daglega meta veltubók sína til markaðsvirðis, enda sé staða veltubókar umfram viðmiðunarmörk 6. gr. og áhættugrunnur þessara liða því metinn í samræmi við ákvæði V.-VII. kafla.

Fyrirtæki skulu í samræmi við ákvæði þessara reglna setja sér innri starfsreglur um hvernig skipta skuli eignaliðum og liðum utan efnahagsreiknings í veltubók og liði utan veltubókar.

#### 8. gr.

Verðbréfafyrirtæki skulu mánaðarlega senda skýrslu til Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárlutfall og önnur fjármálafyrirtæki ársfjórðungslega. Fjármálafyrirtæki, önnur en verðbréfafyrirtæki, sem ekki reikna sérstakan áhættugrunn vegna veltubókarliða, sbr. ákvæði 6. gr., skulu þó senda hálfárslega skýrslu til Fjármálaeftirlitsins. Ákvæði um skýrslugerð fjármálafyrirtækis sjaldnar en ársfjórðungslega á ekki við ef eiginfjárlutfall fyrirtækis er lægra en 12% í upphafi árs. Við sérstakar aðstæður getur Fjármálaeftirlitið heimilað að skil á eiginfjárskýrslum séu einungis árlega miðað við lok hvers árs.

Mánaðarlegar skýrslur verðbréfafyrirtækja skv. 1. mgr. skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 15 dögum frá uppgjörstegi. Skýrslur annarra fjármálafyrirtækja skulu hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörstegi.

#### 9. gr.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtækjum að nota einfaldaðar útfærslur á þeim útreikningsaðferðum sem kveðið er á um í þessum reglum enda leiði það ekki til herra eiginfjárlutfalls.

### III. KAFLI

#### Áhættugrunnur vegna liða utan veltubókar.

##### 10. gr.

Áhættugrunnur vegna eignaliða og liða utan efnahagsreiknings sem ekki teljast til veltubókar fyrirtækis, sbr. þó ákvæði 6. gr., skal vera samtala eignaliða og liða utan efnahagsreiknings reiknuð í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Auk áhættugrunns samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal reikna áhættugrunn fyrirtækis vegna gjaldeyrisáhættu, sbr. ákvæði IV. kafla, óháð því hvort um liði innan eða utan veltubókar er að ræða.

##### 11. gr.

Áhættugrunn liða utan veltubókar skal reikna út á eftirfarandi hátt:

1. Einstakir eignaliðir skulu vegnir með viðeigandi áhættuvog sem tilgreind er í 12. gr.
2. Liðir utan efnahagsreiknings skulu fyrst margfaldaðir með viðeigandi breytistuðlum og hlutfallstölum til að reikna út útlánaígildi þessara liða, sbr. ákvæði 13. gr. og 14. gr., og því næst vegnir með viðeigandi áhættuvog skv. ákvæðum 12. gr. Þegar um er að ræða endurkaupasamninga, samninga um eignasölu eða bein framvirk kaup skal vægið vera vægi eignanna en ekki vægi mótaðila í viðskiptum.

Þegar liðir utan efnahagsreiknings bera með sér ábyrgðir, skulu þær fá vægi ábyrgðarveitanda frekar en gagnaðila. Þegar hugsanleg áhætta, sem stafar af viðskiptum utan efnahagsreiknings, er að fullu tryggð með handveði í verðbréfum sem viðurkennd eru sem trygging sbr. 1. og 2. tölulið 12. gr., skal vægið vera 0% eða 20% eftir því hver tryggingin er.

3. Þegar eignum eða liðum utan efnahagsreiknings er gefið minna vægi vegna ábyrgða eða trygginga skal hið lægra vægi aðeins ná til þess sem ábyrgðin eða tryggingin nær að fullu til.

#### 12. gr.

Áhættuvogir fyrir einstaka liði skulu vera eftirfarandi.

1. *Áhættuvog 0,0:*
  - a. sjóður og sambærilegir liðir,
  - b. eignaliðir sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði A sbr. viðauka I með reglum þessum,
  - c. eignaliðir sem eru kröfur á Evrópusambandið,
  - d. eignaliðir sem eru kröfur með ábyrgð ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði A, eða Evrópusambandsins,
  - e. eignaliðir sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði B, sbr. viðauka I með reglum þessum, veittar og fjármagnaðar í gjaldmiðli lántakanda,
  - f. eignaliðir sem eru kröfur með ábyrgð ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði B og veittar eru og fjármagnaðar í þeim gjaldmiðli sem sameiginlegur er ábyrgðarveitanda og lántakanda,
  - g. eignaliðir sem tryggðir eru með handveði í verðbréfum útgefnum af ríkisstjórnnum eða seðlabönkum á svæði A eða verðbréfum sem gefin eru út af Evrópusambandinu innan við 90% af skráðu gengi verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði,
  - h. eignaliðir sem tryggðir eru með handveði í innstæðu hjá viðkomandi fyrirtæki eða innlánskírteinum eða svipuðum skjölum sem eru falin því til vörslu, og
  - i. eignaliðir sem dragast frá eigin fé við útreikning á eigin fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga.
2. *Áhættuvog 0,2:*
  - a. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB) og fjölþjóða þróunarbanka, sbr. skilgreiningu í 2. gr.,
  - b. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð héraðsstjórna eða sveitarstjórna á svæði A sbr. viðauka I með reglum þessum,
  - c. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð opinberra fyrirtækja og stofnana á svæði A, sem falla undir skilgreiningu 2. gr. enda sé ekki um að ræða kröfur sem falla undir áhættuvog 0,0. Í viðauka II með reglum þessum eru talin upp þau opinberu fyrirtæki og stofnanir á Íslandi sem falla undir þetta ákvæði,
  - d. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð lánastofnana á svæði A en teljast ekki til eigin fjár þeirra; kröfur íslenskra sparisjóða á Sparisjóðabanka Íslands hf. fá þó áhættuvog 0,1,
  - e. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð fyrirtækja í verðbréfabjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu, viðurkenndra fyrirtækja í verðbréfabjónustu utan Evrópska efnahagssvæðisins, skipulegra verðbréfamarkaða eða viðurkenndra greiðslujöfnunarstöðva en teljast ekki til eigin fjár þeirra,
  - f. eignaliðir sem eru til eins árs eða skemur og eru kröfur á eða með ábyrgð lánastofnana á svæði B, sbr. viðauka I, eða fyrirtækja í verðbréfabjónustu annarra en þeirra sem talin eru upp í staflið e, þó ekki verðbréf gefin út af þessum aðilum sem teljast til eigin fjár þeirra,

- g. eignaliðir sem eru tryggðir með handveði í verðbréfum sem gefin eru út af Fjárfestingarbanka Evrópu eða af fjölpjóða þróunarbönkum innan við 90% af skráðu gengi verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði,
  - h. eignaliðir sem eru tryggðir með handveði í verðbréfum sem gefin eru út af héraðsstjórnnum eða sveitarstjórnnum á svæði A innan við 90% af skráðu gengi verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði,
  - i. eignaliðir sem eru tryggðir með handveði í innistæðum hjá lánastofnunum á svæði A, öðrum en lánastofnuninni sjálfri, eða innlánskírteini eða svipuðum skjölum sem gefin eru út af sömu lánastofnunum, og
  - j. sjóðsliðir í innheimtu.
3. *Áhættuvog 0,5:*
- a. lán tryggð með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði, sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lántakanda, innan 80% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins,
  - b. lán sem veitt eru fyrir 21. júlí 2000, sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 60% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur, og
  - c. lán veitt frá og með 21. júlí 2000 sem eru að fullu tryggð með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 50% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur. Falli eignirnar í verði um meira en sem nemur 10% frá síðasta mati getur Fjármálaeftirlitið sett aðrar reglur um áhættuvog lána samkvæmt þessum staflíð.
  - d. verðbréf, þ.m.t. verðbréf sem fela í sér hlutdeild í safni verðbréfa, sem tryggð eru með fasteignaveði eins og tilgreind eru í staflíðum a.-c. og innan sömu marka og þar eru tilgreind. Slík verðbréf þurfa að vera að fullu og milliliðalaust tryggð með samlagi framangreindra fasteignaveða sem eru í fullu gildi þegar verðbréfin, sem eru tryggð með veði, eru gefin út. Fjárfestar í verðbréfum sem eru tryggð með fasteignaveði, eða fjárvörslumenn eða umboðsmenn fyrir hönd þeirra, þurfa að hafa forgangsrétt gagnvart eignunum, sem eru lagðar að veði til tryggingar verðbréfunum, í réttu hlutfalli við verðbréfaeign sína.
4. *Áhættuvog 1,0:*
- Allir aðrir eignaliðir utan veltubókar.
- Áhættuvog 1,0 gildir um þann hluta lána samkvæmt staflíðum a., b., c. og d. í 3. tl. 1. mgr., sem er umfram þau mörk sem þar eru tilgreind.
- Ákvæði staflíða b. og c. í 3. tl. 1. mgr. gilda til ársloka 2006. Lán sem veitt eru fyrir árslok 2006 og uppfylla skilyrði staflíða b. og c. halda óbreyttri áhættuvog til gjalddaga þeirra.

## 13. gr.

Breytistuðlar sem nota skal á einstaka liði utan efnahagsreiknings sbr. 11. gr., aðra en þá sem tilgreindir eru í 16. gr.

- 1. *Mikil áhætta, breytistuðull 1,0:*
  - a. ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
  - b. samþykktir víxlar,
  - c. sölu- og endurkaupatryggingar þar sem lánaáhættan helst hjá fyrirtækinu, og
  - d. aðrir liðir með mikla áhættu.
- 2. *Miðlungsáhætta, breytistuðull 0,5:*
  - a. útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir,
  - b. ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,

- c. ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en 1 árs,
  - d. sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa, og
  - e. aðrir liðir með miðlungsáhættu.
3. *Miðlungs/lítill áhætta, breytistuðull 0,2:*
- a. skjalaábyrgðir, þar sem vörusending er sett sem veð, og önnur áþekk viðskipti, og
  - b. aðrir liðir með miðlungs/litla áhættu.
4. *Lítill áhætta, breytistuðull 0,0:*
- a. ónotaðar lánsheimildir (ónotaðar yfirdráttarheimildir, skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til eins árs eða skemmri tíma eða sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er, og
  - b. aðrir liðir með litla áhættu.

## 14. gr.

Til að reikna út útlánaígildi liða utan efnahagsreiknings sem tilgreindir eru í 1. og 2. tl., 1. mgr., 16. gr., svo og annarra afleiðusamninga sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, getur fyrirtækið valið að nota aðferð 1, sem byggir á markaðsvirði, eða aðferð 2 sem byggir á upphaflegri áhættu samningsins. Fyrirtæki sem falla utan undanþáguákvæðis 6. gr. skulu beita aðferð 1. Við mat á útlánaígildi í tengslum við samninga sem tilgreindir eru í 3. tl., 1. mgr., 16. gr. skulu öll fjármálafyrirtæki beita aðferð 1.

*Aðferð 1: Markaðsvirði*

Samkvæmt þessari aðferð skal útlánaígildi afleiðusamninga reiknað út með því að leggja saman endurnýjunarkostnað afleiðusamninga með jákvætt gildi annars vegar og framtíðaráhættu afleiðusamninga hins vegar. Þegar um er að ræða vaxtaskiptasamninga á breytilegu gengi í einum gjaldmiðli er eingöngu reiknaður endurnýjunarkostnaður en ekki framtíðaráhætta við útreikning á útlánaígildi.

Endurnýjunarkostnað afleiðusamnings með jákvætt gildi má finna með því að meta úti-standandi afleiðusamning á markaðsvirði.

Framtíðarútlánaáhættu skal meta með því að margfalda höfuðstólsfjárhæð afleiðusamninga, eða virði þeirra samninga sem að baki liggja, óháð því hvort um gnóttasamning eða skortsamning er að ræða, með eftirfarandi hlutfallstölum:

<i>Tími til gjalddaga</i>	<i>Vaxta-samningar</i>	<i>Samningur er varða gjald-eyrisgengi og</i>	<i>Hlutabvréfa-samningar</i>	<i>Samningar er varða aðra góðmálma en gull</i>	<i>Samningar er varða aðrar vörur en góðmálma</i>
Eitt ár eða minna	0,0%	1,0%	6,0%	7,0%	10,0%
Meira en eitt ár, minna en fimm ár	0,5%	5,0%	8,0%	7,0%	12,0%
Meira en fimm ár	1,5%	7,5%	10,0%	8,0%	15,0%

- Fara skal með samninga, sem falla ekki undir neinn af flokkunum fimm í töflunni, á sama hátt og samninga um aðrar hrávörur en góðmálma.
- Fyrir samninga, sem fela það í sér að höfuðstóli er skipt margsinis, verður að marg-

falda prósentutöluna með fjölda þeirra greiðslna sem eftir er að inna af hendi samkvæmt samningnum.

- Í samningum, sem eru gerðir með það fyrir augum að gera upp áfallna áhættu á tilteknum greiðsludögum og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði samningsins verður núll á þessum tilteknu dögum, yrði eftirstöðvatíminn jafnlangur tímabilinu fram að næsta endurskoðunardegi. Þegar um er að ræða vaxtasamninga sem uppfylla þessar viðmiðunarreglur og eftirstöðvatíminn er meira en eitt ár, skal hlutfallið ekki vera innan við 0,5%

#### *Aðferð 2: Upprunaleg áhætta*

Samkvæmt þessari aðferð skal útlánaígildi afleiðusamnings reiknað út með því að margfalda grundvallarfjárhæð afleiðusamnings með eftirfarandi hlutfallstölum með hliðsjón af upphaflegum lánstíma samningsins:

<i>Upphaflegur lánstími</i>	<i>Vaxtasamningar</i>	<i>Samningar er varða gjaldmiðlagengi og gull</i>
Eitt ár eða skemur	0,5%	2,0%
Lengri en eitt ár en ekki lengri en tvö ár	1,0%	5,0%
Viðbót fyrir hvert ár að auki	1,0%	3,0%

Að því er varðar aðferðir 1 og 2 þarf að gæta þess að fjárhæðin sem lögð er til grundvallar, sé hæfilegur mælikvarði á áhættuna sem samningurinn hefur í för með sér. Þegar til dæmis er gert ráð fyrir því í samningnum að greiðsluflæði margfaldist verður að leiðrétta grundvallarfjárhæðina svo að tekið sé tillit til margföldunaráhrifanna á áhættusamsetningu samningsins. Sé um að ræða afleiðusamninga þar sem grundvallarfjárhæð samnings mun lækka á samningstímanum, t.d. með hliðsjón af afborgun lána, er fyrirtækinu heimilt að taka tillit til þessa. Þetta skal gert með því að reikna út útlánaígildi hvernar afborgunar fyrir sig. Þegar um er að ræða vaxtasamninga getur fyrirtækið ennfremur sótt um heimild til Fjármálaeftirlitsins til að miða við eftirstöðvatíma samnings í stað upphaflegs lánstíma.

Við útreikning á eiginfjárlutfalli er heimilt að taka tillit til samningsbundinnar skuldajöfnunar vegna samninga sem taldir eru upp í 16. gr.

Heimild samkvæmt 3. mgr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Fyrirtækið hafi gert samning um skuldajöfnun við mótaðila sinn þannig að ný laga-skylda stofnist sem taki til allra viðskipta sem undir samninginn falla og ef mótaðili stendur ekki við skuldbindingar sínar vegna vanefnda, gjaldþrots, félagsslita eða annarra viðlíka aðstæðna, eigi fyrirtækið aðeins rétt til að krefjast greiðslu eða beri skylda til að greiða nettófjárhæð í umræddum viðskiptum.
2. Samningar samkvæmt 1. tl. skulu ávallt hafa fullgilda lagastoð hvað varðar efni og réttaráhrif í því ríki eða þeim ríkjum sem aðilar samningsins hafa skráð aðsetur. Sama á við ef erlent útibú fyrirtækis á í hlut. Viðkomandi fyrirtæki skulu afhenda Fjármálaeftirlitinu gögn þar að lútandi, staðfest af lögbærum yfirvöldum í því ríki sem mótaðili samkvæmt samningnum hefur skráð aðsetur.

Við útreikning á útlánaígildi samningsbundinnar skuldajöfnunar skal beitt markaðsvirðisáðferð sbr. 1. mgr. Sé um að ræða framvirka gjaldeyrissamninga og aðra sambærilega samninga, þar sem reiknaður höfuðstóll samsvarar sjóðstreymi, er við útreikning á framtíðarútlánaáhættu eingöngu heimilt að taka mið af einstökum nettófjárhæðum, þegar fjárhæðir sem krafist er eða greiða á falla í gjalddaga á sama gildisdegi og í sama gjaldeyri.



## 15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skulu gjaldmiðlasamningar, aðrir en þeir sem varða gull, til 14 daga eða skemur ekki reiknast með í áhættugrunni fyrirtækis. Ennfremur skal undanskilja liði utan efnahagsreiknings sem tilgreindir eru í 16. gr. og verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði eða aðra samninga sem tryggðir eru með daglegum uppgjörum sem viðurkennd eru af Fjármálaeftirlitinu.

## 16. gr.

Liðir utan efnahagsreiknings skulu flokkast á eftirfarandi hátt:

1. *Vaxtasamningar*:
  - a. vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils,
  - b. „Basis“ vaxtaskiptasamningar,
  - c. framvirkir vaxtasamningar,
  - d. samningar um vaxtaviðskipti í framtíðinni,
  - e. keyptur valréttur að vöxtum, og
  - f. aðrir svipaðir samningar.
2. *Gjaldmiðlasamningar og samningar varðandi gull*:
  - a. vaxtaskipti á milli gjaldmiðla,
  - b. framvirkir gjaldmiðlasamningar,
  - c. samningar um gjaldmiðlaviðskipti í framtíðinni,
  - d. keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri,
  - e. aðrir svipaðir samningar, og
  - f. samningar er varða gull, í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í a- til e-lið.
3. Samningar sem eru í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í staflidum a. til e. í 1. tl. og staflidum a. til d. í 2. tl., en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur er varða:
  - a. hlutabréf,
  - b. góðmálma, að gulli undanskildu,
  - c. aðrar hrávörur en góðmálma, og
  - d. aðra eðlislíka samninga.

Afleiðusamningar sem eru bæði með vaxta- og gjaldmiðlaviðmiðanir skulu flokkast sem gjaldmiðlasamningar við útreikning á áhættugrunni.

## IV. KAFLI

**Áhættugrunnur vegna liða í erlendum gjaldmiðli og gulli.**

## 17. gr.

Ákvæði þessa kafla ná til allra eigna- og skuldaliða og liða utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli, gulli og í íslenskum krónum ef þessir liðir eru með gengisviðmiðun óháð því hvort um er að ræða liði innan eða utan veltubókar.

Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu þessara liða skal vera hrein gjaldeyris- og gullstaða fyrirtækis, enda sé hún yfir 2% af eigin fé þess.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt fram til ársloka 2004 að reikna áhættugrunn vegna gjaldeyrisáhættu sem þann hluta hreinnar gjaldeyris- og gullstöðu fyrirtækis sem er umfram 2% af eigin fé þess.

Útreikningur á gjaldeyris- og gullstöðu fyrirtækis fer fram í tveimur þrepum. Fyrst skal reikna opna gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum og gulli í samræmi við ákvæði 18.-20. gr. Því næst skal reikna hreina gjaldeyris- og gullstöðu fyrirtækis í samræmi við ákvæði 21. gr.

## 18. gr.

Opin gjaldeyrisstaða í gjaldmiðli og gulli telst vera mismunur á milli gnóttstöðu og skortstöðu í viðkomandi gjaldmiðli og gulli eins og þær eru metnar í samræmi við ákvæði 19. gr. og 20. gr.

Heimilt er að skipta upp samsettum mynteiningum, svo sem SDR og ECU, eftir vægi hvernar myntar í viðkomandi mynteiningu við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum og gulli.

## 19. gr.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu fyrirtækis í einstökum gjaldmiðlum og gulli skal taka með allar eignir og skuldir og liði utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli og gulli þar sem fyrirtækið sjálft ber gjaldeyrisáhættuna.

Eftirfarandi stöður skulu teknar með í útreikninginn:

1. Nettó nústaða, þ.e. allar eignir að frádregnum skuldum að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum. Afskriftareikningur útlána skal dreginn frá eignum í þessu sambandi.
2. Nettó framvirk staða, þ.e. staða fyrirtækis í framvirkum gjaldmiðla- og gullsamningum, þ.m.t. staðlaðir framvirkir gjaldmiðla- og gullsamningar og gjaldmiðlaskiptasamningar að því marki sem þessir samningar eru ekki með í nettó nústöðu fyrirtækis. Gjaldmiðlaskiptasamninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og sem skuld í öðrum.
3. Óafturkallanlegar ábyrgðir og svipaðar skuldbindingar ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
4. Samanlagt nettó deltavirði af valréttarsamningum um gjaldeyri og gull. Fyrirtæki sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu sækja sérstaklega um samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir þeim matsaðferðum sem notaðar eru í þessu sambandi.
5. Markaðsvirði annarra valréttarsamninga.
6. Framtíðartekjur/gjöld sem enn eru ekki áfallin en eru þegar að fullu baktryggð.
7. Stöður sem fyrirtækið hefur beinlínis tekið til að baktryggja sig gegn áhrifum óhagstæðs gengis á eiginfjárlutfall svo og eignarhlutdeild í dótturfélögum sem dregin hefur verið frá við útreikning á eigin fé. Slíkar stöður má undanskilja við mat á gjaldeyrisstöðu enda séu þær ekki viðskiptalegs eðlis eða kerfisbundnar.

Ákvæði tl. 6 og 7 eru bundin því skilyrði að fyrirtækið hafi fengið sérstaka heimild Fjármálaeftirlitsins til að taka tillit til þeirra við mat á gjaldeyrisstöðu sinni.

## 20. gr.

Gjaldeyrisstaða í einstökum gjaldmiðlum og gulli skal umreiknast yfir í íslenskar krónur miðað við opinbert viðmiðunargengi á uppgjörssdegi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er fyrirtæki heimilt að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins að miða útreikning sinn á gjaldeyrisstöðu við núvirði eigna- og skuldaliða og liða utan efnahagsreiknings. Með núvirði í þessu samhengi er átt við heildarvirði allra út- og inn-greiðslna í framtíðinni sem núvistar hafa verið með hliðsjón af gildandi markaðsvöxtum.

## 21. gr.

Til að reikna út hreina gjaldeyrisstöðu fyrirtækis skal leggja saman annars vegar opna gjaldeyrisstöðu þeirra gjaldmiðla og gulls þar sem um gnóttstöðu er að ræða og hins vegar opna gjaldeyrisstöðu þeirra gjaldmiðla og gulls þar sem um skortstöðu er að ræða. Hæri fjárhæðin af þessum tveimur skal vera hrein gjaldeyrisstaða fyrirtækis við mat á áhættugrunni fyrirtækis vegna gjaldeyrisáhættu, sbr. 17. gr.

Fyrirtæki sem fengið hafa til þess sérstaka heimild Fjármálaeftirlitsins geta, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., reiknað áhættugrunn vegna allra eða hluta þeirra gjaldmiðla og gulls sem fyrirtækið er með stöður í miðað við innbyrðis fylgni gengisþróunar gjaldmiðla og gulls, samkvæmt nánari reglum sem Fjármálaeftirlitið setur.

#### V. KAFLI

### Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu sem tengd er skuldaskjöllum, hlutabréfum og hrávörum í veltubók.

#### *Ákvæði um stöðuáhættu.*

##### 22. gr.

Þegar veltubók fyrirtækis hefur verið skipt upp í stöður í skuldaskjöllum, hlutabréfum og hrávörum í samræmi við 5. gr. skal áhættugrunnur vegna stöðuáhættu tveggja fyrstnefndu liðanna vera samtala áhættugrunns vegna sérstakrar stöðuáhættu, sem er reiknaður í samræmi við ákvæði 26. gr. og ákvæði 30. gr. og almennrar stöðuáhættu, sem er reiknaður í samræmi við ákvæði 28. gr. og ákvæði 31. gr. Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu í hrávörum skal reiknast í samræmi við ákvæði 23. gr.

Með sérstakri stöðuáhættu skuldaskjals er átt við þá vaxtaáhættu sem tengd er stöðu í skuldaskjali og tilkomin er vegna hættu á breytingu á verði viðkomandi skjals vegna aðstæðna sem tengjast útgefanda viðkomandi skjals.

Með almennri stöðuáhættu skuldaskjals er átt við þá vaxtaáhættu sem tengd er stöðu í ákveðnu skuldaskjali sem er tilkomin vegna hættu á breytingu á verði viðkomandi skjals vegna breytingu á almennu vaxtastigi.

Með sérstakri stöðuáhættu hlutabréfa er átt við þá áhættu sem tengd er stöðu í hlutabréfi sem er tilkomin vegna hættu á breytingu á verði viðkomandi hlutabréfs vegna aðstæðna sem tengjast útgefanda viðkomandi hlutabréfs.

Með almennri stöðuáhættu hlutabréfa og áhættu í afleiðusamningum sem tengdir eru hlutabréfum, er átt við þá stöðuáhættu sem er tilkomin vegna hættu á verðbreytingum á viðkomandi hlutabréfi sem er tilkomin vegna almennra verðsveiflna á hlutabréfamarkaði og er óháð séreinkennum einstakra hlutabréfa eða útgefenda þeirra.

Þegar um er að ræða afleiðusamninga skal við mat á stöðuáhættu miða við útgefanda grundvallarskjals afleiðusamnings.

##### 23. gr.

Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu í hrávörum reiknast sem samtala veginna fjárhæða samkvæmt 3. og 4. mgr. þessarar greinar á grundvelli uppgjörs fyrir hverja hrávöru. Dagverð hverrar hrávöru skal umreikna í íslenskar krónur á uppgjörstíð. Við uppgjörið reiknast með bæði skortstöður og gnóttstöður tengdar hrávörum, sem myndast við uppskiptingu á afleiddum skjöllum tengdum hrávörum. Við útreikning á nettóstöðum í hrávörum er einungis heimilt að jafna út stöðum í sams konar hrávörum. Stöður í fjármálaskjöllum tengdum gulli skulu reiknast með í útreikningi á áhættugrunni vegna gjaldeyrisáhættu.

Keyptum og seldum valrétti og stöðluðum framvirkum samningum tengdum hrávörum, framvirkum samningum um kaup eða sölu á hrávörum og öðrum fjármálaskjöllum með sambærileg einkenni, skal skipt upp í gnóttstöður og skortstöður eftir sömu reglum og kveðið er á um í 24. gr.

Stöður í fjármálaskjöllum tengdum hrávörum, sem eru eins hvað varðar hrávöru, gjalddaga og skjal en eru með gagnstæð formerki, skulu hafa núll vægi.

Fyrir hverja hrávöru skal reikna heildarnettóstöðu miðað við gjalddaga og skuldaskjal. Heildarnettóstæða reiknast sem mismunur á samtölu af gnóttstöðum og samtölu af skortstöð-

um. Heildarnettóstaða hvernar hrávöru skal síðan margfölduð með stuðlinum 1,875. Heildarbrúttóstaða í hverri hrávöru reiknast sem samtala af gnóttstöðum og skortstöðum, án tillits til formerkis í hverri hrávöru. Heildarbrúttóstaða í hverri hrávöru skal síðan margfölduð með stuðlinum 0,375.

*Ákvæði um nettóstöðu.*

24. gr.

Með nettóstöðu verðbréfa er átt við mismun á gnóttstöðu og skortstöðu í sams konar verðbréfum. Í þessu sambandi skal flokka þá afleiðusamninga fyrirtækis sem teljast til veltubókar á sama hátt og verðbréf í efnahagsreikningi og skal reikna gnóttstöður og skortstöður í grundvallarverðbréfi afleiðusamnings, eða í ímynduðu verðbréfi, í samræmi við ákvæði viðauka IV. Ennfremur skal taka tillit til endurhverfra viðskipta við útreikninga á nettóstöðum skuldaskjala og hlutabréfa í samræmi við fyrrnefndan viðauka.

Auk þess áhættugrunns sem er til kominn vegna stöðuáhættu afleiðusamninga í veltubók, sem reiknuð er í samræmi við ákvæði þessa kafla, skal reikna áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu þessara afleiðusamninga í samræmi við ákvæði VI. kafla, nema um sé að ræða staðlaða afleiðusamninga sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði og annarra samninga sem tryggðir eru með daglegum uppgjörum sem eru viðurkennd af Fjármálaeftirlitinu. Ennfremur skal reikna áhættugrunn vegna endurhverfra viðskipta í samræmi við ákvæði VI. kafla.

Nettóstöðu í skjölum sem eru í erlendum gjaldmiðli skal reikna yfir í íslenskar krónur á opinberu viðmiðunargengi áður en frekari útreikningar á áhættugrunni eiga sér stað.

*Ákvæði um stöðuáhættu skuldaskjala.*

25. gr.

Fyrirtækið skal flokka nettóstöðu sína í skuldaskjölum í samræmi við gjaldmiðil þann sem þau eru miðuð við og reikna áhættugrunn vegna almennrar og sérstakrar stöðuáhættu fyrir hvern gjaldmiðil fyrir sig.

*Áhættugrunnur vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala.*

26. gr.

Til að reikna út áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala í veltubók skal flokka einstakar nettóstöður skuldaskjala í eftirfarandi áhættuflokka sbr. 27. gr.

Því næst skal finna brúttóstöðu hvers áhættuflokks með því að leggja einstakar nettóstöður saman óháð formerkjum, þ.e. óháð því hvort um gnóttstöðu eða skortstöðu í viðkomandi skuldaskjali er að ræða.

Áhættugrunnur fyrir sérstaka stöðuáhættu skuldaskjala er síðan brúttóstaða hvers flokks margfölduð með viðkomandi áhættuvog.

27. gr.

Áhættuflokkar vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala eru eftirfarandi:

1. *Áhættuvog 0,00*  
Allar nettóstöður eignaliða sem eru kröfur í skuldaskjölum á ríkissjóð, sbr. 1. tölul. 12. gr.
2. *Áhættuvog 0,03125*  
Allar nettóstöður í skuldaskjölum sem teljast fullgildir liðir og eru með eftirstöðvatíma á uppgjörstigi sem er styttri en 6 mánuðir.
3. *Áhættuvog 0,125*  
Allar nettóstöður í skuldaskjölum sem teljast fullgildir liðir og eru með eftirstöðvatíma á uppgjörstigi frá 6 mánuðum til 24 mánaða.

4. *Áhættuvog 0,20*

Allar nettóstöður í skuldaskjölum sem teljast fullgildir liðir og eru með eftirstöðvatíma sem er lengri en 24 mánuðir.

5. *Áhættuvog 1,00*

Allir aðrir liðir en þeir sem taldir eru upp í 1.-4. tölul.

Sé veruleg mótaðilaáhætta tengd skuldaskjalinu getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að tiltekið skuldaskjal sem fellur undir áhættuflokk 1-4 skuli flokkað í hærri áhættuflokk.

Með eftirstöðvartíma í skilningi 2.-4. tl. 1. mgr. skal miða við þann tíma sem er til loka-gjalddaga skuldabréfsins.

*Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skuldaskjala.*

28. gr.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skuldaskjala í veltubók skal reiknaður í samræmi við ákvæði viðauka III um útreikning á almennri stöðuáhættu skuldaskjala. Fyrirtæki skulu reikna áhættugrunn samkvæmt binditímaaðferð eða rauntímaaðferð. Fjármálaeftirlitinu er heimilt, með hliðsjón af umfangi viðskipta, að ákveða að einstök fyrirtæki noti aðra aðferðina fremur en hina.

Fyrirtæki skal nota eftirfarandi áhættuvogir fyrir jöfnun 1-7 sem reiknaðar eru í samræmi við áður nefndan viðauka.

	<i>Binditímaaðferð</i>	<i>Rauntímaaðferð</i>
Jöfnun 1	1,25	0,25
Jöfnun 2	5,00	0,25
Jöfnun 3	3,75	0,25
Jöfnun 4	3,75	5,00
Jöfnun 5	5,00	5,00
Jöfnun 6	18,75	18,75
Jöfnun 7	12,50	12,50

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skal vera samtala jöfnunar 1-7 eftir að hver þeirra hefur verið margfölduð með fyrrgreindum áhættuvogum.

*Ákvæði um stöðuáhættu hlutabréfa.*

29. gr.

Fyrirtæki skal leggja saman allar nettógnóttstöður og nettóskortstöður sínar, sbr. 24. gr., í hlutabréfum og afleiðum þar sem hlutabréf eru grundvallarskjal eða hlutabréfavísitölur grundvallarviðmiðun.

Heildarbrúttóstaða fyrirtækis í hlutabréfum skal vera samtala nettógnóttstaða og nettóskortstaða þeirra óháð formerkjum. Mismunur þeirra er heildarnettóstaða fyrirtækisins.

*Áhættugrunnur vegna sérstakrar stöðuáhættu hlutabréfa.*

30. gr.

Áhættugrunnur fyrirtækis vegna sérstakrar stöðuáhættu hlutabréfa í veltubók skal vera heildarbrúttóstaða hennar í hlutabréfum margfölduð með áhættuvog 0,5.

*Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu hlutabréfa.*

31. gr.

Áhættugrunnur fyrirtækis vegna almennrar stöðuáhættu hlutabréfa í veltubók skal vera heildarnettóstaða hennar margfölduð með áhættuvog 1,0.

*Ákvæði um stöðuáhættu vegna sölutryggingar verðbréfa.*

32. gr.

Sú stöðuáhætta sem er tilkomin vegna sölutryggingar skuldaskjala og hlutabréfa skal reiknuð með í áhættugrunni fyrirtækis. Heimilt er að nota eftirfarandi niðurfærsluáðferð við að reikna út stöðuáhættuna:

1. Fyrst skal draga frá nettóstöðu sölutryggingarstöðu verðbréfs sem þriðji aðili hefur á grundvelli formlegs samkomulags skráð sig fyrir eða skuldbundið sig til að tryggja sölu á.
2. Því næst skal fyrirtækið reikna út nettóstöður sínar í sölutryggðum skjölum með eftirfarandi niðurfærsluþáttum:
 

– Virkur dagur 0	100% niðurfærsla
– 1. virkur dagur	90% niðurfærsla
– 2.-3. virkur dagur	75% niðurfærsla
– 4. virkur dagur	50% niðurfærsla
– 5. virkur dagur	25% niðurfærsla
– eftir 5. virkan dag	0% niðurfærsla

Virkur dagur 0 er samningsdagurinn, þ.e. sá dagur þegar fyrirtækið skuldbindur sig skilyrðislaust til að greiða ákveðinn fjölda verðbréfa á umsömdu verði.

Fjármálaeftirlitið getur sett nánari skilyrði um sérstaka eiginfjárkröfu til að mæta tapsáhættu sem er á milli upphafs dags skuldbindingar, þ.e. virks dags 0, og 1. virks dags.

## VI. KAFLI

**Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu sem tengd er viðskiptum með verðbréf og hrávörur í veltubók.***Uppgjörs- og afhendingaráhætta úppgerðra viðskipta.*

33. gr.

Áhættugrunnur fyrirtækis vegna uppgjörsáhættu sem tengd er viðskiptum með verðbréf og hrávörur í veltubók þegar viðskiptin eru úppgerð eftir að umsaminn afhendingarfrestur er útrunninn skal vera eins og hér greinir.

Þegar um sölu á verðbréfi eða hrávöru er að ræða skal áhættugrunnurinn vera sá sami og jákvæður mismunur milli samningsverðs og markaðsverðs viðkomandi verðbréfs eða hrávöru, margfaldaður með viðeigandi áhættuvog samvæmt eftirfarandi töflu.

Þegar um kaup á verðbréfi eða hrávöru er að ræða skal áhættugrunnurinn vera sá sami og jákvæður mismunur á milli markaðsverðs og samningsverðs, margfaldaður með viðeigandi áhættuvog samkvæmt eftirfarandi töflu.

<i>Fjöldi virkra daga eftir umsaminn uppgjörsgdag</i>	<i>Áhættuvog</i>
5-15	100%
16-30	625%
31-45	937,5%
46 eða fleiri	1.250%

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfa- og hrávörulánveitingu og verðbréfa- og hrávörulántöku.

*Mótaðilaáhætta ófrágenginna viðskipta.*

34. gr.

Mótaðilaáhætta ófrágenginna viðskipta skal tekin með í áhættugrunn fyrirtækis ef:

1. Fyrirtæki hefur greitt fyrir verðbréf eða hrávörur áður en það hefur móttekið þau/þær.
2. Fyrirtæki hefur látið af hendi verðbréf eða hrávörur áður en það hefur fengið greitt fyrir þau/þær.

Sé um að ræða viðskipti milli landa skal miðað við að einn eða fleiri dagar hafi liðið síðan greiðsla eða afhending fór fram.

Áhættugrunnur fyrirtækis vegna mótaðilaáhattu þessara viðskipta skal metinn sem verðgildi verðbréfa eða hrávaranna margfaldað með áhættuvog viðkomandi mótaðila í samræmi við ákvæði 12. gr. ef fyrirtækið hefur greitt fyrir verðbréf eða hrávörur áður en hún hefur móttekið þau/þær.

Hafi fyrirtæki látið af hendi verðbréf eða hrávörur án þess að fá greitt fyrir skal hins vegar miðað við kröfuna á mótaðila í stað verðgildis verðbréfa eða hrávaranna.

*Mótaðilaáhætta endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar og verðbréfa- eða hrávörulántöku.*

35. gr.

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhattu endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar og verðbréfa- eða hrávörulántöku skal vera staða fyrirtækis reiknuð í samræmi við eftirfarandi ákvæði og margfölduð með áhættuvægi viðkomandi mótaðila, sbr. ákvæði 12. gr.:

1. Þegar um er að ræða endurkaupasamninga sem byggjast á verðbréfum eða hrávörum í veltubók fyrirtækis skal staða reiknuð sem mismunur markaðsverðs verðbréfa eða hrávaranna sem fyrirtækið hefur látið af hendi og fjárhæðarinnar sem fyrirtækið hefur móttekið, ef mismunurinn er jákvæður.
2. Þegar um er að ræða endursölusamninga sem byggja á verðbréfum eða hrávörum í veltubók skal staða reiknuð sem mismunur milli fjárhæðarinnar sem fyrirtækið hefur látið af hendi og markaðsverðs verðbréfa eða hrávaranna, ef mismunurinn er jákvæður.
3. Þegar um er að ræða verðbréfa- eða hrávörulánveitingu skal staða fyrirtækis reiknuð sem mismunur milli markaðsvirðis verðbréfa eða hrávörunnar sem fyrirtækið hefur lánað og markaðsvirðis trygginga, ef mismunurinn er jákvæður.
4. Þegar um er að ræða verðbréfa- eða hrávörulántöku skal staða fyrirtækis reiknuð sem mismunur milli markaðsvirðis þeirra trygginga sem fyrirtækið hefur sett og markaðsvirðis verðbréfa eða hrávörunnar sem fyrirtækið hefur móttekið, ef mismunurinn er jákvæður.

Við mat á markaðsvirði skulda, útlána og trygginga skal tekið tillit til áfallinna vaxta.

*Mótaðilaáhætta afleiðusamninga sem verslað er með utan verðbréfamarkaða.*

36. gr.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhattu afleiðusamninga í veltubók, annarra en þeirra sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði eða eru tryggðir með daglegum uppgjörum á annan hátt sem viðurkennd eru af Fjármálaeftirlitinu, skal reikna út með því að reikna út útlánaígildi þessara samninga skv. aðferð markaðsvirðis, sbr. ákvæði 14. gr., og margfalda þannig fengna stöðu með þeirri áhættuvog sem gildir fyrir útlánaáhattu viðkomandi mótaðila, sbr. ákvæði 12. gr.

*Mótaðilaáhætta annarra liða í veltubók.*

37. gr.

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhattu krafna í veltubók sem tengjast þóknunum, umboðslaunum, vöxtum, arði og tryggingafé í tengslum við staðlaða framvirka afleiðusamninga og valréttarsamninga, sem verslað er með á viðurkenndum verðbréfamarkaði, skal reiknaður með því að margfalda kröfuna með áhættuvog viðkomandi mótaðila, sbr. ákvæði 12. gr., enda hafi þessar kröfur ekki áður verið reiknaðar með í áhættugrunni fyrirtækis.

## VII. KAFLI

**Áhættugrunnur vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.**

38. gr.

Peim fyrirtækjum sem fengið hafa til þess skriflegt leyfi Fjármálaeftirlitsins er heimilt að fara yfir þau mörk sem tilgreind eru í reglugerð um hámark lána og ábyrgða fjármála-fyrirtækja, enda sé umframáhættan í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Sá hluti áhættuskuldbindinga einstaks viðskiptavinar ásamt fjárhagslega tengdum aðil-um, sem er umfram 25% af eigin fé fyrirtækisins og sem er tilkominn vegna heimildarákvæð- is þessara reglna nefnist umframáhætta í eftirfarandi greinum.

Forsendur fyrir umframáhættu fyrirtækis eru eftirfarandi:

1. Sá hluti áhættuskuldbindinga viðskiptavinar sem er umfram viðmiðunarmörkin sé áhættuskuldbinding í veltubók.
2. Fyrirtækið uppfylli viðbótareiginfjárkröfu sem hlýst af umframáhættu stórra áhættu- skuldbindinga.

39. gr.

Eiginfjárfrafa vegna umframáhættu einstaks viðskiptavinar eða fjárhagslega tengdra að- ilara skal fundin út með því að bæta við áhættugrunn fyrirtækis fjárhæð sem reiknuð er út í samræmi við ákvæði 40. gr. og 41. gr.

Eiginfjárfrafa vegna umframáhættu skal koma til viðbótar eiginfjárkröfu sem reiknuð er vegna sömu liða samkvæmt ákvæðum annarra kafla þessara reglna.

Við mat á áhættuskuldbindingum einstaks viðskiptavinar eða fjárhagslega tengdra aðila skal miða við heildarskuldbindingu í hlutfalli af eiginfjárþætti A og B. Við útreikning á eig- infjárkröfu fyrirtækis vegna þess hluta áhættuskuldbindingar sem telst vera umframáhætta er heimilt að taka tillit til þess hluta eigin fjár fyrirtækis sem telst til eiginfjárþáttar C.

40. gr.

Áhættugrunnur umframáhættu sem varað hefur 10 daga eða skemur skal reiknast út með því að margfalda áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu viðkomandi veltubókarliðar, sbr. ákvæði V. kafla, og/eða áhættugrunn vegna uppgjör- og mótaðilaáhattu, sbr. ákvæði VI. kafla, með stuðlinum 2,00.

Ekki skal taka tillit til almennrar stöðuáhættu liða í veltubók við útreikning á áhættu- grunni vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

41. gr.

Hafi umframáhættan varað lengur en 10 daga skal, áður en frekari útreikningur á sér stað, flokka umframáhættu með hliðsjón af vægi einstakra liða við útreikning á áhættugrunni fyrirtækis. Með vægi liða í þessu samhengi er átt við vægi einstakra liða í áhættugrunni vegna sömu áhættuþátta og vitnað er til í 40. gr. Sá hluti umframáhættu sem hefur mest vægi skal koma síðast í áframhaldandi útreikningum.



Áhættugrunnur umframáhættu sem hefur varað lengur en 10 daga skal síðan reiknaður út með því að margfalda áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu veltubókarliðar, sbr. ákvæði V. kafla, og/eða áhættugrunn vegna uppgjörs- og mótaðilaáhættu, sbr. ákvæði VI. kafla, með viðeigandi stuðli samkvæmt eftirfarandi töflu.

<i>Áhættuskuldbindingar umfram 25% af eigin fé (A+B+C).</i>	<i>Stuðull</i>
Allt að 40%, þ.e. 25%-40%	2,00
Umframáhætta 40%-60%	3,00
Umframáhætta 60%-80%	4,00
Umframáhætta 80%-100%	5,00
Umframáhætta 100%-250%	6,00
Yfir 250%	9,00

Hafi umframáhætta vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila varað 10 daga eða skemur, má umframáhætta fyrirtækis vegna þess viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila eigi fara yfir 500% af þeim hluta eigin fjár fyrirtækis sem telst til eiginfjárþátta A, B og C.

Hafi umframáhættan varað lengur en 10 daga má umframáhætta vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila eigi fara yfir 600% af þeim hluta eigin fjár fyrirtækis sem telst til eiginfjárþátta A, B og C.

Fyrirtæki skulu þriðja hvern mánuð tilkynna Fjármálaeftirlitinu öll tilvik þar sem um umframáhættu hefur verið að ræða á næstliðnum þremur mánuðum. Tilgreina skal nafn viðkomandi viðskiptamanns og fjárhæð umframáhættu.

## VIII. KAFLI Samstæðuuppgjör.

42. gr.

Ákvæði þessara reglna skulu einnig ná til samstæðu þeirra fyrirtækja sem talin eru upp í 1. gr. þessara reglna.

Við útreikning á áhættugrunni samstæðu er heimilt að jafna stöðu í skuldaskjölum, hluta-bréfum og hrávörum sbr. ákvæði V. kafla, milli fyrirtækja innan samstæðunnar. Sama á við um stöður í gjaldmiðlum og gulli, sbr. ákvæði IV. kafla.

## IX. KAFLI Gildistökuákvæði.

43. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 3. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki. Jafnframt falla þá úr gildi reglur nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

*Fjármálaeftirlitinu, 30. júní 2003.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

**Ragnar Hafliðason.**

**VIÐAUKI I**  
**Flokkun ríkja í svæði A og B, sbr. 12. gr. regnanna.**

*Eftirtalin ríki falla undir svæði A.*

(Ríki sem þurfa að skuldbreyta erlendum skuldum sínum eru útilokuð frá svæði A í 5 ár frá þeim tíma.)

Austurríki	Ítalía	Spánn
Ástralía	Japan	Stóra Bretland
Bandaríkin	Kanada	Suður Kórea
Belgía	Lúxemborg	Sviss
Danmörk	Mexikó	Svíþjóð
Finnland	Noregur	Tékkland
Frakkland	Nýja-Sjáláland	Tyrkland
Grikkland	Portúgal	Ungverjaland
Holland	Pólland	Þýskaland
Írland	Saudi-Arabía	
Ísland	Slóvakía	

*Svæði B.*

Öll önnur ríki en þau sem falla undir svæði A.

**VIÐAUKI II**  
**Listi yfir opinber fyrirtæki og stofnanir á Íslandi,**  
**sbr. tölulíð 2. c. í 1. mgr. 12. gr. regnanna o.fl.**

*Áhættuvog 0.0:*

Ríkissjóður  
Seðlabanki Íslands  
Landsvirkjun

*Áhættuvog 0.2:*

Flugmálastjórn  
Hitaveita Suðurnesja  
Lánasjóður sveitarfélaga  
Orkubú Vestfjarða  
Rafmagnsveitur ríkisins  
Landspítali Háskólasjúkrahús  
Vegagerð ríkisins  
Þróunarsjóður sjávarútvegsins

Önnur opinber fyrirtæki og stofnanir, sem falla undir skilgreiningu 2. gr. regnanna skv. skriflegri yfirlýsingu Fjármálaeftirlitsins.

*Áhættuvog 1.0:*

Öll önnur opinber fyrirtæki og stofnanir, sem ekki uppfylla skilyrði skilgreiningar 2. gr. regnanna.

**VIÐAUKI III**  
**Útreikningur á áhættugrunni vegna almennrar áhættu**  
**skuldaskjala og afleiðusamninga, sbr. 28. gr. reglnanna.**

*A. Binditímaáðferð.*

Áhættugrunn vegna almennrar áhættu skuldaskjala og afleiðusamninga í veltubók skal reikna í eftirfarandi þrepum.

Fyrirtækjum sem einungis hafa gnóttstöðu í skuldaskjölum nægir að reikna út áhættugrunn sinn í samræmi við þrep 1, 2 og 3(A), en áhættugrunn annarra fyrirtækja skal reikna út í samræmi við þrep 1,2 og 3(B) og síðan þrep 4-7.

*Þrep 1.*

Nettóstöður skuldaskjala skulu flokkaðar í viðeigandi binditímaflokk. Hver binditímaflokkur hefur sitt prósentuvægi í áframhaldandi útreikningum.

Binditímaflokkur nettóstöðu skuldaskjals ræðst annars vegar af binditíma vaxtaþrósentu og hins vegar af því hvort vaxtagreiðslur á líftíma skuldaskjalsins eru með fasta vaxtaviðmiðun sem er hærri eða lægri en 3%.

Ef um er að ræða skuldaskjal með föstum vöxtum er binditími vaxtaþrósentu sá sami og eftirstöðvatími bréfsins. Ef skjal er hins vegar með ákvæði um að vextir geti tekið breytingum fyrir lokagjalddaga þá skal miða við þann tíma sem er til þess dags að vextir verða ákvarðaðir að nýju.

Binditímaflokkar og hópar þeirra eru eftirfarandi:

Binditíma- hópur	Binditíma- flokkur	Nafnvextir 3% eða hærri	Nafnvextir lægri en 3%	Vægi í %	Áætluð ávöxtunarkröfu br. á ári (í %)
I	1	0 ≤ 1 mánuður	0 ≤ 1 mánuður	0,00	--
	2	> 1 ≤ 3 mánuðir	> 1 ≤ 3 mánuðir	0,20	1,00
	3	> 3 ≤ 6 mánuðir	> 3 ≤ 6 mánuðir	0,40	1,00
	4	> 6 ≤ 12 mánuðir	> 6 ≤ 12 mánuðir	0,70	1,00
II	5	> 1 ≤ 2 ár	> 1,0 ≤ 1,9 ár	1,25	0,90
	6	> 2 ≤ 3 ár	> 1,9 ≤ 2,8 ár	1,75	0,80
	7	> 3 ≤ 4 ár	> 2,8 ≤ 3,6 ár	2,25	0,75
III	8	> 4 ≤ 5 ár	> 3,6 ≤ 4,3 ár	2,75	0,75
	9	> 5 ≤ 7 ár	> 4,3 ≤ 5,7 ár	3,25	0,70
	10	> 7 ≤ 10 ár	> 5,7 ≤ 7,3 ár	3,75	0,65
	11	> 10 ≤ 15 ár	> 7,3 ≤ 9,3 ár	4,50	0,60
	12	> 15 ≤ 20 ár	> 9,3 ≤ 10,6 ár	5,25	0,60
	13	> 20 ár	> 10,6 ≤ 12,0 ár	6,00	0,60
	14		> 12,0 ≤ 20,0 ár	8,00	0,60
	15		> 20 ár	12,50	0,60

*Þrep 2.*

Leggja skal saman innan hvers binditímaflokks nettógnóttstöður í skuldaskjölum annars vegar og nettóskortstöður í skuldaskjölum hins vegar.

Því næst skal margfalda þær samtölur með prósentuvægi viðeigandi binditímaflokks.

*Þrep 3 (A).*

Sé fyrirtæki einungis með gnóttstöðu í skuldaskjölum í veltubók skal samtala veginnar gnóttstöðu allra binditímaflokka nefnast *Jöfnun 7*.

*Þrep 3 (B).*

Fyrir önnur fyrirtæki en sem um getur í þrepi 3(A) skal jöfnuð staða binditímaflokksins vera sú fjárhæð sem er lægri, vegin gnóttstaða eða vegin skortstaða binditímaflokksins. Samtala af jöfnuðum stöðum allra binditímaflokka skal nefnast *Jöfnun 1*.

Mismunurinn á samtölu veginnar gnóttstöðu annars vegar og samtölu veginnar skortstöðu hins vegar í hverjum binditímaflokki er ójöfnuð staða binditímaflokksins.

*Þrep 4.*

Allar ójafnaðar gnóttstöður innan hvers binditímahóps skulu því næst lagðar saman og þeim jafnað við samanlagðar ójafnaðar skortstöður innan sama binditímahóps.

Jöfnuð staða binditímahóps I skal nefnast *Jöfnun 2*, jöfnuð staða hóps II skal nefnast *Jöfnun 3* og jöfnuð staða hóps III skal nefnast *Jöfnun 4*.

*Þrep 5.*

Stöður sem ekki eru jafnaðar samkvæmt þrepi 4 skal síðan jafna á milli binditímahópa I, II og III.

Fyrst skulu ójafnaðar stöður jafnaðar á milli binditímahópa I og II. Ójafnaðri stöðu í hópi II sem þá er eftir skal síðan jafnað á móti ójafnaðri stöðu binditímahóps III.

Jafnaðar stöður milli binditímahópa I og II skulu síðan lagðar saman við jafnaðar stöður á milli binditímahópa milli hóps II og III. Samtala þessi skal nefnast *Jöfnun 5*.

Heimilt er að jafna stöðum á milli binditímahópa II og III áður en jöfnun á milli hópa I og II á sér stað.

*Þrep 6.*

Þeim hluta ójafnaðra staða binditímahóps I og III sem standa ójafnaðar þegar þrepi 4 er lokið skal nú jafnað. Þessi jöfnun skal nefnast *Jöfnun 6*.

*Þrep 7.*

Ef enn eru til staðar ójafnaðar stöður skulu þær nefndar *Jöfnun 7*.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skal vera samtala jöfnunar 1 - 7 eftir að hver þeirra hefur verið margfölduð með áhættuvogum sem tilgreindar eru í 28. gr. þessara reglna.

*B. Rauntímaaðferð.*

Áhættugrunnur vegna almennrar áhættu skuldaskjala og afleiðusamninga í veltubók skal reikna í eftirfarandi þrepum.

*Þrep 1.*

Með hliðsjón af markaðsvirði skal fyrir hvert skuldaskjal með föstum vöxtum reikna út ávöxtun fram til gjalddaga. Fyrir skuldaskjal með breytilegum vöxtum skal á sama hátt reikna út ávöxtun út frá þeirri forsendu að uppgreiðsla lánsins eigi sér stað við næstu vaxtaákvörðun.

*Þrep 2.*

Reikna skal út svonefndan leiðréttan rauntíma fyrir nettóstöður í einstökum skuldaskjölum á grundvelli eftirfarandi formúlu:

$$\text{Leiðréttur rauntími} = \frac{\text{Rauntími}}{(1+r)}$$

$$\text{Rauntími} = \frac{\sum_{t=1}^m \frac{t C_t}{(1+r)^{\uparrow t}}}{\sum_{t=1}^m \frac{C_t}{(1+r)^{\uparrow t}}}$$

þar sem  
 $r$  = ávöxtun í prósentum fram til gjalddaga.  
 $Ct$  = greiðsla á tímapunkti  $t$   
 $m$  = tími til síðasta gjalddaga (ár)  
 $t$  = tími til gjalddaga (ár)  
 $\uparrow t$  = í veldinu  $t$

*Þrep 3.*

Flokka skal nettóstöðu einstakra skuldaskjala í viðeigandi rauntímahóp, sbr. eftirfarandi töflu. Flokkunin skal miðast við hinn leiðréttta rauntíma.

Rauntíma- hópur	Leiðréttur rauntími (í árum)	Áætluð ávöxtunarkröfu- breyting (%)
I	$> 0 \leq 1$	1,00
II	$> 1 \leq 3,6$	0,85
III	$> 3,6$	0,7

*Þrep 4.*

Því næst skal fyrirtækið reikna út vegna stöðu, fyrir hvert skjal á grundvelli rauntíma, með því að margfalda markaðsverð skuldaskjalsins með leiðréttum rauntíma og áætl- aðri vaxtabreytingu viðkomandi rauntímahóps sbr. töflu hér á undan.

Því næst skal leggja saman, innan hvers rauntímahóps, vegnar gnóttstöður annars vegar og vegnar skortstöður hins vegar.

Jöfnuð staða rauntímahóps skal vera sú fjárhæð sem er lægri gnóttstaða eða skortstaða innan hvers rauntímahóps. Jöfnun innan hóps I, skal nefnast *Jöfnun 1*, jöfnun innan hóps II, skal nefnast *Jöfnun 2* og jöfnun innan hóps III, skal nefnast *Jöfnun 3*.

Mismunur á milli samanlagðrar veginnar gnóttstöðu í hverjum rauntímahópi annars vegar og veginnar skortstöðu hins vegar er ójöfnuð staða rauntímahópsins.

*Þrep 5.*

Ójafnaðar stöður innan hvers rauntímahóps skulu því næst jafnaðar á móti ójöfnuðum stöðum annarra hópa.

Fyrst skal ójöfnuðum stöðum hópa I og II jafnað saman. Sú jöfnun skal nefnast *Jöfnun 4*.

Ójafnaðri stöðu rauntímahóps II sem þá er eftir skal síðan jafnað á móti ójöfnuðum stöðum rauntímahóps III. Sú jöfnun sem þannig fæst skal nefnast *Jöfnun 5*.

Fyrirtækjum er heimilt að jafna stöðum á milli rauntímahópa II og III áður en jöfnun á milli hópa I og II á sér stað.

*Þrep 6.*

Þeim hluta ójafnaðra staða rauntímahópa I og III sem standa ójafnaðar þegar þrepi 5 er lokið skal nú jafnað saman. Þessi jöfnun skal nefnast *Jöfnun 6*.

*Þrep 7.*

Ef enn eru til staðar ójafnaðar stöður skulu þær nefnast *Jöfnun 7*.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skal vera samtala jöfnunar 1-7 eftir að þeir hafa verið margfaldaðir með þeim áhættuvogum sem tilgreindar eru í 28. gr. þessara reglna.

## VIDAUKI IV

**Meðferð afleiðusamninga og endurhverfra viðskipta við útreikning á nettóstöðu skuldaskjala og hlutabréfa, sbr. 24. gr. reglnanna.***1. Skiptasamningar.*

Með hliðsjón af stöðuáhættu skal fara með skiptasamninga sem um verðbréf í efnahagsreikningi væri að ræða.

Ef um er að ræða vaxtaskiptasamning þar sem fyrirtækið tekur á móti breytilegum vöxtum en greiðir fasta skal fara með þann samning sem annars vegar gnóttstöðu í skuldaskjali þar sem binditíminn telst vera jafn þeim tíma þar til vextir verða ákvarðaðir næst og hins vegar sem skortstöðu í skuldaskjali með fasta vexti með binditíma sem er jafn gildistíma vaxtaskiptasamningsins.

Ef um er að ræða vaxtaskiptasamning þar sem fyrirtækið tekur á móti föstum vöxtum en greiðir breytilega skal fara með þann samning sem annars vegar skortstöðu í skuldaskjali með breytilega vexti þar sem binditími telst vera jafn þeim tíma þar til vextir verða ákvarðaðir næst og hins vegar sem gnóttstöðu í skuldaskjali með fasta vexti með binditíma sem er jafn tíma vaxtaskiptasamningsins.

Með gjaldmiðlaskiptasamninga skal fara á sama hátt og um framvirka gjaldmiðlasamninga væri að ræða.

Við útreikning á sérstakri stöðuáhættu samkvæmt ákvæðum V. kafla skal fara með stöður í skiptasamningum á sama hátt og um stöður í ríkisskuldabréfum væri að ræða. Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu skiptasamnings skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr.

*2. Framvirkir gjaldmiðla- og gullsamningar.*

Líta skal á stöður í framvirkum gjaldmiðla- og gullsamningum sem annars vegar stöður í þeim gjaldmiðli og gulli sem fyrirtækið hefur skuldbundið sig til að selja og hins vegar stöðu í þeim gjaldmiðli og gulli sem fyrirtækið hefur skuldbundið sig til að kaupa.

Þegar almenn stöðuáhætta einstakra gjaldmiðla og gulls er reiknuð samkvæmt rauntímaaðferð, sbr. ákvæði V. kafla reglnanna, skal setja markaðsvirði eða reiknað núvirði framvirkra gjaldmiðla- og gullsamninga í viðeigandi rauntímahóp. Þegar binditímaaðferð er notuð skal setja nafnvirði samnings í viðeigandi binditímaflokk.

Stöður sem eru tilkomnar vegna framvirkra gjaldmiðla- og gullsamninga skal flokka m.t.t. almennrar og sérstakrar stöðuáhættu á sama hátt og um stöður í ríkisskuldabréfi með 0% nafnvexti væri að ræða.

Fjármálaeftirlitið getur, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. reglnanna, heimilað fyrirtæki að telja stöður í framvirkum gjaldmiðla- og gullsamningum til liða utan veltubókar.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu framvirkra gjaldmiðla- og gullsamninga skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr. reglnanna.

*3. Staðlaðir framvirkir samningar.*

Ákvæði þetta nær til staðlaðra framvirkra samninga og annarra framvirkra samninga sem eru staðlaðir og verslað er með á skipulögðum markaði og/eða eru tryggðir af verðbréfaþingi, viðskiptavaka eða greiðslujöfnunarstöð með daglegum uppgjörum og tryggingum.

Fara skal með staðlaða framvirka samninga sem samsetningu á gnóttstöðu og skortstöðu, sbr. eftirfarandi:

1. Með stöðu í keyptum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar láni sem fellur í gjalddaga á uppgjörsegi samningsins og hins vegar eignalið með sama gjalddaga og grundvallarfjárhæð umrædds afleiðusamnings.

2. Með stöðu í seldum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar eignalið með sama gjalddaga og afleiðusamningurinn og hins vegar skuld með sama gjalddaga og grundvallarfjárhæð umrædds afleiðusamnings.

Við útreikning á sérstakri stöðuáhættu og við flokkun í binditímaflokk skal fara með reiknaðar gnótt- og skortstöður á sama hátt og um stöður í ríkisskuldabréfi með 0% nafnvexti væri að ræða.

#### 4. Framvirkir vaxtasamningar.

Fara skal með framvirka vaxtasamninga sem samsetningu á gnóttstöðu og skortstöðu sbr. eftirfarandi:

1. Með stöðu í keyptum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar láni sem fellur í gjalddaga á uppgjörstigi samningsins og hins vegar eignalið með sama gjalddaga og grundvallarfjárhæð umrædds afleiðusamnings.
2. Með stöðu í seldum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar eignalið með sama gjalddaga og afleiðusamningurinn og hins vegar skuld með sama gjalddaga og grundvallarfjárhæð umrædds afleiðusamnings.

Við útreikning á sérstakri stöðuáhættu og við flokkun í binditímaflokk skal fara með reiknaðar gnótt- og skortstöður á sama hátt og stöðu í ríkisskuldabréfi með 0% nafnvexti.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu framvirks vaxtasamnings skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr.

#### 5. Valréttarsamningar.

Líta skal á valréttarsamninga sem samsetningu eigna- og skuldaliðar. Reikna skal stöður vegna þessara samninga sem jafngildi undirliggjandi fjárhæðar fjármálagerningsins, sem kauprétturinn vísar til, margfaldað með delta stuðli valréttarsamningsins. Þannig reiknuðum stöðum má jafna á móti samsvarandi stöðu í grundvallarskjalinu eða afleiðusamningi í sama binditímaflokki eða rauntímahópi sbr. viðauka III. Delta stuðullinn sem nota á skal vera sá sami og gildir á viðkomandi verðbréfamarkaði. Ef um er að ræða aðra valréttarsamninga en þá sem verslað er með á verðbréfamarkaði skal fyrirtækið sjálf reikna út delta stuðul í samræmi við reikniaðferð sem Fjármálaeftirlitið hefur samþykkt. Fjármálaeftirlitið getur kveðið nánar á um hvernig reikna skuli út deltavirði valréttarsamninga svo og sérstaka eiginfjárröfu vegna annarrar áhættu sem tengd er valréttarsamningum s.s. „gamma“ og „vega“ áhættu.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu valréttarsamnings skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr.

#### 6. Endurhverf viðskipti.

Við raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti með verðbréf í veltubók skal framseljandi halda áfram að tilgreina hina framseldu eign í efnahagsreikningi sínum. Taka skal því tillit til þessara verðbréfa við útreikning á stöðuáhættu framseljanda en ekki hjá framsalshafa.

Þegar um er að ræða endurkaupasamning þar sem endurkaupsverðið er fyrirfram ákvarðað í samningnum skal framseljandi jafnframt taka tillit til þeirrar stöðuáhættu sem tengd er endurkaupaskuldbindingunni. Framseljandi skal líta á endurkaupaskuldbindinguna sem skortstöðu og flokka hana á sama hátt og skortstöðu í ríkisskuldabréfum með 0% nafnvöxtum.

Á sama hátt skal framsalshafi taka tillit til þeirrar stöðuáhættu sem tengd er endursölu-kröfunni í slíkum samningum. Framsalshafi skal því við útreikning á stöðuáhættu líta á end-

ursölukröfuna sem gnóttstöðu og flokka hana á sama hátt og eign í ríkisskuldabréfum með 0% nafnvöxtum.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu endurhverfra viðskipta skal reikna í samræmi við ákvæði 35. gr.

#### 7. Afleiðusamningar tengdir hlutabréfavísitölu.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað fyrirtæki að við útreikning á nettóstöðu í verðbréfi, sbr. 24. gr., sé staðlaður framvirkur samningur sem tengdur er hlutabréfavísitölu sundurliðaður í stöður í sérhverjum þeim hlutabréfum sem vísitalan er reiknuð út frá.

Ennfremur getur Fjármálaeftirlitið heimilað fyrirtæki að undanskilja afleiðusamninga, sem tengdir eru fjölþættri hlutabréfavísitölu, við útreikning á sérstakri stöðuáhættu hlutabréfa, sbr. 30. gr.

## REGLUR

### um stórar áhættuskuldbindingar hjá fjármálafyrirtækjum.

#### 1. gr.

Reglur þessar taka til lánveitinga, verðbréfaeignar, eignarhluta og veittra ábyrgða fjármálafyrirtækis vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila svo og annarra skuldbindinga sömu aðila gagnvart fjármálafyrirtækinu, hér eftir nefndar áhættuskuldbindingar, og mats á áhættu vegna slíkra skuldbindinga. Reglurnar taka einnig til samstæðu fjármálafyrirtækis og móður- og dótturfyrirtækja.

#### 2. gr.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Áhættuskuldbinding:* Eignaliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem um getur í A, B og C liðum viðauka I með reglum þessum, þó ekki eignaliðir sem dragast frá eigin fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

*Eigið fé:* Eigið fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en þó að frádregnum eiginfjárlætti C samkvæmt eiginfjárákvæðum sömu laga.

*Fjárhagslega tengdir aðilar:*

- tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur sem, nema sýnt sé fram á annað, mynda eina áhættu vegna þess að einn þeirra hefur þein eða óþein yferráð yfir hinum, eða
- tveir eða fleiri einstaklingar eða lögpersónur þar sem enginn einn hefur yferráð yfir hinum, eins og skilgreint eru í a. lið, en eru taldir mynda eina áhættu vegna þess að þeir eru svo fjárhagslega tengdir að líkur eru á að ef einn þeirra lendir í fjárhags-erfiðleikum eigi hinn aðilinn eða allir í greiðsluerfiðleikum.

*Fjölþjóða þróunarbankar:* Alþjóðabankinn, Alþjóðalánastofnunin, Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu, Fjárfestingarsjóður Evrópu, Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Norræni fjárfestingarbankinn, Þróunarbanki Afríku, Þróunarbanki Ameríkuríkja, Þróunarbanki Asíu, Þróunarbanki Mið-Ameríkuríkja og Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins.

*Fjármálafyrirtæki:* Viðskiptabanki, sparisjóður, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlun eða rekstrarfélag verðbréfasjóða, sem fengið hefur starfsleyfi samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.



*Stór áhættuskuldbinding:* Áhættuskuldbinding fjármálafyrirtækis vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila, sem nemur 10% eða meira af eigin fé fyrirtækisins.

### 3. gr.

Stórar áhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila mega ekki fara fram yfir 25% af eigin fé fjármálafyrirtækis. Teljist einhver hluti viðkomandi áhættuskuldbindingar vera staða í veltubók skal við mat á áhættugrunni fara með þá stöðu sem umframáhættu, sbr. ákvæði 7. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja.

Heildarfjárhæð stórra áhættuskuldbindinga má ekki fara yfir 800% af eigin fé fjármálafyrirtækis.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga ekki við um áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja sem mynda samstæðu með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.

### 4. gr.

Við útreikning hlutfalla samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. er heimilt að undanskilja eftirtalda liði:

1. Kröfur á eða með ábyrgð ríkissjóða og seðlabanka á svæði A, sbr. viðauka II með reglum þessum, svo og kröfur á eða með ábyrgð Evrópusambandsins.
2. Kröfur á eða með ábyrgð ríkissjóða og seðlabanka á svæði B, sbr. viðauka II með reglum þessum, enda sé um að ræða kröfur í þarlandri mynt og sem fjármagnaðar eru í sömu mynt.
3. Kröfur tryggðar með handveði í innstæðum og innlánskírteinum útgefnum af fjármálafyrirtækinu sjálfu eða fjármálafyrirtæki sem er móðurfyrirtæki eða dótturfyrirtæki þess.
4. Kröfur tryggðar með handveði í verðbréfum útgefnum af aðilum sem tilgreindir eru í 1. tölulið.
5. Kröfur á eða með ábyrgð innlendra sveitarfélaga og sveitarfélaga og svæðisbundinna stjórnvalda á svæði A, sbr. viðauka II að 80% hluta.
6. Kröfur á fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins, viðurkenndra verðbréfafyrirtækja utan Evrópska efnahagssvæðisins, skipulegra verðbréfamarkaða og viðurkenndra greiðslujöfnunarstöðva og kröfur með ábyrgð sömu aðila með lánstíma eftirstöðva að hámarki eitt ár. Kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir einu ári og allt að þremur árum má undanskilja að 80% hluta, en kröfur með lánstíma eftirstöðva yfir þremur árum eða lengur má undanskilja að 50% hluta. Ákvæðin varðandi kröfur með lánstíma eftirstöðva lengri en eitt ár eru háð því skilyrði að kröfurnar séu í formi skuldaskjala sem eru gefin út af einhverjum þeirra aðila sem getið er í 1. málslið þessa töluliðar sem eru framseljanleg á markaði sem er starfræktur af viðurkenndum aðilum og að söluverð þeirra sé daglega skráð. Kröfur íslenskra sparisjóða með eftirstöðvatíma yfir einu ári á hendur eða með ábyrgð Sparisjóðabanka Íslands má þó undanskilja að 80% hluta. Víkjandi kröfur eru undanskildar ákvæðum þessa töluliðar.
7. Kröfur sem tryggðar eru á fullnægjandi hátt með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði sem lántaki nýtir eða leigir út allt að 50% af fasteignamati Fasteignamats ríkisins.
8. Kröfur tryggðar með handveði í verðbréfum öðrum en þeim sem tilgreind eru í 4. og 5. tölul. að því tilskyldu að þau séu ekki gefin út af viðskiptamanni fjármálafyrirtækis eða hópi tengdra viðskiptamanna. Verðbréfin þurfa að vera skráð á skipulegum verðbréfamarkaði. Þau skulu metin á markaðsvirði og vera meira virði en áhættunarnar sem tryggðar eru. Umframverð sem krafist er skal vera 100%. Þó skal það vera 150% þegar um hlutabréf er að ræða og 50% þegar um er að ræða skuldabréf útgefin af lánastofnunum,

sveitarstjórnnum, sbr. 5. tölul., Fjárfestingarbanka Evrópu og fjölþjóða þróunarbönkum. Víkjandi kröfur eru undanskildar ákvæðum þessa töluliðar.

9. Þann hluta sölutryggingar verðbréfaútgáfu sem nemur niðurfærslu samkvæmt 1. mgr. 32. gr. í reglum Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja.
10. Liði utan efnahagsreiknings samkvæmt lið B.3. í viðauka I með reglum þessum að 50% hluta.
11. Liði utan efnahagsreiknings samkvæmt lið B.4. í viðauka I með reglum þessum að undanskildum ónotuðum yfirdráttarheimildum, enda leiði samningur um lánsheimild eða sambærilega skuldbindingu við viðskiptamann eða fjárhagslega tengda aðila ekki til þess að áhættuskuldbinding vegna viðkomandi aðila fari yfir mörkin sem miðað er við í 3. gr.
12. Áhættuskuldbindingar í gjaldeyrisviðskiptum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör á 48 klukkustundum eftir greiðslu og áhættur í viðskiptum vegna kaupa og sölu á verðbréfum sem verða til í tengslum við eðlilegt uppgjör á fimm virkum dögum eftir greiðslu verðbréfanna, eða afhendingu þeirra, ef sú dagsetning fer á undan.

5. gr.

Fari áhættuskuldbindingar yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 3. gr. skal það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu sem er þá heimilt, ef aðstæður leyfa, að veita hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki tiltekinn frest til að laga sig að gildandi takmörkum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. gilda ákvæði 7. kafla reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja að því er varðar heimildir til að fara yfir tilgreind mörk.

6. gr.

Fjármálafyrirtæki skulu hafa yfir að ráða traustu stjórnunar- og upplýsingakerfi og innra eftirlitakerfi þar sem allar stórar áhættuskuldbindingar og breytingar á þeim eru auðkenndar og skráðar þannig að unnt sé að hafa eftirlit með þeim.

7. gr.

Fjármálafyrirtæki skulu senda Fjármálaeftirlitinu eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, þ.e. miðað við lok mars, júní, september og desember, skýrslu um stórar áhættuskuldbindingar einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila á því formi sem það ákveður. Skýrsla samkvæmt 1. málsl. skal hafa borist Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörstegi. Fjármálafyrirtækjum með heildareignir lægri en 20 ma. kr. er þó heimilt að skila skýrslu hálfárslega enda séu stórar áhættuskuldbindingar eins aðila eða tengdra aðila lægri en 20% af eigin fé. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu þó einungis skila skýrslu hálfárslega.

8. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 4. mgr. 30. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 34/2002 um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu.

*Fjármálaeftirlitinu, 30. júní 2003.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

**Ragnar Hafliðason.**

## VIÐAUKI I

**Eignaliðir og liðir utan efnahagsreiknings sem vísað er til við skilgreiningu á áhættuskuldbindingu í 2. gr. reglnanna.**

- A. Liðir innan efnahagsreiknings.  
Allir eignaliðir í efnahagsreikningi.
- B. Liðir utan efnahagsreiknings aðrir en vaxta- og gjaldeyrissamningar, sbr. C. lið.
- B.1. Mikil áhætta
- ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
  - samþykktir víxlar,
  - sölu- og endurkaupatryggingar þar sem lánaáhættan helst hjá fjármálafyrirtækinu, og
  - aðrir liðir með mikla áhættu.
- B.2. Miðlungsáhætta
- útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir,
  - ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,
  - ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en 1 árs, og
  - sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa, og
  - aðrir liðir með miðlungsáhættu.
- B.3. Miðlungslítill áhætta
- skjalaábyrgðir þar sem vörusending er sett sem veð og önnur áþekk viðskipti.
  - aðrir liðir með miðlungs/litla áhættu.
- B.4. Lítil áhætta
- ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til eins árs eða skemmri tíma eða sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er, og
  - aðrir liðir með litla áhættu.
- C. Vaxtasamningar og gjaldeyrissamningar.
- C.1. Vaxtasamningar.
- vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils,
  - „Basis“ vaxtaskiptasamningar,
  - framvirkir vaxtasamningar,
  - samningar um vaxtaviðskipti í framtíðinni,
  - keyptur valréttur að vöxtum, og
  - aðrir svipaðir samningar.
- C.2. Gjaldyrissamningar að undanskildum samningum til 14 daga eða skemmri tíma
- vaxtaskipti milli gjaldmiðla,
  - framvirkir gjaldeyrissamningar,
  - samningar um gjaldeyrisviðskipti í framtíðinni,
  - keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri, og
  - aðrir svipaðir samningar.
- C.3. Samningar sem eru í eðli sínu svipaðir þeim sem um getur í staflíðum a. til e. í lið C.1. og staflíðum a. til d. í lið C.2., en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur er varða:
- hlutabréf,
  - góðmálma, að gulli undanskildu,
  - aðrar hrávörur en góðmálma, og
  - aðra eðlislíka samninga.

D. Útreikningur á áhættu í tengslum við vaxta- og gjaldeyrissamninga.

Þegar um er að ræða vaxtasamninga og gjaldeyrissamninga, sbr. C. lið, skal áhættan vera hin sama og útlánaígildi slíkra samninga. Útlánaígildi slíkra samninga skal reikna samkvæmt aðferð markaðsvirðis eða aðferð upprunalegrar áhættu, sbr. 14. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárhlutfall fjármálafyrirtækja, án beitingar vægis vegna viðkomandi mótaðila.

## VIÐAUKI II

### Flokkun ríkja í svæði A og B, sbr. 4. gr. regnanna.

Eftirtalin ríki falla undir svæði A:

(Ríki sem þurfa að skuldbreyta erlendum skuldum sínum eru útilokuð frá svæði A í 5 ár frá þeim tíma.)

Austurríki	Ítalía	Spánn
Ástralía	Japan	Stóra Bretland
Bandaríkin	Kanada	Suður Kórea
Belgía	Lúxemborg	Sviss
Danmörk	Mexikó	Svíþjóð
Finnland	Noregur	Tékkland
Frakkland	Nýja-Sjáland	Tyrkland
Grikkland	Portúgal	Ungverjaland
Holland	Pólland	Þýskaland
Írland	Saudi-Arabía	
Ísland	Slóvakía	

Svæði B:

Öll önnur ríki en þau sem falla undir svæði A.

## REGLUR

### um endurskoðun fjármálafyrirtækja.

#### I. KAFLI

#### Gildissvið.

##### 1. gr.

Reglur þessar ná til endurskoðunar fjármálafyrirtækja en með fjármálafyrirtækjum er átt við viðskiptabanka, sparisjóði, lánafyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða, sbr. ennfremur 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Reglur þessar eru skilgreining á meginatriðum í góðri endurskoðunarvenju hjá fjármálafyrirtækjum sbr. 93. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Reglur þessar eru einnig leiðbeinandi hvað varðar skipulagningu, framkvæmd og áritun um könnun á árshlutareikningum sömu fyrirtækja.

## II. KAFLI

### Markmið endurskoðunar ársreiknings.

#### 2. gr.

Endurskoðun ársreiknings fjármálafyrirtækis skal framkvæmd í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í samræmi við ákvæði þessara reglna. Markmið endurskoðunar er að komast að raun um hvort ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu og efnahag fjármálafyrirtækis og að ársreikningur sé saminn í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglna sem um fyrirtækið gilda, félagssamþykktir og góða reikningsskilavenju og að fylgt hafi verið ákvæðum laga og reglna varðandi upplýsingaskyldu viðkomandi fyrirtækis.

Í þessu felst m.a. eftirfarandi:

1. Hvort upplýsingar í rekstrarreikningi og skýringum gefi glögga mynd af rekstri fyrirtækis í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju.
2. Hvort útlán, kröfur og aðrar eignir í efnahagsreikningi séu fyrir hendi, í eigu fyrirtækis og séu færðar og metnar í samræmi við gildandi lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Einnig að veðsetning og aðrar kvaðir á eignum komi fram í ársreikningi.
3. Hvort skuldir og aðrar skuldbindingar, þ.m.t. trygginga- og ábyrgðarskuldbindingar, séu tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi, eða utan efnahagsreiknings, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.
4. Hvort rekstrar- og efnahagsreikningur sé í samræmi við bókhald viðkomandi fyrirtækis.
5. Hvort einstakir liðir rekstrar- og efnahagsreiknings séu sundurliðaðir og flokkaðir í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram í ársreikningi.
6. Hvort eignir viðskiptamanna samkvæmt fjárvörslusamningum séu fyrir hendi og upplýsingar um þá komi fram í ársreikningi.

## III. KAFLI

### Hlutverk og staða endurskoðanda.

#### 3. gr.

Endurskoðandi má ekki vera háður stjórn eða framkvæmdastjóra fyrirtækisins, eiga sæti í stjórn eða vera starfsmaður. Endurskoðanda fjármálafyrirtækis er ennfremur óheimilt að starfa í þágu þess að verkefnum sem skert geta óhæði hans gagnvart fyrirtækinu. Jafnframt skal endurskoðandi forðast að vera beinn þátttakandi í mikilvægum útlána- og rekstrarákvörðunum fjármálafyrirtækis eða koma með fyrstu tillögur að verðmætamati eigna eða skuldbindinga fyrirtækisins, einkum ef í slíku mati felst annað en aðstoð við tæknilega útreikninga út frá gefnum forsendum.

Endurskoðandi fjármálafyrirtækis má ekki vera skuldugur fyrirtækinu sem hann annast endurskoðun hjá hvorki sem aðalskuldari eða sem ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

#### 4. gr.

Endurskoðandi getur ekki samþykkt leiðsögn eða íhlutun stjórnar eða framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis eða þriðja aðila um framkvæmd endurskoðunar. Hann getur þannig ekki gert samkomulag sem kveður á um takmörkun endurskoðunar.

#### 5. gr.

Endurskoðanda fjármálafyrirtækis er heimilt að nota aðstoðarmenn og sérfræðinga við einstaka þætti endurskoðunarvinnunar enda séu þeir faglega hæfir til starfans. Endurskoðandi skal einnig, samkvæmt nánara samkomulagi við stjórn fyrirtækisins, og í þeim mæli

sem hann telur eðlilegt, byggja vinnu sína á athugunum og könnunum sem innri endurskoðunardeild fjármálafyrirtækisins framkvæmir, enda hafi hann gengið úr skugga um að sjálfstæði, óhæði og fagleg þekking starfsmanna deildarinnar sé nægjanleg til þess að á vinnu þeirra sé byggjandi. Endurskoðandi skal ávallt yfirfara og framkvæma nauðsynlegar athuganir á gæðum og umfangi þeirrar vinnu innri endurskoðunardeildar sem hann hyggst byggja niðurstöður sínar á.

Hafi verið gerður samningur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um árlega úttekt á innra eftirliti fjármálafyrirtækis í tengslum við undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eiga ákvæði 1. mgr. við eftir því sem við á.

#### IV. KAFLI

##### **Framkvæmd og umfang endurskoðunar.**

###### 6. gr.

Endurskoðun skal framkvæma í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með þessu er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum sem hæfir og samviskusamir endurskoðendur nota. Meginþættir í framkvæmd endurskoðunar eru sem hér segir:

1. Könnun á bókhaldskerfum, þ.m.t. tengdum tölvukerfum, bókhaldsskipulagi og skipulagi annarra starfsþátta með tilliti til áreiðanleika þeirra bókhaldskerfa sem í notkun eru og með tilliti til innra eftirlits.
2. Athuganir og söfnun gagna til að staðfesta réttmæti einstakra liða sem fram koma í ársreikningi. Í þessu felst m.a. að endurskoðandi skal kanna hvaða reikningsútskriftir og staðfestingar eru sendar frá fyrirtækinu og meta á grundvelli góðrar endurskoðunarvenju hvort nauðsynlegt sé að framkvæma viðbótarkannanir. Jafnframt felst í þessu að endurskoðandi skal, við endurskoðun ársreiknings, framkvæma sérstakar kannanir á stöðu stærstu lánþega með tilliti til greiðslutrygginga og afskriftaþarfar. Endurskoðandi skal einnig afla yfirlýsingar stjórnar og framkvæmdastjóra um að allar eignir, skuldir, ábyrgðir, kvaðir og skuldbindingar komi fram í ársreikningi og að sömu aðilum sé ekki kunnugt um áhættu eða atvik, fyrir eða eftir lok reikningsárs, sem tengjast fjárhagsstöðu fyrirtækisins og kynnu síðar að leiða til umtalsverðrar skerðingar á þeirri fjárhagsstöðu sem fram kemur í ársreikningnum.
3. Könnun á starfsemi fyrirtækisins, þróun þess og horfum, fyrst og fremst til að meta hættuna á því að eigið fé fyrirtækisins fari á næsta ári undir lögbundið lágmark.

###### 7. gr.

Endurskoðanda ber að ganga úr skugga um að sú lýsing á bókhaldskerfum, þ.m.t. tengdum tölvukerfum, og innra eftirliti sem hann byggir mat sitt á við ákvörðun um umfang og aðferðir við endurskoðun ársreiknings sé áreiðanleg. Það skal meðal annars gert með dreifikönnunum á færslum á hinum ýmsu sviðum bókhaldskerfisins og reglulegum könnunum á einstökum þáttum innra eftirlits.

Leiði kannanir í ljós að bókhaldskerfi og innra eftirlit tryggja með viðunandi hætti að bókhald sé í góðu horfi getur það leitt til þess að umfangsmikil könnun einstakra bókhaldsliða sé ekki nauðsynleg.

#### V. KAFLI

##### **Mikilvægi og áhætta.**

###### 8. gr.

Við ákvörðun um framkvæmd og umfang athugana vegna endurskoðunar og áritunar á ársreikning, ber endurskoðanda að hafa í huga mikilvægi einstakra þátta og áhættu. Endurskoðandi skal haga könnun sinni þannig að megináhersla sé lögð á þá liði ársreiknings og

þá þætti innra eftirlits, sem mestu máli skipta og þar sem hætta á verulegum skekkjum er mest.

Hinir ýmsu liðir ársreiknings eru háðir mismikilli áhættu að því er skekkju varðar. Styrkur innra eftirlits hefur áhrif á áhættuna og þar með ákvarðanir um framkvæmd og umfang endurskoðunar.

Gott innra eftirlit fyrirtækis getur hinsvegar aldrei alfarið komið í stað þess að endurskoðandi framkvæmi sjálfstæðar athuganir og gagnasöfnun til staðfestingar réttmæti einstakra mikilvægra liða ársreikningsins. Þannig skal endurskoðandi ávallt framkvæma sérstakrar athuganir á raunvirði eigna fyrirtækis og kanna sérstaklega þá áhættu sem kann að vera tengd skuldbindingum eða samningum sem stofnunin hefur átt aðild að. Dreifing útlána og útlán til stærstu lánþega, greiðslutryggingar og afskriftaframlög skulu einnig könnuð sérstaklega.

#### 9. gr.

Verði endurskoðandi var við verulega ágalla á rekstri eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána, önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða atriði sem leiða til þess að hann mundi synja um áritun eða gera fyrirvara, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um fyrirtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn þess og Fjármálaeftirlitinu viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.

### VI. KAFLI

#### **Skipulagning og skráning endurskoðunarvinnu.**

#### 10. gr.

Árleg endurskoðunarvinna skal í meginatriðum vera fyrirfram skipulögð í endurskoðunaráætlun, sem er skrifleg lýsing á fyrirhuguðu umfangi og framgangi endurskoðunarinnar og þar sem á skipulegan hátt er farið yfir þá þætti í innra og ytra umhverfi fyrirtækisins sem áhrif geta haft á endurskoðunarvinnuna.

Endurskoðun skal síðan framkvæmd í samræmi við endurskoðunarfyrirmæli sem er skrifleg lýsing á þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að framfylgja endurskoðunaráætlun.

Umfang og niðurstöðu einstakra endurskoðunaraðgerða og heildarniðurstöður um einstaka liði ársreiknings skal skrá á vinnuskjöl. Vinnuskjölunum skal safnað saman og þau geymd á kerfisbundinn hátt.

#### 11. gr.

Ábendingar og athugasemdir sem endurskoðandi vill koma á framfæri við stjórn og/eða framkvæmdastjóra skal bera fram skriflega og skal veita þessum aðilum hæfilegan frest til svara. Ef endurskoðandi þykir ástæða til skal hann gera tillögur til stjórnar fjármálafyrirtækis um endurbætur varðandi meðferð fjármuna, um breytingar á innra eftirliti eða innri endurskoðun og öðru því sem hann telur að geti verið til bóta í rekstri fyrirtækisins.

### VII. KAFLI

#### **Áritun ársreiknings og endurskoðunarskýrsla til stjórnar.**

#### 12. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina þar frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Í árituninni skulu koma fram upplýsingar um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður í samræmi við góða endurskoðunarvenju og í samræmi við gildandi lög og reglur og

að í því sambandi hafi verið framkvæmdar þær endurskoðunaraðgerðir sem endurskoðandinn hefur talið nauðsynlegar. Telji endurskoðandi að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé hún ekki í samræmi við ársreikning skal hann vekja á því athygli í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar sé þess kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að komi fram í ársreikningi.

Endurskoðandi skal undirrita og dagsetja áritun sína á þeim degi sem hann lýkur endurskoðunarvinnu sinni, þ.m.t. sérstökum endurskoðunaraðgerðum vegna atvika eftir uppgjörsdag og sérstökum endurskoðunaraðgerðum vegna atvika eftir að venjulegri endurskoðunarvinnu lýkur, fram til dagsetningar áritunar. Endurskoðandi skal ekki árita ársreikning fyrir en stjórn og framkvæmdastjóri hafa staðfest hann með undirritun sinni.

### 13. gr.

Auk þess að árita ársreikning skal endurskoðandi að lokinni hefðbundinni endurskoðunarvinnu senda stjórn viðkomandi fjármálafyrirtækis sérstaka endurskoðunarskýrslu vegna ársuppgjörnsins. Í slíkri skýrslu skal endurskoðandi, eftir því sem við á, gera grein fyrir eftirfarandi:

1. Helstu þáttum þeirrar endurskoðunarvinnu sem framkvæmd hefur verið í tengslum við endurskoðun ársreiknings, þ.m.t. hvernig staðið hefur verið að könnun á útlánum.
2. Umsögn endurskoðandans á framlögum í afskriftareikning, þar á meðal umsögn um sérstök framlög vegna stærstu lánþega.
3. Helstu niðurstöðum endurskoðunarkannana á innra eftirliti stofnunarinnar og áliti endurskoðanda á gæðum innra eftirlitskerfis stofnunarinnar og starfsemi innri endurskoðunardeildar. Í þessu samhengi er eðlilegt að vísað sé til þeirra ábendinga og athugasemda sem endurskoðandi hefur skriflega komið á framfæri við stjórn og framkvæmdastjóra fyrir á árinu.
4. Aðrar þær athugasemdir og ábendingar sem endurskoðandi telur ástæðu til að koma á framfæri við stjórn fyrirtækisins svo sem athugasemdum varðandi rekstur fjármálafyrirtækisins og varðveislu eigna og athugasemdum vegna áhættustýringar stofnunar í tengslum við t.d. útlánaáhættu, gengisáhættu eða vaxtaáhættu.

## VIII. KAFLI

### Könnun árshlutareikninga fjármálafyrirtækja.

#### 14. gr.

Endurskoðandi skal því aðeins árita árshlutareikning sem kannaðan að hann þekki vel til starfsemi fyrirtækisins og rekstrarumhverfis þess.

Könnun á árshlutareikningum byggist á mati á mikilvægi og áhættu með sama hætti og þegar um endurskoðun er að ræða, en vinna endurskoðanda er hins vegar ekki eins umfangsmikil og við endurskoðun.

Við framkvæmd könnunar á árshlutareikningi skal endurskoðandi með greiningaraðgerðum meta innra samræmi reikningsskila og hvort afkoma og breytingar á eignum og skuldum fyrirtækisins séu eðlilegar og í samræmi við þá þekkingu sem endurskoðandi hefur á starfsemi fyrirtækisins. Í þessu felst m.a. að endurskoðandi skal meta þróun í stærstu útlánunum, greiðslutryggingum og afskriftaframlögum og endurskoðandi skal með fyrirspurnum afla vitneskju um þau atvik eftir lok uppgjörstímabils, fram til þess dags sem áritun endurskoðanda er dagsett, sem gætu haft verulega þýðingu fyrir reikningsskilin.

Könnun felur í sér greiningaraðgerðir og fyrirspurnir sem gerðar eru í því skyni að staðfesta niðurstöðu reikningsskila og að gera enn frekari athuganir ef þær aðgerðir reynast ekki fullnægjandi. Umfang og eðli þeirra aðgerða sem endurskoðandi telur þörf á að beita í hverju



einstöku tilfelli byggist á faglegri þekkingu hans og þekkingu hans á einstökum áhættuþáttum í reikningsskilum fyrirtækisins.

Komist endurskoðandi að því að reikningsskilum sé áfátt í verulegum atriðum skal hann framkvæma frekari athuganir til þess að geta tekið ákvörðun um fyrirvaralausla yfirlýsingu í áritun sinni eða hvort sérstakur fyrirvari sé nauðsynlegur.

Vinnuskjöl endurskoðanda um könnun árshlutareiknings skulu innihalda lýsingu á því í hverju vinna hans var fólgin ásamt niðurstöðum.

Að lokinni könnun sinni skal endurskoðandi gefa yfirlýsingu um reikningsskilin með áritun á þau. Yfirlýsingin skal vera ótvíræð, skýr og skiljanleg og þar skal gerð grein fyrir könnuninni og umfangi hennar. Hafi endurskoðandi komist að raun um umtalsverða skekkju, verulega óvissu, að mikilvægar upplýsingar vanti í árshlutareikning eða að líkur séu á að eigið fé hlutaðeigandi fyrirtækis sé undir lögbundnu lágmarki skal endurskoðandi setja fram fyrirvara og gera grein fyrir í hverju hann er fólgin. Séu reikningsskilin einhverjum annmörkum háð m.t.t. laga og reglna um bókhald og reikningsskil fjármálafyrirtækja skal endurskoðandi ekki gefa yfirlýsingu um afkomu eða efnahag fyrirtækisins.

## IX. KAFLI

### Gildistaka.

#### 15. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 1. mgr. 93. gr. laga nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki, og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um endurskoðun lánastofnana nr. 694 frá 10. september 2001.

*Fjármálaeftirlitinu, 30. júní 2003.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

**Ragnar Hafliðason.**

## GJALDSKRÁ

### fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

#### 1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Tímagjald	kr. 6.372
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 7.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

### 3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á	hálf títímagjald
--	------------------

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á	eitt títímagjald
---	------------------

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á	eitt títímagjald
---	------------------

Eftirlitsgjald vegna tóbakssölu	hálf títímagjald
---------------------------------	------------------

### 4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

### 5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirleggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

### 6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

### 7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

#### 9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

#### 10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

#### 11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 338/2002 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

*Borgarnesi, 10. apríl 2003.*

F.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands,

**Helgi Helgason.**

### VIÐAUKI A

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	5.200	Byggingavörverslanir, litlar	11.900
Alifuglarækt ≤ 40.000 stæði	23.900	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	17.400
Alifuglarækt > 40.000 stæði	47.800	Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	20.500
Apótek	9.600	Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs með móttökueldhúsi	33.500
Áfengismeðferð	12.700	Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með móttökueldhúsi	23.900
Áfengisverslun	9.600	Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með fullbúnu eldhúsi	33.500
Áhaldahús sveitarfélags	10.400	Dýralæknastofur án röntgen	4.400
Bakarí, miðlungs	30.900	Efnalaugar	12.700
Bensínstöðvar	22.300	Fangelsi, lítið	6.400
Bensínstöðvar með matvöru	54.200	Fangelsi, miðlungs	13.500
Bensínstöðvar með veitingasölu	73.900	Farfluglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	10.400
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	13.500	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	35.700
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	16.700	Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	25.500
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	5.200	Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	12.700
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	5.600		
Blikksmíði	4.800		
Bón- og bílaþvottur, handvirk	8.000		
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	15.100		

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	20.700	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	26.100
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	23.900	Matvöruverslun með vinnslu, lítill	34.100
Fótaaðgerðarstofur	9.600	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	45.900
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	11.900	Málningavöruverslanir	11.900
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	8.800	Meðferð og húðun málna	15.100
Framleiðsla á mjóli og feiti úr sláturúrgangi		Mjólkurbú og ostagerð	175.800
< 10 tonn á dag	30.300	Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	25.500
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	23.900	Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	11.900
Framleiðsla húsdýrafóðurs	4.800	Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	19.100
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	13.500	Nuddstofur	11.200
Frístundahúsabyggð 20 hús	17.400	Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	17.500
Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	32.500	Plastiðnaður	12.700
Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	32.500	Prentiðnaður með framköllun	13.500
Garðaðun	4.800	Prentiðnaður, lítill	6.000
Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	5.200	Rafvéla- og rafvélverkstæði	4.800
Gámastöð	11.200	Salatgerð	34.700
Grunnskólar án mótuneytis	12.700	Saltfiskverkun	17.500
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	34.100	Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	28.700
Gæsluvellir	9.600	Seiðaeldisstöðvar < 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	13.500
Harðfiskverkun	17.500	Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	27.100
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	12.700	Sjúkraþjálfun	11.200
Hárgreiðslustofur	11.200	Skemmtistaðir með matsölu	25.500
Heilsugæslustöðvar	5.600	Skíðaskálar, skíðasvæði	6.400
Heimili fyrir börn og unglinga	11.200	Skotvellir	11.900
Heitloftsþurrkun fiskafurða	20.700	Skyndibitastaðir, litlir	26.300
Hestahald (hesthúsahverfi)	6.400	Sláturhús < 50 t/dag	54.200
Hjólbarðaverkstæði, gúmmívinnsla	5.200	Smurstöðvar	16.700
Hótel með veitingasölu, lítið	23.900	Snyrtistofur	11.200
Hótel með veitingasölu, miðlungs	54.200	Snyrtivöruverslun	11.200
Hótel með veitingasölu, stórt	67.500	Sorpflutningar og sorphirða	7.200
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	27.100	Sólbaðstofur án heitra potta	11.200
Hundahótel	4.400	Spennistöðvar	4.000
Íþróttahús, lítill	11.200	Stálmíði og stálskipagerð	23.900
Íþróttahús, miðlungs	14.300	Sultu- og ávaxtagrautargerð	34.700
Íþróttavellir	5.200	Sundstaðir, litlir	50.300
Járnvöruverslanir	11.900	Sundstaðir, miðlungs	77.000
Kattahótel	4.400	Súkkulaði- og sælgætisgerð	21.300
Kirkjur	3.600	Svínarækt ≤ 2000 stæði alisvín eða ≤ 750 stæði fyrir gyltur	30.300
Krár, kaffihús með matsölu	22.300	Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða > 750 stæði fyrir gyltur	60.500
Kvikmyndahús	11.900	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	17.500
Kökugerð, lítill	17.500	Tannlæknastofur	4.800
Lagmetisíðja og framleiðsla sjávarréttu lítill	30.900	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	8.700
Land- og kvíaeldi	27.100	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	17.400
Leikskólar með fullbúð eldhús	29.300	Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	18.900
Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	11.200	Tónlistarskólar	5.600
Líkamsræktarstöðvar, stórar	11.900	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	5.600
Ljósmyndastofur með framköllun	10.400	Trésmíðaverkstæði með lökkun	12.700
Loðdýrabú	23.900	Vatnsveitur < 1.000 íbúa	34.700
Læknastofur	4.800	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	87.100
Malar- og sandnám; vikurnám	5.600	Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	138.200
Matsölustaðir, litlir	31.900	Vatnsveitur, einka	8.700
Matsölustaðir, miðlungs	45.200		
Matsöluvagnar	20.500		

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	5.200	Vöruflytningamiðstöðvar	15.100
Vinnsla á ferskum fiski, lítil	17.500	Vörugeymslur, litlar	9.600
Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	23.900	Vörugeymslur, miðlungs	15.100
Vinnsla á ferskum fiski, stór	30.300	Yogastofur, heilun o.fl.	9.600
Vinnsla með plast- og frauðefni	12.700	Þvottahús og efnalaugar	11.200
Vistheimili	12.700		

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu mælt með þar til gerðum magnmælum.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnmæli.

Þar til mælir hefur verið settur upp eða ef mælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Til húshitunar:

VM1 .....	166,54	(189,86) kr. pr. tonn
Niðurgreitt allt að 1.111 m <sup>2</sup> .....	91,80	
VM2 m <sup>3</sup> .....	41,64	( 47,47) kr. pr. tonn
Niðurgreitt á m <sup>2</sup> .....	22,95	
VM2 kWh .....	2,78	( 3,17) kr. pr. tonn
Niðurgreitt á kWh .....	1,53	

Til annarra nota:

VM3 m <sup>3</sup> .....	117,57	(134,03) kr. pr. tonn
VM4 m <sup>3</sup> .....	29,41	( 33,53) kr. pr. tonn
VM4 kWh .....	1,96	( 2,23) kr. pr. tonn

##### 4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á ári:

MV1 Fyrir mæla allt að 3/4" .....	9.585,00	(10.927,00) kr.
MV2 Fyrir mæla eða hemla 1" – 2" .....	19.096,00	(21.769,00) kr.
MV3 Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri .....	38.284,00	(43.644,00) kr.

## 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

## 6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

## 7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss

utanmál (m<sup>3</sup>) \* Heimæðargjald

Allt að 400	kr.	140.192,00	(159.819,00)			
400- 2.000	kr.	140.192,00	(159.819,00)	fyrir	400 m <sup>3</sup> +	111,94 (127,61) kr./m <sup>3</sup> þar yfir.
2.000- 6.000	kr.	319.347,00	(364.056,00)	fyrir	2.000 m <sup>3</sup> +	94,48 (107,71) kr./m <sup>3</sup> þar yfir.
6.000-10.000	kr.	697.043,00	(794.629,00)	fyrir	6.000 m <sup>3</sup> +	84,25 (96,05) kr./m <sup>3</sup> þar yfir.
Yfir 10.000	kr.	1.034.043,00	(1.178.809,00)	fyrir	10.000 m <sup>3</sup> +	73,14 (83,38) kr./m <sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða:

Fyrir mæli allt að 3/4" .....	20.573,00	(23.453,00) kr.
Fyrir mæli allt að 2" .....	46.146,00	(52.606,00) kr.
Fyrir mæli allt að 3" .....	82.466,00	(94.022,00) kr.

í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

## 8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest sé ekki áformað að hita hluta húsnæðis.

## III. KAFLI

## 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

## 10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur ..... 3.183,00 (3.629,00) kr. hverju sinni.

## 11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## 12. gr.

Virðisaukaskattur, 14,0%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldkrá þessari, nema á sölu vatns til annars en húshitunar þar sem virðisaukaskatturinn er 24,5%. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

## IV. KAFLI

## 13. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, sbr. lög nr. 10, 19. mars 2001 um Hitaveitu Suðurnesja hf. og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir heitt vatn. Vestmannaeyjar, nr. 453, 20. júní 2003.

*Iðnaðarráðuneytinu, 9. júlí 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## REGLUGERÐ

**um verðjöfnun við útflutning á fullunnum vörum  
sem innihalda landbúnaðarhráefni.**

## 1. gr.

Við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda að einhverjum hluta þau innlendu hráefni sem talin eru upp í 3. gr., er heimilt að greiða mismun á verði viðkomandi hráefna á heimsmarkaði og innanlands til verðjöfnunar. Með útflutningi er í reglugerð þessari átt við sölu vöru til útlanda, í tollfrjálsa verslun, í tollfrjálsa forðageymslu fyrir för í millilandaferðum eða á varnarsvæði samkvæmt varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna.

## 2. gr.

Til að verðjöfnun nái til vörunnar skal hún falla undir eftirfarandi vöruliði og tollskrárnúmer, sbr. viðauka I við lög nr. 55/1987 með síðari breytingum:

0403.1011	1517.1001	1806.9011	1902.3021	2105.0011
0403.1012	1517.9002	1806.9023	1902.3031	2105.0019
0403.1013	1601.0022	1806.9025	1902.3041	2106.9041
0403.1019	1601.0023	1806.9026	1902.4021	2106.9048
0403.1021	1602.xxxx	1806.9028	1905.9011	2106.9059
0403.1022	1604.xxxx	1806.9029	1905.9051	2106.9064
0403.1029	1806.2003	1806.9039	1905.9090	2202.9011
0403.9011	1806.2004	1901.2017	2103.9051	2202.9012
0403.9012	1806.2005	1901.2023	2103.9052	2202.9013
0403.9013	1806.2006	1901.2024	2104.1011	2202.9014
0403.9014	1806.3101	1902.2021	2104.1012	2202.9015
0403.9019	1806.3109	1902.2022	2104.1021	2202.9016
0403.9021	1806.3202	1902.2031	2104.1022	2202.9017
0403.9022	1806.3203	1902.2041	2104.2001	2202.9019
0403.9029	1806.3209	1902.2042	2104.2002	

Greiðsla verðjöfnunar fyrir ofangreindar vörur fer eftir því magni landbúnaðarhráefnis sem notað er við framleiðslu viðkomandi vöru og verðjafnað er fyrir, sbr. 3. gr. Þó er ekki heimilt að verðjafna ef magn sérhverrar hráefnistegundar er umfram 60% af heildarþunga.

## 3. gr.

Upphæð verðjöfnunar á hvert kíló hvernar tegundar hráefnis er mismunur á innlendu og erlendu viðmiðunarverði í samræmi við neðangreinda töflu:

<i>Landbúnaðar- hráefni</i>	<i>Innlent viðmiðunarverð kr./kg/l</i>	<i>Erlent viðmiðunarverð kr./kg/l</i>	<i>Verðjöfnun kr./kg/l</i>
Mjólk	60	26	34
Undanrenna	60	7	53
Rjómi 36%	529	250	279
Nýmjólkurduft	350	99	251
Undanrennuduft	339	66	273
Smjör	259	115	144
Ostur	717	266	451
Egg, skurnlaus	298	131	167
Nautgripakjöt, beinlaust	576	279	297
Kindakjöt, beinlaust	609	413	196
Svínakjöt, beinlaust	455	111	344
Kjúklingakjöt, beinlaust	625	564	61
Hrossakjöt, beinlaust	239	110	129

Í þeim tilfellum þegar afskurður af kjöti er notaður sem hráefni, t.d. í hakk, fars o.þ.h. skal nota margföldunarstuðulinn 0,65 við útreikning verðjöfnunar.

## 4. gr.

Sækja skal um heimild til verðjöfnunar til landbúnaðarráðuneytisins eigi síðar en ári eftir að útflutningur á sér stað. Sækja skal sérstaklega um verðjöfnun fyrir hverja vörutegund. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði skal innihalda upplýsingar um:

- Umsækjanda/útflytjanda.
- Tollflokkun vöru.
- Uppskrift sem gerir grein fyrir hráefnanotkun og samsetningu vöru.

Ráðuneytið getur krafist annarra gagna ef þörf krefur. Ráðuneytið heimilar greiðslu verðjöfnunar fyrir viðkomandi vöru að uppfylltum skilyrðum reglugerðarinnar og reiknar út upphæð verðjöfnunar á hvert kíló viðkomandi vörutegundar. Ráðuneytið tilkynnir umsækjanda og tollstjóranum í Reykjavík ákvörðun sína þar sem fram kemur tilvísunarnúmer vegna heimildar til verðjöfnunar. Verðjöfnunarheimild er að hámarki veitt til tveggja ára í senn.

## 5. gr.

Sé þess óskað skal umsækjandi afhenda ráðuneytinu sýnishorn af vörum sem verðjöfnun nær til. Ennfremur skal framleiðandi viðkomandi vöru halda nákvæmt bókhald yfir magn og verð þeirra hráefna sem notuð eru til framleiðslunnar og láta þær upplýsingar ráðuneytinu í té, sé þess óskað. Umsækjanda ber skylda til að tilkynna breytingar á hráefnisnotkun til ráðuneytisins sem gefur út nýja heimild til verðjöfnunar ef ástæða er til.



## 6. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík annast greiðslu verðjöfnunar. Umsækjandi sækir um greiðslu verðjöfnunar til tollstjórans í Reykjavík eða tollstjóra í umdæmi útflutningshafnar sem framsendir umsókn til tollstjórans í Reykjavík. Tollstjóri skal greiða verðjöfnun á vöru sem flutt hefur verið út í samræmi við verðjöfnunarheimild, sbr. 4. gr., enda sé sýnt fram á með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að útflutningur hafi átt sér stað t.d. með framvísun útflutningsskýrslu eða framvísun á sölureikningi með áritaðri staðfestingunni tollgæslu.

Í umsókn skal koma fram tilvísunarnúmer vegna heimildar til verðjöfnunar og farm-skrárnúmer vegna útflutnings vörunnar. Tollstjórinn í Reykjavík getur krafist annarra gagna sem hann telur nauðsynleg. Greiðsla verðjöfnunar skal eiga sér stað innan viku frá því að fullnægjandi gögn hafa borist honum, sbr. reglugerð nr. 228/1993 um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra.

Upphæð verðjöfnunar skal reiknuð samkvæmt þeim reglum sem í gildi voru er útflutningur átti sér stað.

## 7. gr.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi sem upp kann að koma vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar.

## 8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 82. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 85. gr. A. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 259/1996, með síðari breytingum.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á kartöflufögum frá Noregi.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar fjármálaráðherra tollkvóta skv. sérstökum samningi milli Íslands og Noregs, dags. 22. mars 2000, um viðskipti milli landanna og á grundvelli 6. gr. B í tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, og í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993. Reglugerð þessi gildir um innflutning á kartöflufögum frá Noregi og með upprunavottorð þaðan.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
2005.2002	Kartöflur: Sneiddar eða skornar.	15.08.03 - 31.12.03	15.000	0	0
2005.2003	Nasl svo sem skífur, skrúfur, hringir, keilur, stangir o.þ.h., þó ekki úr kartöflumjöli.				

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Tollkvóta er úthlutað skv. auglýsingu fjármálaráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Tollkvóta er úthlutað í þremur hlutum, 5000 kg hver hluti. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt XIV. kafla tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 6. mgr. 6. gr. B tollalaga, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 31. desember 2003.

*Fjármálaráðuneytinu, 7. júlí 2003.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Jón Björk Guðnadóttir.*

## ÚTHLUTUNARREGLUR

### safnasjóðs.

## 1. gr.

*Hlutverk safnasjóðs.*

Hlutverk safnasjóðs er að styrkja starfsemi safna.

## 2. gr.

*Úthlutanir úr safnasjóði.*

Safnaráð úthlutar úr sjóðnum rekstrarstyrkjum og verkefnastyrkjum til safna. Höfuðsöfn og önnur söfn, sem rekin eru af ríkinu, geta ekki notið styrkja úr safnasjóði.

## 1. Rekstrarstyrkir.

Til þess að geta sótt um rekstrarstyrki þarf safn að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Safnið skal hafa sjálfstæðan fjárhag og vera stjórnað af forstöðumanni í a.m.k. hálfu starfi.
2. Safnið skal starfa eftir stofnskrá sem hlotið hefur staðfestingu safnaráðs og skal starfa eftir stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti.
3. Safnið skal rekið faglega að mati safnaráðs og fjárhagsgrundvöllur þess skal vera tryggður. Safnið sendi með umsókn sinni ársskýrslu og ársreikning ásamt rekstrar- og verkefnaáætlun í upphafi hvers árs. Í ársskýrslu skal koma fram hvernig opnunartíma safnsins var háttað, fjöldi safngesta, fjöldi sýninga og atburða, staða skráningar, t.d. hve stór hluti safnsins er skráður, aðföng, önnur veitt þjónusta og rannsóknir. Safnið sendi með umsókn sinni söfnunar- og sýningarstefnu.
4. Safnið skal vera opið almenningi daglega á auglýstum tíma a.m.k. þrjá mánuði á ári.
5. Safnið skal bjóða upp á safnfræðslu eftir því sem við verður komið.
6. Safnið skal skrá safngripi eftir viðurkenndu skráningarkerfi. Beitt skal viðurkenndum aðferðum við forvörslu muna.
7. Safnið skal fylgja viðurkenndum alþjóðlegum siðareglum safna, birtar af ICOM, alþjóðaráði safna.

## 2. Verkefnastykir.

Öll söfn sem safnalög ná til geta sótt um verkefnastycki til safnasjóðs. Söfn geta sótt sameiginlega um styrk til samstarfsverkefna.

Safnaráð úthlutar styrkjum til eftirtalinna verkefna:

1. Stefnumótun á sviði safnastarfs
2. Skráningarverkefni.
3. Rannsóknir á vegum safna.
4. Öryggismál safna.
5. Varðveislumál safna.
6. Fræðsluverkefni.
7. Sýningar.
8. Markaðssetning.
9. Forvarsla.
10. Merking safna.
11. Endurmenntun og menntun safnamanna.
12. Annað: Önnur verkefni en þau, sem þegar hafa verið talin og safnaráð metur styrkhæf hverju sinni.

Áður en til styrkveitingar kemur, metur safnaráð, hvort það telur umsókn styrkhæfa og ákveður upphæð styrks. Safnaráð metur styrkhæfi með tilliti til verkefnis og gildi þess fyrir safnastarf almennt.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk sama ár og honum er úthlutað, fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn um frestun skal vera skrifleg og rökstudd.

## 3. gr.

*Auglýsing um styrki úr safnasjóði.*

Safnaráð auglýsir ár hvert eftir umsóknum um styrki úr safnasjóði í dagblöðum eða með öðrum sannanlegum hætti.

## 4. gr.

*Almennt um umsóknir.*

Umsóknum skal skilað á umsóknareyðublaði safnaráðs. Umsóknir um verkefnastyrk skulu bera greinilega með sér til hvers og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Þeim skulu fylgja eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur.
2. Nafn þess, er annast samskipti við stjórn sjóðsins.
3. Nákvæm lýsing verkefnisins.
4. Tíma- og kostnaðaráætlun.

## 5. gr.

*Eftirlit safnaráðs.*

Safnaráð hefur eftirlit með því, að styrkir séu notaðir til þess, sem getið var í umsókn-um. Styrkþegum er skylt að kynna fulltrúa safnaráðs stöðu verksins, sé þess óskað. Safnaráð getur óskað eftir áfangaskýrslum, ef þurfa þykir, safnaráði að kostnaðarlausu. Hægt er að svipta umsækjanda styrk, telji safnaráð að verkið sé ekki unnið í samræmi við umsókn og innsend gögn. Að verkefni loknu kynnir styrkþegi árangur og niðurstöður fyrir safnaráði með skriflegri skýrslu.

## 6. gr.

*Gildistaka.*

Úthlutunarreglur þessar eru settar skv. heimild í 10. gr. safnalaga nr. 106/2001 og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 6. maí 2003.

Safnaráð:

**Margrét Hallgrímsdóttir** formaður.

Gísli Sverrir Árnason. Jóhann Ásmundsson. Ólafur Kvaran. Jón Gunnar Ottósson.

Með vísan til 10. gr. safnalaga nr. 106/2001, eru úthlutunarreglur þessar hér með staðfestar.

*Menntamálaráðuneytinu, 6. maí 2003.*

**Tómas Ingi Olrich.**

Guðmundur Árnason.

2. júlí 2003

Nr. 538

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Hafnarfirði.

*Þrúðvangur 3.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 1. apríl 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðarhverfi í Norðurbæ“ vegna Þrúðvangs 3. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Norðurvangur 15-25.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 29. apríl 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Íbúðarhverfi í Norðurbæ“ vegna Norðurvangs 15-25. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Brattakinn 1 og 3 og Grænakinn 2 og 4.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 27. maí 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Lækjargata, Hringbraut og Brattakinn“ vegna Bröttukinnar 1 og 3 og Grænakinnar 2 og 4. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 2. júlí 2003,*

**Anna Margrét Tómasdóttir** arkitekt,  
bæjarskipulagi Hafnarfjarðar.

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir sjálfseignarstofnunina, Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar.**

1. gr.

Heiti sjálfseignarstofnunarinnar er: Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar.

2. gr.

Heimilisfang sjálfseignarstofnunarinnar er: Hafnarstræti 10, 470 Þingeyri, Dýrafirði.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að varðveita og viðhalda vélsmiðjunni sem lifandi safni um sögu og þróun iðnaðar á Íslandi á 20. öld.

4. gr.

Stofnendur eru: Camilla Sigmundsdóttir, kt. 050817-7099, Gerður Matthíasdóttir, kt. 100749-3279, Guðmundur Jón Matthíasson, kt. 221259-3279, Jónas Matthíasson, kt. 070544-2299.

5. gr.

Stofnendur leggja eftirfarandi eignir fram sem stofnfé:

1. Fasteignina Hafnarstræti 10, Ísafjarðarbæ, fast.nr. 212-5578.
2. Innréttingar, vélar, verkfæri, efnisvörur og skjöl, sem í þessari fasteign eru og tilheyra þeim rekstri sem þar var stundaður.
3. Stofnfé, kr. 1.000.000, -eina milljón króna-.

## 6. gr.

Tekjuafgangur sem verða kann af rekstri skal renna til stofnunarinnar sjálfrar. Sama gildir um aðrar tekjur, gjafir og framlög, sem henni kunna að áskotnast, jafnt frá opinberum aðilum sem fyrirtækjum og einstaklingum.

Stjórn er heimilt að veita fé úr sjóðum stofnunarinnar, eftir efnum og ástæðum, til málefna er hún telur skyld og/eða styðja starfsemi stofnunarinnar.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa: Gerður Matthíasdóttir, Guðmundur Jón Matthíasson, Jónas Matthíasson.

Segi stjórnarmaður sig úr stjórn, skal hann skipa annan fyrir sig, maka, afkomanda eða skyldmenni. Verði stjórnarmaður ófær um að sinna stjórnarstörfum eða falli hann frá, skulu lögerfingjar hans skipa mann í hans stað úr sínum röðum eða annað skyldmenni. Sé ekkert skyldmenni fyrir hendi eða tekur ekki tilnefningu er heimilt að tilnefna hvern þann sem aðrir stjórnarmenn geta sætt sig við.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti. Sitji einn hjá og atkvæði falla jöfn, skal varpa hlutkesti.

Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu.

## 8. gr.

Reikningsár skal vera almanaksárið.

Reikningshald skal vera í samræmi við lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá.

Stjórnin skal ganga frá ársreikningi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda, eigi síðar en 1. júní ár hvert.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að 2/3 hlutar stjórnar séu því samþykkir.

## 10. gr.

Verði stofnunin lögð niður skv. 6. gr. laga nr. 19, 5. maí 1988, skulu fasteign og munir renna til Þjóðminjasafns Íslands, en sjóðseign í Minningarsjóð Estívu Björnsdóttur.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Hafnarfirði, 18. mars 2003.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 2003.*

F. h. r.  
**Drífa Pálsdóttir.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## REGLUR

### um viðbótareiginfjárlið fyrir fjármálafyrirtæki.

#### 1. gr.

Til eiginfjárþáttar A, sbr. 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er heimilt að telja skuldabréf sem uppfylla skilyrði 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar.

#### 2. gr.

Skuldabréf samkvæmt 1. gr. skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Skuldabréfið tilgreini ekki gjalddaga.
2. Endurgreiðsla höfuðstóls skuldabréfs er einungis heimil samkvæmt ákvörðun útgefanda að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og í fyrsta lagi 10 árum frá útgáfudegi skuldabréfs. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er háð því að eigið fé útgefanda eftir endurgreiðsluna sé viðunandi að mati eftirlitsins.
3. Vaxtagreiðslur eru einungis heimilar innan þeirra marka sem óráðstafað eigið fé leyfir, enda séu lágmarks eiginfjárkröfur jafnframt uppfylltar eftir að tekið hefur verið tillit til vaxtagreiðslna. Komi ekki til vaxtagreiðslna á tilteknu ári eða áráðabili safnast þær ekki upp. Heimilt er að endurskoða í eitt skipti þá vexti sem kveðið er á um í skuldabréfinu, fyrst að 10 árum liðnum frá útgáfu bréfsins. Endurskoðunin má ekki leiða til þess að fjármagnskostnaður útgefanda á síðara tímabilinu verði hærri en endurskoðaður vaxtagrunnur að viðbættu upphaflegu áhættuálagi en að frádregnum mismuninum á endurskoðaða vaxtagrunninum miðað við upphaflega útgáfu bréfsins annars vegar og upphaflega vaxtagrunninum hins vegar og að viðbættu 1% stigi eða 50% af upphaflega áhættuálaginu, sbr. ennfremur formúlu síðar í þessum tölulið. Með upphaflegu áhættuálagi er átt við áhættuálag, svonefnt útlánaálag, ofan á upphaflegan vaxtagrunn, t.d. vexti af ríkisskuldabréfum með svipaðri tímalengd og endurskoðunarákvæði vaxta miðast við. Vaxtagreiðslur samkvæmt þessum tölulið skulu miðast við niðurfærðan höfuðstól, sbr. 4. tl., sé um slíkt að ræða. Formúla fyrir endurskoðaða vexti er eftirfarandi: Endurskoðaðir vextir =  $EVG + UÁÁ - (EVGU - UVG) + 1\%$  eða  $+ (50\% * UÁÁ)$ , þar sem EVG er endurskoðaður vaxtagrunnur; UÁÁ er upphaflegt áhættuálag; EVGU er endurskoðaður vaxtagrunnur miðað við upphaflega útgáfu bréfsins og UVG er upphaflegur vaxtagrunnur.
4. Unnt sé að færa niður höfuðstól skuldabréfsins til að mæta rekstrartapi hjá útgefanda enda sé undanfari slíkrar niðurfærslu að eigið fé útgefanda hafi farið niður fyrir kröfur um lágmark eigin fjár eins og þær eru á hverjum tíma. Uppfylli útgefandi kröfur um lágmarks eigin fé á nýjan leik er heimilt að færa niðurfærslu höfuðstólsins til fyrra horfs að hluta eða öllu leyti.
5. Við gjaldþrot eða slit útgefanda séu kröfur samkvæmt skuldabréfinu, að meðtöldum þeim hluta sem samsvarar niðurfærslu sbr. 4. tl., greiddar á eftir öllum öðrum kröfum á útgefanda en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár.

#### 3. gr.

Útgefandi skuldabréfs samkvæmt 1. gr. skal hafa fengið andvirði þess til ráðstöfunar.

Skuldabréfið má ekki vera tryggt af útgefanda eða ábyrgt af aðilum tengdum útgefanda eða með neinum öðrum hætti, sem lagalega eða fjárhagslega gefur kröfuhafa forgang eða betri rétt gagnvart öðrum kröfuhöfum.

Skuldabréfið skal bókfært undir liðnum víkjandi skuldir í reikningsskilum og vextir samkvæmt 3. tl. 2. gr. skulu bókfærðir sem vaxtagjöld.

Samtala skuldabréfa samkvæmt 1. gr. má að hámarki nema 15% af eiginfjárbætti A í eiginfjáruitreikningi og gildir sú regla bæði fyrir móðurfélag og samstæðu.

## 4. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 10. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármála-fyrirtæki, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 852/2000, um við-bótareiginfjárlið fyrir viðskiptabanka, sparisjóði, aðrar lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfa-þjónustu, með áorðnum breytingum sbr. reglugerð nr. 964/2000.

*Fjármálaeftirlitinu, 30. júní 2003.*

**Páll Gunnar Pálsson.**

**Ragnar Hafliðason.**

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hvamms, land stéttarfélagsins Eflingar, Skorradalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Skorradalshrepps þann 9. apríl 2003 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hvamms, land stéttarfélagsins Eflingar, Skorradalshreppi.

Deiliskipulagið felur í sér heildarendurskoðun á gildandi deiliskipulagi frá 23. ágúst 1995 og með gildistöku þess fellur eldra deiliskipulag fyrir sama svæði úr gildi. Deiliskipu-lagið nær til 14 ha lands og gert er ráð fyrir 9 frístundalóðum.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grund, 9. júlí 2003.*

F.h. sveitarstjórnar Skorradalshrepps,

**Davíð Pétursson** oddviti.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2002 – 2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 4. júlí 2003 staðfest aðalskipulag Ásahrepps 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerðir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Ásahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipu-lagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 4. júlí 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*



## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi á íþróttasvæðinu á Torfnesi, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi á íþróttasvæðinu á Torfnesi á Ísafirði. Breytingin felur í sér að afmörkun þess svæðis sem deiliskipulagið tekur til breytist, fyrirkomulag bílastæða breytist, byggingarreitur fyrir sundlaug er afmarkaður og íþróttahús er innan skipulagssvæðisins.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 3. júlí 2003.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi,

**Stefán Brynjólfsson.**

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Rangárvalla og Rangárvallaafréttar í Rangárþingi ytra 2002 – 2014 og aðalskipulagi Holta- og Landsveitar í Rangárþingi ytra 2002-2014.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 4. júlí 2003 staðfest aðalskipulag Rangárvalla og Rangárvallaafréttar í Rangárþingi ytra 2002 - 2014 og aðalskipulag Holta- og Landsveitar í Rangárþingi ytra 2002-2014.

Uppdrættir og greinargerðir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunirnar og Skipulagsstofnun afgreitt þær til staðfestingar.

Aðalskipulög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Hellu 1977-1998, með síðari breytingum.

*Umhverfisráðuneytinu, 4. júlí 2003.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

